**allt**

GUÐRÚN ARNFINNSDÓTTIR

*Undirbýr jólin í tíma*

• jól • matur • tilboð • langur laugardagur

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**BIRTA**

SOLLA OG SAMMI

*Systkini í lagi*

• matur • jólaföt • heilsa

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU**




SÁLIN HANS JÓNS MÍNS

*Hvaða lag ert þú með á heilanum?*

**FÓLK 54**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. desember 2005 — 326. tölublað — 5. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 550 5000


## Baltasar Kormákur

Kvikmynd hans A Little Trip to Heaven hefur verið valin í Premier-flokk Sundance-kvikmyndahátíðarinnar, sem þykir ein sú virtasta í heimi.



**FÓLK 70**

## Hinn óhreini tónn

Hannes Hólmsteinn Gissurarson kveinkar sér ekki þó gengið hafi verið hart að honum í Kastljósi en þykir Einar Kárason hafa mátt vanda sig betur í Jónsbók.

**UMRÆÐAN 36**

## Veislunni lýkur með dansleik

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra heldur upp á fimmtugsafmæli sitt í Bolungarvík í kvöld.

**TÍMAMÓT 42**

## KR vann borgarslaginn

KR gerði góða ferð í Breiðholtið þar sem það lagði ÍR í Seljaskóla. Njarðvík er enn á toppi Iceland Express-deildarinnar í körfubolta með fullt hús stiga eftir sigur á Hetti.



**ÍÞRÓTTIR 66**

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMULÍTIÐ Í BORGINNI** Rigning eða slydda suðaustan til, snjókoma á Vestfjörðum, annars víða él, síst suðvestan til. Hiti 0-3 stig syðra en vægt frost á norðanverðu landinu.

**VEÐUR 4**


Lestur meðal 25-49 ára

**Atvinnuleitin hefst í Fréttablaðinu**




Allt atvinna. á sunnudegi

Atvinnublað Morgunblaðsins


# Brýnt að flugvöllur verði við sjúkrahúsið

**Forstjórar Landspítalans og Landhelgisgæslunnar segja að rísi nýtt hátæknisjúkrahús í Vatnsmýrinni sé brýnt að flugvöllurinn verði þar áfram. Óraunhæft sé að sinna öllu sjúkraflugi með þyrlum því þær séu hægfleygari og dýrari en flugvélar.**

**FLUGVALLARMÁL** „Það er lífsnauðsynlegt að hafa sjúkraflugvöll við hátæknisjúkrahúsið,“ segir Benóný Ásgrímsson, yfirflugstjóri hjá Landhelgisgæslunni.

„Um 500 sjúkraflug eru farin á ári og þar af sinna þyrlur um hundrað og því teldi ég það mikið ógæfuspor að ætla að reyna að sinna öllu sjúkraflugi með þyrlum,“ bætir hann við.

„Það er einnig mín skoðun að það væri mikið óréttlæti gagnvart landsbyggðarfólki að á sama tíma og eytt er tugum milljarða af fé allra landsmanna í hátæknisjúkrahús sé aðgengi landsbyggðarmanna skert til þess að komast í hið sama sjúkrahús. Þar af leiðandi er verið að auka hættuna á enn meiri skaða þegar slys eða veikindi ber að á landsbyggðinni og verið að auka á þjáninguna sem verður í slíkum tilfellum. Fjármunirnir færu þannig í að bæta heilbrigðismál Reykvíkinga meðan þau versnuðu fyrir fólk úti á landi,“ segir Benóný.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunar, segir það rétt hjá Benóný að ekki sé hægt að sinna öllu sjúkrafluginu með þyrlum en vill þó ekki taka afstöðu til þess hvort flugvöllurinn verði að vera áfram í Vatnsmýrinni ef hátæknisjúkrahúsið verði byggt við Hringbrautina. Benóný segir að málið hafi verið hugsað upphaflega í þessu samhengi: „Ég man ekki betur en að ein af forsendunum fyrir því að sjúkrahúsið ætti að rísa við Hringbraut en ekki í Fossvogi hafi verið sú að þar væri gott aðgengi fyrir sjúkrabíla og sjúkraflug,“ segir hann.

„Það skiptir kannski ekki höfuðmáli hvort flugvöllurinn sé í Vatnsmýrinni eða á Lönguskerjum en ef hann er færður til Keflavíkur hlýtur það að þýða að sjúklingar verða lakar settir sem hingað þurfa að leita, það er alveg augljóst,“ segir Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans. Hann telur það ekki raunhæft að sinna öllu sjúkraflugi með þyrlum enda væri það allt of dýrt. Jóhannes M. Gunnarsson, lækningaforstjóri hjá LSH, tekur í sama streng. „Það er rétt hjá Landhelgisgæslunni, þyrlur eru mun hægfleygari og mörgu leyti óhagstæðari.“ **- jse**



**BOND Á BESSASTÖÐUM** Leikarinn góðkunni Sir Roger Moore og eiginkona hans Lady Kristina ásamt forsetahjónunum á Bessastöðum í gær. Moore kom hingað til lands sem góðgerðarsendiherra UNICEF. **Sjá síðu 8.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögreglan rannsakar hvarf áfengis úr vörugeymslu fyrir tollskyldan varning:

# Tollvörður grunaður um þjófnað

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík rannsakar nú hugsanlega aðild tollvarðar að þjófnaðarmáli. Fjórir einstaklingar sem störfuðu hjá Samskipum urðu þá uppvísir að því að stela áfengi sem geymt var í vöruhúsi fyrir tollskyldan varning sem átti að fara til förgunar. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins leikur grunur á að umræddur tollvörður hafi tekið hluta af áfenginu.

Fólkið sem um ræðir vann hjá Samskipum og dótturfyrirtæki þess. Það hafði aðgang að vöruhúsi, þar sem tollskyldur varningur er geymdur, mismikinn þó. Þegar grunur vaknaði um að áfengið hefði ekki skilað sér allt til förgunar höfðu yfirmenn viðkomandi sviðs Samskipa samband við tollyfirvöld og lögreglu um rannsókn málsins. Starfsmennirnir fjórir reyndust hafa tekið áfengi í mismiklum mæli.

Snorri Olsen tollstjóri segir rétt að hafa það í huga þegar eitthvað af þessum toga gerist að menn séu saklausir þar til annað komi í ljós.

„Það er mjög eðlilegt að svona mál séu skoðuð af okkar hálfu, út frá okkar sjónarmiðum um öryggiseftirlit, hvort eitthvað bjáti á í okkar framkvæmd. Þá getur auðvitað komið í ljós að eitthvað sé ekki með felldu. Það fer síðan eftir því hvað sannast í svona máli hver viðbrögðin eru,“ segir hann og kveður brot í starfi vera meðhöndluð samkvæmt gildandi starfsmannalögum opinberra stofnana. Viðbrögð geti verið allt frá tiltali eða skýringu á reglum til brottvikningar samkvæmt lögbundinni framkvæmd. Snorri sagði að viðkomandi tollverði hefði ekki verið vikið úr starfi, enda stæði rannsóknin enn yfir.

Ásgeir Karlsson, yfirlögregluþjónn fíkniefnadeildar lögreglunar, kvaðst staðfesta að þetta hefði gerst en sagði jafnframt að ekki yrðu gefnar efnislegar upplýsingar um þetta mál meðan rannsókn á því stæði yfir. **- jss**



**JÓN ODDUR OG JÓN BJARNI** Öll fjölskyldan gat skemmt sér saman yfir myndinni sem gerð var eftir sögu Guðrúnar Helgadóttur.

Sögur Guðrúnar Helgadóttur:

# Öðruvísi dagar kvikmyndaðir

**BARNAMYND** Margrét Örnólfsdóttir og Inga Lísa Middleton eru að skrifa handrit að nýrri barnamynd eftir bók Guðrúnar Helgadóttur, Öðruvísi dagar. Engin kvikmynd hefur verið gerð eftir sögum Guðrúnar síðan Jón Oddur og Jón Bjarni birtust á hvíta tjaldinu.

Margrét og Inga Lísa eru vanar því að vinna saman því þær eru höfundar að nýju jóladagatali Stöðvar 2 sem nefnist Galdrabókin. Nánar er fjallað í Birtu um Galdrabókina, sem er eitt stærsta verkefni á framleiðslu barnaefnis sem ráðist hefur verið í á Íslandi. **- eö**

Björgólfur Thor í fimm löndum:

# Símakaup fyrir 160 milljarða

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingar Novators, eignarhaldsfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, í evrópskum símafélögum nema að minnsta kosti 160 milljörðum króna. Stærst þessara fjárfestinga er í BTC í Búlgaríu en Björgólfur á um 75 prósent hlutabréfa í félaginu.

Verðmæti BTC hefur fimmfaldast frá því að fyrirtækið var einkavætt árið 2004 en markaðsvirði félagsins er um 150 milljarðar króna.

Markaðsvirði eignarhluta Björgólfs í símafélögunum Elisa í Finnlandi og CRa í Tékklandi er hvort um sig yfir tuttugu milljarðar króna. Þá á Novator stóra hluti í Netia Mobile, næststærsta símafélagi Póllands, og gríska fjarskiptafyrirtækinu FORTH net. **- eþa /****sjá síðu 40**


PÓSTURINN

allur pakkinn

5.12.

Síðasti öruggi skiladagur

á jólapökkum til landa utan Evrópu!



www.postur.is



## SPURNING DAGSINS

*Jón Hilmar, er þetta sannkallaður spennutryllir?*

„Ja, það þykja sjálfsagt nýmæli þegar orðabækur eru lesnar eins og glæpasögur.“

Jón Hilmar Jónsson ritstýrir Stóru orðabókinni um íslenskt málfar sem velti Vetrarborginni eftir Arnald Indriðason úr efsta sæti sölulista Pennans.

Bréfaskipti dómsmálaráðherra og ríkissaksóknara taka af tvímæli um saksókn:

# Tilkynnir vanhæfi bréflega

**BAUGSMÁL** Bogi Nilsson ríkissaksóknari hefur með bréfi til dómsmálaráðherra, dagsettu 24. nóvember, sagt sig formlega frá saksókn í þeim átta ákæruliðum Baugsmálsins sem enn eru til meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hafði áður þennan sama dag óskað eftir því bréflega að Bogi upplýsti og staðfesti formlega að hann hefði vikið sæti í umræddum hluta málsins.

Bogi segir í svarbréfi sínu til dómsmálaráðherra sama dag að vanhæfisástæður sínar eigi við ákæruliðina átta ekkert síður en hina 32 sem vísað var frá dómi. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að Bogi hefði aldrei sagt sig formlega frá meðferð ákæruliðanna átta. Af þeim sökum hefði ekki verið formlega rétt staðið að því að setja Sigurð Tómas Magnússon saksóknara í þeim hluta málsins.



**BOGI NILSSON RÍKISSAKSÓKNARI** Bogi telur sig hafa verið vanhæfan í öllu Baugsmálinu en staðfestir það formlega í nýju bréfi til dómsmálaráðherra.

Sigurður kærði þessa niðurstöðu til Hæstaréttar og er búist við niðurstöðu dómsins á næstu dögum.

Bréfaskrifin fela í sér að Sigurður Tómas hlýtur nú formlega að teljast bær til þess að fjalla um ákæruliðina átta. Taki hann sæti hafa verjendur lýst því að þeir muni krefjast dómsúrskurðar um hæfi dómsmálaráðherra til að skipa Sigurð. **- jh**

Róstusamt í Ramadi:

# Skæruliðar aðsópsmiklir

**BAGDAD, AP** Uppreisnarmenn í borginni Ramadi í vesturhluta Íraks skutu eldflaugum að stjórnarbyggingum og bandarískum varðstöðvum í gær. Engan sakaði þó í árásunum sem helst virðast hafa verið framdar í áróðursskyni. Skömmu eftir uppþotin héldu grímuklæddir skæruliðarnir hver sína leið.

Samtök súnníklerka hafa hvatt mannræningja í landinu til að láta fimm gísla af Vesturlöndum lausa hið fyrsta. Fjórir menn eru í haldi samtakanna Herdeildir hinna réttlátu sverða og þýsk kona er jafnframt í haldi uppreisnarmanna. Þýsk stjórnvöld hafa ekki ljáð máls á að semja við mannræningjana. ■

Þjóðarpúls Gallup:

# Samfylkingin tapar enn fylgi

**KANNANIR** Samfylkingin tapar fylgi sjötta mánuðinn í röð samkvæmt nýrri mælingu Þjóðarpúls Gallup. Að öðru leyti eru litlar breytingar á fylgi flokka í könnuninni, sem unnin var dagana 26. til 28. nóvember.

Samfylkingin mælist með rúmlega 25 prósenta fylgi, en var með um 28 prósenta fylgi í síðustu könnun Þjóðarpúlsins.

Framsóknarflokkurinn mælist með tæplega ellefu prósenta fylgi, en var með um níu prósent síðast.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með tæp 43 prósent, eykur fylgið um tvö prósentustig.

Frjálslyndi flokkurinn mælis svo með 3,5 prósenta fylgi, aðeins minna en í síðustu könnun Þjóðarpúlsins.

Þá eykst fylgi Vinstri grænna lítillega milli mánaða, en það fer úr tæpum sautján prósentum í tæp átján prósent. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**



**HÚS BRASILÍUMANNANNA** Brasilíumennirnir bjuggu á nokkrum stöðum meðan þeir voru í vinnu hjá Nýgifs. Þar á meðal hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að þeir hafi búið í risinu í þessu húsi við Herjólfsgötu 34 í Hafnarfirði. Á neðstu hæðinni var kaffistofa fyrir starfsmenn á byggingarsvæðinu við hliðina og á miðhæðinni voru skrifstofur fyrir verktakafyrirtækið sem þar var að byggja. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Við vorum svangir

**Brasilíumennirnir sem unnu við að setja upp gifsveggi fyrir Nýgifs fengu aldrei greidd mánaðarlaun. Ekki var gerður við þá skriflegur ráðningarsamningur. Þeir lögðu eitt sinn niður vinnu vegna þess að þeir áttu ekki peninga fyrir mat.**

**VINNUMARKAÐUR** Fimm Brasilíumenn, sem komu hingað til lands í sumar ásamt fleirum til að setja upp gifsveggi, sögðu í vitnaleiðslum fyrir Héraðsdómi Reykjaness í byrjun vikunnar að þeim hefði verið lofað 120 þúsund krónum á mánuði fyrir fimm daga vinnuviku, 500 krónum á tímann í aukavinnu, og húsnæði. Einn átti líka að fá hádegismat.

Mennirnir sögðu að Magnús Guðmundsson, eigandi Nýgifs, hefði ekki staðið við orð sín. Hann hefði aldrei borgað þeim á réttum tíma og aldrei heil mánaðarlaun í einu. Hann hefði borgað þeim 5-10 þúsund krónur öðru hvoru og einum mannanna þrjátíu þúsund og fimmtíu þúsund. Einn þeirra kvaðst hafa fengið 810 evrur, rúmlega sextíu þúsund krónur, kvöldið áður en mennirnir áttu að halda heim. Magnús hefði látið þá vinna 167 tíma samtals hvern án þess að greiða fyrir það.



**SKJÖLIN ÚR HÉRAÐSDÓMI REYKJANESS** Mennirnir mættu fyrir Héraðsdóm Reykjaness á mánudaginn og sögðu frá því að Magnús Guðmundsson, eigandi Nýgifs, hefði hótað að siga á þá lögreglunni og senda þá allslausa úr landi þegar þeir óskuðu eftir að fá borgað.

Hann „reddaði okkur stundum einhverjum smá pening,“ sagði einn mannanna fyrir Héraðsdómi.

Mennirnir sögðust hafa gert athugasemdir við Magnús út af laununum og hann hefði sagt þeim að hafa ekki áhyggjur. „Við stoppuðum meðal annars vinnuna í einn dag, því við áttum ekkert að borða,“ sagði einn mannanna og tveir sögðu að Magnús hefði þá hótað að senda lögregluna á þá og senda þá úr landi allslausa. Einn sagði: „Við vorum svöng, við vorum átta saman á vinnustað með eitt klósett.“

Brasilíumennirnir sögðu að þeim hefði verið lofað að búa fjórir saman í íbúð en þeir hefðu búið átta á sama stað. Þeir hefðu unnið fyrir ÍAV, fyrirtæki á Akranesi og líka heima hjá verkfræðingi, vini Magnúsar.

Í vitnaleiðslunum kemur fram að ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur við mennina og þeir ekki fengið launaseðla. Eitt sinn hafi þeir verið látnir skrifa undir óútfyllt blað og sagt að það væri til að þeir fengju dvalarleyfi.

Magnús hefur sagt Brasilíumennina hafa valdið sér tjóni með óvönduðum vinnubrögðum. Mennirnir sögðu fyrir Héraðsdómi að þeir hefðu strax bent honum á að hráefnið væri ekki nógu gott, gifsið myndi ekki festast á veggi og loft nema notað væri límið Bianco til að festa það. **ghs@frettabladid.is**

Nauðgunardómur þyngdur:

# Notaði dúkahníf við nauðgun

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur þyngdi í gær um hálft ár refsingu manns sem Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í apríl í tveggja ára fangelsi fyrir að nauðga konu sem hann hafði áður átt í sambandi við. Þá stóð ákvörðun um 700.000 króna miskabætur.

Nauðgunin átti sér stað á heimili mannsins 8. nóvember í fyrra, en þangað kom konan til að segja honum að sambandi þeirra væri endanlega lokið. Réðist maðurinn á hana og lagði hníf að hálsi hennar meðan á nauðguninni stóð.

Maðurinn bar að hann og konan hefðu sammælst um að eiga samfarir í síðasta sinn og það hafi gengið eftir umrætt kvöld. Dóminum þótti hann ekki trúverðugur, **- óká**



**THELMA ÁSDÍSARDÓTTIR**

Mannúðarmál:

# Thelma er ljósberi ársins

**VIÐURKENNING** Thelma Ásdísardóttir, sem nýlega hreif þjóðina með sér fyrir það hugrekki að segja frá þeirri reynslu sinni er hún var misnotuð af föður sínum og öðrum mönnum, mun í dag hlotnast sú viðurkenning að vera Ljósberi ársins. Það er skammt stórra högga á milli því í fyrradag var hún valin kona ársins af tímaritinu Nýju lífi við hátíðlega athöfn í Iðnó.

Að vali Ljósberans stendur samstarfshópur sem hefur það að markmiði að styrkja heilbrigðan lífsstíl barna og unglinga. **- jse**

ORÐABÓK FRAMTÍÐARINNAR
SVO MIKLU MEIRA EN HEFÐBUNDIN ORÐABÓK




METSÖLULISTI EYMUNDSSON aðallisti 30. nóv.

Yfirgripsmesta verk sem út hefur komið um íslenska málnotkun.




JPV ÚTGÁFA www.jpv.is

Rafræn útgáfa á geisladiski fylgir bókinni

Bókin er yfir 1600 bls. í stóru broti.

Félag byggingarmanna í Eyjafirði segir brotið á erlendum starfsmönnum:

# Segja launin vera langt undir lágmarkstaxta

**VINNUMARKAÐUR** Guðmundur Ómar Guðmundsson, formaður Félags byggingarmanna í Eyjafirði, segir tvö fyrirtæki á Akureyri, SS Byggi og Glugga, greiða tékkneskum starfsmönnum fyrirtækjanna lægri laun en lögbundnir lágmarkstaxtar kveði á um.

„Fyrirtækin fengu starfsmennina fyrir milligöngu sömu erlendu starfsmannaleigunnar og þau hafa bæði verið treg til að veita upplýsingar um kjör Tékkanna og þá sérstaklega SS Byggir. Samkvæmt þeim gögnum sem við höfum í höndunum eru launin verulega lægri en lágmarkslaun eiga að vera og munar þar tugum prósenta í sumum tilfellum,“ segir Guðmundur Ómar.



**IÐNAÐARMENN Á AKUREYRI** Vegna skorts á iðnaðarmönnum á Akureyri fengu SS Byggir og Gluggar starfsmenn fyrir milligöngu erlendrar starfsmannaleigu en formaður Félags byggingarmanna Eyjafirði segir fyrirtækin brjóta á réttindum þeirra.

Sigurður Sigurðsson, framkvæmdastjóri SS Byggis, telur að fyrirtækið sé ekki að hlunnfara starfsmennina. „Við greiðum starfsmannaleigunni umsamda upphæð en ef í ljós kemur að við erum að brjóta á réttindum Tékkanna verða launin leiðrétt,“ segir Sigurður.

Eyþór Jósepsson, framkvæmdastjóri Glugga, segir fyrirtækið hafa skilað öllum umbeðnum gögnum en hann er óhress með framgöngu Guðmundar Ómars í málinu. „Hann fullyrðir við hina og þessa að við séum lögbrjótar og í stað þess að leysa málin vill hann heldur skapa illindi. Í því liggur hans metnaður,“ segir Eyþór. **- kk**



# Líf og fjör
# um helgina
## í Smáralind

Ævintýrastemningin í Vetrargarðinum heldur áfram og er hinn landskunni **Afi á Stöð 2** þar í hlutverki gestgjafans. Hann fær til sín marga góða gesti um helgina. Þeirra á meðal eru **Sigga Beinteins**, **Grétar Örvarsson**, **jólasveinarnir**, **Heitar Lummur**, **Spark** og **Birgitta Haukdal**.

Í Vetrargarðinum höfum við skapað litla jólaveröld þar sem boðið verður upp á stórskemmtilegar jólaleiksýningar. Allir eru velkomnir og það kostar ekki eyri, eins og Afi sagði þegar hann tendraði jólaljósin í Vetrargarðinum um síðustu helgi.

**Dagskráin hefst kl. 14.00 og stendur til 16.30, laugardag og sunnudag.**




Verslanir opnar: Mán.-mið. 11-19, **fim. 11-21**, fös. 11-19,
lau. 11-18 og sun. 13-18 / smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM19500

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 1.12.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,01 | 63,31 |
| Sterlingspund | GBP | 109,08 | 109,62 |
| Evra | EUR | 74,21 | 74,63 |
| Dönsk króna | DKK | 9,954 | 10,012 |
| Norsk króna | NOK | 9,28 | 9,334 |
| Sænsk króna | SEK | 7,795 | 7,841 |
| Japanskt jen | JPY | 0,525 | 0,528 |
| SDR | XDR | 89,69 | 90,23 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**104,6155**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mál Litháanna á Akranesi í hnút eftir að rannsókn lögreglu lauk:

# Lögfræðingar taka næsta skref

**VINNUMARKAÐUR** „Þetta er ekki opinbert mál, það er alveg ljóst, og þar með er það ekki lögregla eða ákæruvald sem fara með það,“ segir Jón Sigurður Ólason, yfirlögregluþjónn á Akranesi.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, hefur lýst undrun sinni yfir því að lögreglurannsókn yfir fyrirtæki þar í bæ virðist ekki ætla að hafa neina eftirmála af hálfu lögreglunar þrátt fyrir að ljóst þyki að brotið sé á litháískum starfsmönnum þess. „Allt sem varðar ógreidd laun, vanefndir eða túlkun á kjarasamningum er einkamál og fer fyrir héraðsdóm. Í slíkum tilfellum er langalgengast að fólk leiti réttar síns hjá stéttarfélögum, sem eru flest með lögmenn sem fara svo í málið,“ segir Jón Sigurður.



**STARFSMANNABÚSTAÐURINN** Vinnuveitandinn Hjörleifur Jónsson þarf að vera búinn að finna starfsmönnum sínum annað húsnæði fyrir mánudag.

„Þar liggur hundurinn grafinn,“ segir Vilhjálmur, „og okkar viðbrögð verða þau að við munum fara yfir þetta mál með okkar lögfræðingi þannig að þessu máli er langt frá því að vera lokið. Lögreglan fór í þetta af miklu afli en hitt þykir mér verra að hún skuli ekki hafa umboð til að láta kné fylgja kviði,“ segir Vilhjálmur.

Þetta mál, sem spannst út af grunsemdum um að Trésmíði Hjörleifs Jónssonar á Akranesi stæði ólöglega að sínum starfsmannamálum, hefur undið upp á sig. Það er nú komið á borð fjögurra stofnana og eins verkalýðsfélags. Heilbrigðiseftirlitið hafði gert nokkrar athugasemdir við húsnæði starfsmannanna og segir Laufey Sigurðardóttir heilbrigðisfulltrúi að vinnuveitandi hafi frest fram á mánudag að finna þeim annað húsnæði.

Sakaður um áreiti:

## Sendir stúlkum dónaskilaboð

**LÖGREGLA** Reykvíkingur um fertugt er sakaður um að áreita unglingsstúlkur með SMS-sendingum, klámfengnum skilaboðum og myndum af sjálfum sér. Þá er hann sagður notast við spjallforrit á netinu við svipaða iðju.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, staðfestir að mál mannsins sé til skoðunar hjá embættinu.

Sjálfur ber maðurinn af sér sakir og segir að myndir sem voru í farsíma í hans eigu, sem komið var til lögreglu, séu komnar frá fyrri eiganda símans.

Maðurinn býr við nokkra félagslega einangrun og leiddist ungur út á afbrotabraut. Frá átján ára aldri hefur hann fengið á þriðja tug refsidóma, flesta fyrir auðgunarbrot en einnig fyrir brot á umferðarlögum. **- óká**

Ástrali í Singapúr:

## Tekinn af lífi fyrir smygl

**SINGAPÚR** Til stóð að hengja Nguyen Truon Van, 25 ára gamlan Ástrala af víetnömsku bergi brotinn, í fangelsi í Singapúr í nótt. Hann var tekinn með 400 grömm af heróíni á alþjóðaflugvelli borgarinnar árið 2002.



**NGUYEN TRUON VAN**

Þrátt fyrir mikinn þrýsting frá Áströlum ljáðu singapúrsk stjórnvöld ekki máls á að náða Van, en Phillip Ruddock dómsmálaráðherra segir dóminn „villimannlegan“. Að sögn BBC smyglaði hann efnunum til að losa bróður sinn undan fíkniefnaskuld.

420 manns hafa verið hengdir í Singapúr síðan 1991, flestir fyrir fíkniefnasmygl. ■

# Þrýsta á um svör við fangaflugsásökunum

**Vaxandi óánægju gætir nú víða í Evrópu yfir því að hægt virðist ganga að komast að því hvað sé hæft í ásökunum um fangaflug og leynifangelsi CIA. Í nafni ESB hefur breska stjórnin farið fram á skýringar frá bandarískum stjórnvöldum.**

**BRUSSEL, WASHINGTON, AP** Þingnefnd á Evrópuþinginu gagnrýndi í gær ríkisstjórnir Evrópusambandsríkja harkalega fyrir að bregðast ekki með fullnægjandi hætti við upplýsingum sem fram hefðu komið um starfsemi bandarísku leyniþjónustunnar CIA á evrópskri grundu. Í ályktun sem samþykkt var í borgararéttindanefnd þingsins segir að ásakanir um að CIA reki leynifangelsi í Austur-Evrópu og fljúgi með fanga fram og aftur um evrópska lofthelgi og flugvelli séu nú „ekki véfengdar“.

„Ég er alls ekki sannfærð um að það sé verið að gera nóg af hálfu stjórnvalda aðildarríkjanna til að komast til botns í þessu og finna hvað satt er,“ sagði Sarah Ludford, meðlimur nefndarinnar úr Frjálslynda demókrataflokknum í Bretlandi. „Við höfum nú fullnægjandi sönnunargögn um flug á vegum CIA. Nú verðum við að fá að vita hverjir voru um borð í þessum flugvélum og hvert þær fóru,“ sagði hún.

Á þriðjudag sendi breska stjórnin, sem gegnir formennskunni í ESB þetta misserið, stjórnvöldum í Washington bréf þar sem bent er á þær áhyggjur sem ásakanir um þessa meintu starfsemi CIA hafa valdið í Evrópu og kurteislega farið fram á skýringar. Fátt hefur verið um svör frá ráðamönnum vestanhafs fram til þessa. Sean McCormack, talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins, vildi á miðvikudag hvorki játa því né neita hvort ásakanirnar ættu við rök að styðjast. Hann vildi heldur ekki svara því hvort svörin sem Evrópumenn myndu fá við spurningum sínum yrðu til að skýra málið til fullnustu. Condoleezza Rice utanríkisráðherra heimsækir nokkrar höfuðborgir í Evrópu í næstu viku og víst þykir að þá komist hún ekki undan því að gefa einhver svör.



**EVRÓPUÞINGIÐ** Þingnefnd sakar ráðamenn ESB-ríkja um að standa sig illa í að afla skýringa á ásökunum. NORDICPHOTOS/AFP

Breska blaðið The Guardian greindi frá því í gær að í ljós væri komið að meintar CIA-flugvélar hefðu átt viðkomu á evrópskum flugvöllum mun oftar en talið hefði verið fram til þessa. Blaðið hefði heimildir fyrir því að þessi flug hefðu verið fleiri en 300 síðan árið 2002. Getum hefur verið leitt að því að slíkar vélar hafi millilent yfir 60 sinnum á Íslandi.

**audunn@frettabladid.is**



**KIMONO (IS)** Hljómsveitin neyðist þessa dagana til að auðkenna sig með (IS) úti í Þýskalandi.

Kimono lent í lagaflækjum:

## Önnur hljómsveit á nafnið

**TÓNLIST** Hljómsveitin Kimono er lent í hremmingum í Berlín, en þangað flutti sveitin starfsemi sína í haust. Þar var þá fyrir önnur hljómsveit með sama nafni og gerir hún tilkall til þess.

„Það er nú ekki alveg ljóst ennþá hversu alvarlegt þetta er,“ segir Ásmundur Jónsson hjá Smekkleysu, sem gefur út tónlist Kimono. „Síðast voru þeir að kanna réttarstöðu sína, því þeir hafa notað nafnið í mörg ár og verið til mun lengur en þessi hljómsveit. Hins vegar er hin þýska Kimono skrásett vörumerki, að minnsta kosti í Þýskalandi.“

Ásmundur segir alþekkt að hljómsveitir lendi í slíkum málum. „Þegar Tenderfoot kom til Ameríku voru þar fyrir fimm sveitir samnefndar og hún varð að breyta nafninu í Without Gravity.“

Kimono flutti sig til Þýskalands í september, en spilaði hér síðast á Iceland Airwaves. **- óká**

## HÆSTIRÉTTUR

**Búðarþjófur í fangelsi** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í sumar þar sem kona á fimmtugsaldri var dæmd í níutíu daga fangelsi fyrir búðarþjófnað. Hún hefur þrisvar áður verið dæmd fyrir þjófnað, tvisvar með skilorðsbindingu. Konan stal í mars í Hagkaupum í Kringlunni hjólaborði, DVD spilara, mínútugrilli og leikföngum, alls að verðmæti 43.978 krónur.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

MYNDARLEGT Það er nokkuð myndarlegt úrkomusvæði yfir Vestfjörðum og suðaustan og austan til á landinu. Ég er að gera ráð fyrir að hitinn nái 2-4 gráðum á Suðausturlandi þegar kemur fram á daginn og að þá falli sú úrkoma sem regn eða slydda. Á Vestfjörðum verður þetta að líkindum eintómur snjór.

HÖFUÐ-BORGIN Í DAG Hæg norðaustlæg átt og úrkomulítið. Hiti við frostmark.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C heiðskírt | París | 9°C rigning | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Osló | 3°C alskýjað | Berlín | 2°C hálfskýjað | Mílano | 10°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C hálfskýjað | Frankfurt | 3°C heiðskírt | New York | 6°C léttskýjað |
| Helsinki | 2°C alskýjað | Madríd | 14°C skúrir | San Francisco | 14°C skúrir |
| London | 11°C skúrir | Barcelona | 15°C skúrir | Orlando/Flórída | 19°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Hagkaup bjóða landsins mesta úrval kjötvöru



**Landsliðsbrögð**
*Safaríkar steikur*
Mikilvægt er að láta kjöt standa í 5 mín. eftir að það er tekið út úr ofninum. Ef kjötið er skorið of fljótt rennur safinn úr því og kjötið verður þurrt og virðist ofsteikt.

**40% afsláttur við kassa**

Frosnar **nautalundir** frá Nýja Sjálandi

**TILBOÐ 2.387 kr/kg**
Merkt verð 3.979,-

**Sigurður Gíslason**
Yfirmatreiðslumaður á Vox Nordica Hótel
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara



Holta-kjúklingur

Léttreyktur **hátíðarfugl**

**Gott verð 889 kr/kg**

## NAUTALUND

1 kg. nautalund
1 stk. hvítlaukur, heill
200 g smjör
olía

Skerið hvítlaukinn þversum. Hreinsið nautalundina og brúnið í smjöri og smá olíu á pönnu, á háum hita. Gott að skera lundina í tvennt þannig að hún komist fyrir á pönnunni. Setjið hvítlauk á pönnuna og látið sárið snúa niður þannig að hámarks bragð fáist. Brúnið lundina í um 2 mín. á hverri hlið eða þar til hún er fallega brúnuð. Setjið inn í 150°C heitan ofn í 8 mín., þá á nautalundin að vera miðlungssteikt. Látið standa í 5-8 mín. fyrir framreiðslu.




**ÓKEYPIS eintak í næstu verslun Hagkaupa**



Kjöt & fisktorgið

Ostafyllt **lambalæri** - úrbeinað

**TILBOÐ 1.795 kr/kg**
Verð áður 2.359,-

Nauta **ribeye**

**TILBOÐ 2.246 kr/kg**
Verð áður 2.995,-

Jói FEL



**Tilbúið deig**
Skerið niður og raðið á bökunarpappír. Bakist í u.þ.b. 10 mín.




**TILBOÐ 559 kr/pk**
Verð áður 789,-

**Kjörís** jólaís, 2 ltr.




**Nýtt í Hagkaupum**

**Lindt** súkkulaði
- 3 tegundir í boði




**Nýtt í Hagkaupum**

**Bahlsen stollen** kökur
- 6 tegundir

Gildir til 4. desember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu til útlanda um jólin?*

| | |
|---|---|
| Já | 10% |
| Nei | 90% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Sendir þú SMS-skilaboð daglega?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Þriðja og síðasta umferð egypsku þingkosninganna fór fram í gær:

# Lögreglusveitir lokuðu kjörstöðum

**KAÍRÓ, AP** Til óeirða kom á nokkrum kjörstöðum í Egyptalandi eftir að lögregla ákvað að loka þeim. Á þessum stöðum var búist við að stjórnarandstæðingum mundi vegna vel.

Lokaumferð egypsku þingkosninganna fór fram í gær og er óhætt að segja að víða hafi verið heitt í kolunum. Lögregla lét loka nokkrum kjörstöðum þar sem félagar í Bræðralagi múslima höfðu verið aðsópsmiklir. Í bænum Kafr el-Sheik, sem er við óshólma Nílar, var skotið á kjósendur með þeim afleiðingum að einn lést og sextíu særðust. Í nálægu þorpi sættu starfsmenn í kjördeildum barsmíðum öryggissveita. Kjósendur létu aðgerðirnar hins vegar ekki á sig fá heldur klifruðu inn um bakglugga á kjörstað og komust þannig í kjörklefa. Formælandi innanríkisráðuneytisins sagði aðgerðirnar nauðsynlegar þar sem félagar í Bræðralaginu hefðu efnt til óspekta og fælt kjósendur annarra flokka á brott.

Hosni Mubarabak forseti hefur undir þrýstingi frá Bandaríkjunum komið á fót nokkrum lýðræðisumbótum. Velgengi frambjóðenda Bræðralagsins í fyrstu tveimur umferðunum er sögð hafa skotið valdhöfunum skelk í bringu og því hefur verið gripið til þessara harkalegu aðgerða.

- shg



**KLIFRAÐ Á KJÖRSTAÐ** Kjósendur í Bussat létu það ekki á sig fá þótt aðaldyrum kjörstaðarins hefði verið lokað heldur skriðu þeir inn um glugga baka til og greiddu atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP












# Kjör öryrkja hér með þeim lökustu í Evrópu

**Ísland er langt á eftir grannþjóðum sínum hvað varðar stöðu öryrkja, samkvæmt nýrri skýrslu Stefáns Ólafssonar prófessors. Eru Íslendingar þar í félagsskap með suður-evrópskum þjóðum á borð við Portúgal og Spán.**

**FÉLAGSMÁL** „Það er afskaplega dapurt að vera á svipuðum slóðum og Spánn og Portúgal þegar kemur að málum sem varða öryrkja," segir Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands. Hann kynnti í gær nýja skýrslu sína um örorku og velferð á Íslandi og í öðrum löndum og er niðurstaða hans áfellisdómur yfir aðgerðum stjórnvalda gagnvart öryrkjum síðustu tíu árin.

Skýrslan sýnir að heildarútgjöld ríkisins til örorkumála eru vel undir meðallagi Evrópuríkja og að þvert á það sem haldið hefur verið fram eru öryrkjar ekki margir hér í samanburði við nágrannaþjóðirnar. Sé borinn saman árangur OECD ríkjanna í að veita öryrkjum viðunandi fjárhagsafkomu og samfélagsleg úrræði er Ísland á sama róli og þjóðir á borð við Spán og Portúgal.



**KRÖPP KJÖR ÖRYRKJA** Skýrsla Stefáns Ólafssonar prófessors bendir til að enn sé langur vegur að markmiðum ríkisstjórnarinnar frá árinu 1992 um að tryggja öryrkjum jafnrétti og gera þeim kleift að lifa sem eðlilegustu lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stefán segir það lélegt í þjóðfélagi sem býr við mikið ríkidæmi. „Það er lélegt að vera á svipuðu róli hvað þessi mál varðar og suður-evrópskar þjóðir því þær eru þekktar fyrir veikburða velferðarkerfi. Allt annað en er uppi á teningnum hér á norðlægari slóðum þar sem eru þær þjóðir sem við ættum að vera að bera okkur saman við því við höfum sömu tækifæri og þær."

Telur Stefán að skipulag starfsendurhæfingarmála sé sundurlaust, stórauka þurfi atvinnutækifæri allra öryrkja og að velferðarkerfið eins og það er í dag haldi mörgum í fátæktargildru vegna skerðingarreglna og naumra kjara. Mikið verk sé óunnið og óásættanlegt að öryrkjar margir hverjir í þessu ríka landi búi við þær aðstæður að vera fastagestir hjá ölmusustofnunum samfélagsins.

Undir þetta tekur Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins. „Skýrsla Stefáns setur hlutina í samhengi. Við erum í botnsætum hvað velferð öryrkja varðar í samanburði og ljóst að átaks er þörf. Stokka þarf upp almannatryggingakerfið, endurskoða lög um málefni fatlaðra og brýnt að endurskoða hvernig öryrkjar geti orðið virkir þátttakendur í að skapa hér samfélag sem sannarlega er hægt að segja að sé fyrir alla. Ég neita að trúa að til sé sá stjórnmálamaður á Íslandi sem vill að fólk búi við þau kröppu kjör sem fatlaðir búa við í dag og skýrslan staðfestir."

**albert@frettabladid.is**

Fyrsta karlaráðstefnan um jafnréttismál á Íslandi haldin í gær:

# Jafnréttið byrjar í eldhúsinu

**JAFNRÉTTI** Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, lagði til á Karlaráðstefnu um jafnréttismál, sem haldin var í Salnum í Kópavogi í gær, að kynjakvóti yrði tekinn upp í íslenska menntakerfinu. Hann sagði hlutfall karla í kennarastörfum ekki viðunandi og velti upp þeirri spurningu hvort menntun gæti leitt til misréttis.

Í máli Runólfs kom fram að brottfall karlkyns nemenda úr skólum væri áhyggjumál sem þyrfti að finna lausn á. Runólfur benti á að hægt væri að líta á íbúa landsins sem tvær þjóðir í einu landi. Annars vegar starfsmenn í skólum og heilbrigðis- og umönnunarstörfum, sem að mestu leyti eru konur, og hins vegar starfsmenn í stjórnunarstöðum, fjármálageiranum og iðnaði, en þar eru karlar í meirihluta.



**Á KARLARÁÐSTEFNUNNI** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, og Árni Magnússon félagsmálaráðherra. Vigdís var eina konan sem sótti ráðstefnuna.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra sem tók vel í hugmynd Runólfs um kynjakvóta, tilkynnti á ráðstefnunni að hann hefði í kjölfarið á áformum sínum um að koma á fót gæðavottun jafnra launa ákveðið að skipa hóp til að hrinda þeirri hugmynd í framkvæmd.

Meðal framsögumanna var Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka. Hann dró upp óvægna mynd af fjármálamarkaðinum og sagði að starf í fjármálaheiminum væri „fjölskylduóvænsti vettvangur sem um getur."

Ólafur Stephensen, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins, talaði um fæðingarorlof og benti á þá miklu viðhorfsbreytingu sem hefði átt sér stað í samfélaginu varðandi fæðingarorlof feðra. Hann sagði að ef kynjamisrétti yrði útrýmt af heimilum og hlutverk karla og kvenna yrðu þau sömu þar væri fótunum kippt undan þeim sem héldu því fram að ástæða fyrir launamisrétti væri tilkomin vegna mismunandi hlutverkaskiptingar kynjanna.

Samdóma álit flestra þeirra sem fluttu erindi á fundinum var að ef jafnrétti ætti að nást í samfélaginu þyrfti fyrst að ná jafnrétti á heimilum landsmanna.

**steinar@frettabladid.is**



## *Mjólka leikur við hvurn sinn fingur*

MJÓLKA




Bjóðum Mjólku velkomna
á neytendamarkað
og óskum henni til
hamingju með
fyrstu afurðirnar.

8351 Ó! Auglýsingastofa

BÓNUS · FK FJARÐARKAUP · HAGKAUP · KRÓNAN KOSTAR MINNA · Melabúðin · netto · NÓATÚN



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað heitir listaverkið sem Thelma Ásdísardóttir fékk þegar hún var valin kona ársins af tímaritinu Nýju lífi?*

2 *Hvað fann tollgæslan á Eskifirði við leit í skipunum Jóni Kjartanssyni og Hólmaborg?*

3 *Hvaða fræga kvikmyndastjarna er hérlendis á vegum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 70

Norðmenn bora eftir olíu á svæði Kúrda í norðurhluta Íraks:

# Olíuboranir valda deilum meðal Íraka

**NOREGUR** Norska olíufyrirtækið DNO hóf boranir eftir olíu á kúrdísku svæði í norðurhluta Írak fyrr í vikunni. Borunin hefur vakið miklar deilur meðal stjórnmálamanna í landinu enda í fyrsta sinn eftir árás Bandaríkjamanna í landið sem erlent fyrirtæki fær að bora þar eftir olíu.

Aftenposten segir á vef sínum í gær að DNO hafi hafið olíuboranir í samræmi við samkomulag við kúrdísku héraðsstjórnina en DNO sé fyrsta erlenda félagið sem hefji olíuboranir á svæðinu í samræmi við slíkan samning.

Los Angeles Times sagði hins vegar í vikunni að stjórnmálaleiðtogar í Bagdad hefðu brugðist ókvæða við fréttunum. Haft var eftir þeim að ekki væri víst að samkomulagið um boranirnar væri í samræmi við stjórnarskrána. Ríkisstjórnin hefði ekki fengið þetta mál á sitt borð eða tekið afstöðu til þess.

Framkvæmdastjóri DNO, Helge Eide, sagði við norsku fréttaveituna NTB að félagið teldi sig vera á traustum grunni. „Það hefur enginn gert athugasemdir við okkur. Við skiljum stjórnarskrána þannig að það sé hægt að gera samkomulag um olíuborun beint við stjórnvöld á hverju svæði.“ **- ghs**



**OLÍA BRENNUR Í ÍRAK** Norðmenn valda heitum deilum meðal stjórnmálamanna í Írak en norska fyrirtækið DNO er fyrst erlendra fyrirtækja til að hefja borun í Írak. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Voðaverk í Danmörku:

## Myrti dætur sínar tvær

**DANMÖRK** Maður á þrítugsaldri hringdi til lögreglunnar í Danmörku í gærmorgun og tilkynnti að hann hefði myrt dætur sínar tvær. Sagðist hann vera staddur á brúnni yfir Stóra belti og hygðist stökkva fram af. Hann var handtekinn þar stuttu síðar.

Lögreglan fann lík stúlknanna, sjö og tveggja ára, á þeim stað sem maðurinn hafði vísað á. **-ks**

### GRÆNLAND

**Samsteypustjórn mynduð** Þrír stærstu stjórnmálaflokkarnir á Grænlandi hafa myndað samsteypustjórn,. Þetta eru Siumut, sem hefur verið í landstjórninni í aldarfjórðung, Inúítaflokkurinn og Atassut. Flokkarnir hafa 23 sæti af 31 á grænlenska þinginu. Hans Enoksen, formaður Siumut, verður landstjórnarformaður.

Bandaríkjamenn um Írak:

# Stefna Bush er ekki talin vera nógu skýr

**BANDARÍKIN** Skoðanakönnun bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar CNN frá því í fyrrakvöld, rétt eftir að George W. Bush Bandaríkjaforseti kynnti stefnu sína í Írak, sýnir að 55 prósent þjóðarinnar telji að hann hafi ekki skýra sýn um hvernig ná beri fram sigri í Írak.

Sex af hverjum tíu segja að bandarískt herlið skuli vera áfram í Írak þar til markmiðum hernámsins sé náð á meðan 35 prósent segja að setja beri því fastan tímaramma. Þá segja 54 prósent aðspurðra að Bush hafi haldið illa á spöðunum á meðan.

Aðeins brot aðspurðra hafði fylgst með ræðu forsetans og því endurspeglar könnunin ekki viðbrögð við henni. ■



**FORSETINN** Skiptar skoðanir eru um stefnu Bush í Íraksmálunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Um einhvern stærsta styrk er að ræða sem íslensk fyrirtæki hafa sett í ákveðið þróunarverkefni. Frá vinstri: Yolanda Correia, frá UNICEF í Gíneu-Bissá, Pálmi Haraldsson, aðaleigandi Fons, Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, Roger Moore, velgjörðarsendiherra UNICEF, Hannes Smárason, forstjóri FL Group, og Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Styrkja um 135 milljónir

**Þrjú íslensk fyrirtæki, Baugur Group, Fons og FL Group, hafa ákveðið að veita Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna 135 milljóna króna styrk.**

**STYRKVEITINGAR** „Á okkar mælikvarða er þetta risastyrkur og hann mun verða mikil lyftistöng við að efla menntun barnanna okkar,“ sagði Yolanda Correia, upplýsingafulltrúi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna í Gíneu-Bissá. Í gær var tilkynnt að fyrirtækin Baugur Group, FL Group og Fons hefðu ákveðið að styrkja verkefni þar í landi um 135 milljónir króna á næstu árum og mun fénu verða varið til margvíslegra verkefna í skólamálum landsins.

Verður hluti þess notaður til að endurbyggja fjörutíu skóla í landinu og bæta gæði og aðstöðu fyrir tæplega hundrað þúsund börn víðs vegar um landið. Aðeins fjörutíu prósent barna sækja grunnskóla þar að jafnaði og vonast er til að með fjárframlagi íslensku fyrirtækjanna verði hægt að fjölga þeim til muna.

Yolanda Correia segir engan vafa á að framlagið muni hafa afgerandi áhrif á líf þúsunda. „Með betri menntun og betri skólum er lagður grunnur að framtíðarsamfélagi sem hefur gott menntunarstig og möguleika sem ekki eru fyrir hendi í dag og styrkur sem þessi mun hafa mikil og góð áhrif á mörg líf í framtíðinni.“

Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri Barnahjálpar SÞ á Íslandi, segir fjárframlag sem þetta mikilsvert framtak einkaaðila. „Styrkur á borð við þennan er mjög stór í alþjóðlegum samanburði og Barnahjálpin fær ekki svona samninga nema tvisvar til þrisvar sinnum á ári að jafnaði. Allt fé til starfseminnar kemur frá ríkisstjórnum og einkaaðilum eins og í þessu tilfelli. Framlagið er stórt enda eru íslensk fyrirtæki orðin stór á alþjóðlegan mælikvarða og mikið fagnaðarefni að fyrirtæki á borð við þessi taki þátt í því að byggja upp sómasamlega framtíð fyrir fátæk börn.“

Roger Moore, velgjörðarsendiherra Barnahjálpar SÞ, kom hingað til lands til að vera viðstaddur athöfnina og sagði að spakmæli biblíunnar að sælla væri að gefa en þiggja ættu vart við um sig. „Það er nefnilega svo að á svona dögum er sælla að þiggja og mér er þakklæti í huga til þeirra forstjóra sem hér sitja og hafa með framlagi sína sett sín lóð á vogarskálar til á fátæk börn geti eignast sómasamlegt líf í framtíðinni.“ **albert@frettabladid.is**


MÖGNUÐ SKÁLDSAGA

eftir höfund metsölubókarinnar Öxin og jörðin

„Frábær söguleg skáldsaga … skrifuð af fádæma stílgáfu … ævintýraleg … mjög lífleg …“
Jón Yngvi / KASTLJÓS

„Höfuðlausn er fantafín saga.“
Halldór Guðmundsson / FRÉTTABLAÐIÐ

„Grípandi frásögn … skemmtilega margþætt verk.“
Gunnþórunn Guðmundsdóttir / BOKMENNTIR.IS

„Ég sat fastur í söguneti Ólafs … gat ekki lagt frá mér bókina.“
Illugi Jökulsson / TALSTÖÐIN

„Ólafur Gunnarsson hittir í mark með þessari skemmtilegu bók, fangar strax athygli lesandans og heldur honum þar til yfir lýkur.“
Bók vikunnar / FRÉTTABLAÐIÐ




ÓLAFUR GUNNARSSON
hlaut ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN fyrir síðustu skáldsögu sína.

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is


Ríkið styrkir Unifem:

## Fá tólf milljónir

**STYRKVEITINGAR** Utanríkisráðherra, Geir H. Haarde, tilkynnti um rúmlega tólf milljóna króna aukaframlag til UNIFEM á fundi sem samtökin héldu fyrir stuttu.

Er féð ætlað til svæðisbundinna verkefna í Evrópu en áður hafði ráðuneytið lagt fram tæpar tólf milljónir til annarra verkefna. Ráðuneytið mun enn fremur kosta stöðu starfsmanns í sama verkefni sem hefst á næsta ári. **- aöe**


Nýtt!



VISALán er ný og hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

- Staðgreiðsluverð
- Lægri vextir
- Lægri kostnaður
- Til allt að 36 mánaða
- Framlengdur ábyrgðartími
- Flutningstrygging
- Vildarpunktar

Spurðu um

VISALán
– HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

ENNEMM / SIA

# METSÖLULISTI JPV

## 1 SÆTI




**Orðabók framtíðarinnar.**
Yfirgripsmesta verk sem út hefur komið um íslenska málnotkun.

**Svo miklu meira en hefðbundin orðabók.**

1600 blaðsíður í stóru broti

**Rafræn útgáfa á geisladiski fylgir**

## 2 SÆTI



**„(Steinunn Ólína) kann galdurinn við að hrífa lesandann … og heilla hann upp úr skónum.“**
Friðrika Benónýs / MORGUNBLAÐIÐ

„Maður er svolítið klökkur að lestri loknum. Finnst maður hafa farið í gegnum þroskaferil og komið út sem betri manneskja. Í alvöru talað.“
Sólveig Anna Bóasdóttir / KISTAN.IS

**„Það er kraftur í þessari frásögn,** sterk löngun til að segja frá sem smitar lesandann.“
Halldór Guðmundsson / FRÉTTABLAÐIÐ

## 3 SÆTI




**„Sjóðheitur krimmi.“**
Jakob Bjarnar Grétarsson / DV

**„… eini rithöfundurinn sem þorir …“**
SIRKUS

„Mögnuð bók! Hélt mér límdum við síðurnar.“
Sigurður G. Tómasson / NFS

**„Þrælspennandi og vel fléttuð glæpasaga.“**
Jón Yngvi / KASTLJÓS

## 4 SÆTI




**„Gæfuspor Gunnars Hersveins er viskurit** sem vekur til umhugsunar, gagnlegt öllum sem vinna að lífsgæðum og vanda ævigönguna.“
Sigurður Árni Þórðarson

**„Vísar lesendum veginn til mögulegs þroska** og mögulegrar hamingju … Kaflinn um tilfinningar er einkar vel skrifaður.“
Sólveig Anna Bóasdóttir / KISTAN.IS

## 5 SÆTI




**„Spennandi og áhrifamikil.“**
Dagbladet

„Mjög áhugaverð saga … **nær að halda óskiptri athygli lesanda.**“
Katrín Jakobsdóttir

„Áhugaverð og spennandi … **dýpra verk en Da Vinci lykillinn og skilur meira eftir sig.**“
Þórarinn Þórarinsson / FRÉTTABLAÐIÐ

JPV ÚTGÁFA



**AÐVENTAN Á KÝPUR** Kýpur-Grikkir fylgjast með flugeldasýningu eftir að kveikt var á þessu stærðar jólatré á Elefteria-torgi í höfuðborginni Nicosíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Arnþrúður Karlsdóttir er hvergi bangin við málsókn fyrrum félaga á Útvarpi Sögu:

# Þeir skulda stöðinni stórfé

**DÓMSMÁL** Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpssstjóri Útvarps Sögu, segir fjölmiðlamennina Ingva Hrafn Jónsson og Sigurð G. Tómasson skulda útvarpsstöðinni peninga.

Í byrjun vikunnar var tekið fyrir einkamál þeirra í Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur henni til greiðslu meintrar launaskuldar. Arnþrúður ver sig sjálf þrátt fyrir að vera ólöglærð og kveðst fullviss um að hafa sigur í málinu, en því var frestað fram yfir áramót.

„Þetta liggur allt ljóst fyrir og vandlega stutt gögnum,“ segir hún og bendir á að þeir félagar fari fram á bónusgreiðslur fyrir auglýsingasölu, en sá fyrirvari hafi verið á að greiðslurnar þyrfti fyrst að samþykkja í stjórn. „Og það var aldrei gert.“

Þá segir Arnþrúður þá félaga ekki hafa staðið við hlutafjáraukningu sem búið hafi verið að samþykkja. „Svo færði Ingvi Hrafn fé án heimildar af reikningi stöðvarinnar og reyndar þurftum við að breyta aðgangsupplýsingum í heimabanka til að stöðva það.“

Ingvi Hrafn og Sigurður vísa því báðir á bug að skulda Arnþrúði nokkuð og segja málið munu hafa sinn gang fyrir dómstólum. „Um er að ræða launaskuld og allt annað sem Arnþrúður segir er óskiljanlegur skáldskapur. Það er sorglegt að sjá hvernig komið er fyrir Útvarpi Sögu,“ segir Ingvi Hrafn. - óká



**ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR** Arnþrúður, sem er útvarpsstjóri á Útvarpi Sögu, ver sig sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Lögregla leitar foreldra:

# Drápu barnið með áfengi

**BANDARÍKIN** Lögregla í Fort Lauderdale í Flórída leitar nú ákaft hjóna á þrítugsaldri sem talin eru hafa valdið dauða þriggja mánaða gamallar dóttur sinnar með því að gefa henni áfengi.

Fram kemur á vefsíðu CNN að krufning hafi leitt í ljós að áfengismagn í blóði telpunnar hafi verið 0,47 prómill, eða sexfalt það magn sem bandarísk lög heimila ökumönnum bifreiða að hafa í blóði sínu. Lifur hennar var auk þess stórskemmd.

Talið er að hjónin hafi blandað vodka, sykur, vatn og salt í pela litlu stúlkunnar til að fá hana til að hætta að gráta. ■




SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF




**KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR** Tók sig til og reisti einangrunarstöð fyrir gæludýr sem var formlega tekin í notkun í gær.

# Innflutt gæludýr í einangrun

**Fyrstu gestirnir í nýrri einangrunarstöð gæludýra í Reykjanesbæ, sem opnuð var í gær, voru tveir eðaltíkur. Önnur kom frá Belgíu en hin frá Bandaríkjunum.**

**EINANGRUN** „Ég er að brenna með fyrstu dýrin upp á stöð,“ sagði Kristín Jóhannesdóttir þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til henar í gær. Þá opnaði hún nýja einangrunarstöð fyrir gæludýr, Einangrunarstöð Reykjanesbæjar, í Höfnum. Kristín sagði að fyrstu dvalargestirnir til að stíga fæti inn í stöðina væru tvær eðaltíkur, Golden Retriever og Shetland Sheepdog, sem væru að koma frá Bandaríkjunum og Belgíu.

Á fyrsta opnunardegi var von á tólf dýrum; þremur köttum og níu hundum. Dvalartími hvers dýrs er einn mánuður. Í fyrstu var fyrirhugað að taka inn í stöðina í tveimur hollum en að sögn Kristínar hefur því nú verið breytt þannig að stöðin verður einsetin. Það er gert vegna hestainflúensunnar í Bandaríkjunum sem smitast getur í hunda. Stöðin rúmar því 23 hunda og níu ketti í senn.

„Það hafa borist margar pantanir, enda langur biðlisti fyrirliggjandi,“ sagði Kristín og kvaðst ekki kvíða því að hafa ekki nóg að gera. „Fólk virðis vera mjög ánægt með að hafa stöðina svona nálægt flugvellinum.“

Dýralæknastofa Björgvins Þórissonar sér um eftirlit í stöðinni. Björgvin sagði að flutningur einangrunarstöðvar gæludýra á suðvesturhornið myndi auka öryggi gegn smitsjúkdómum.

„Þetta er gott einkaframtak, þar sem ekkert er til sparað,“ sagði Björgvin. „Bæði aðstæður fyrir mannskap og dýr eru til fyrirmyndar. Stór og góð búr, mun stærri en segir til um í reglugerð, og rúmgóð starfsaðstaða.“ - jss


Þú leggur hana ekki frá þér




„Þeir sem kunna að meta **Hundrað ára einsemd** og **Nafn rósarinnar** munu njóta þess að lesa Skugga vindsins.“
*Árni Matthíasson, Mbl.*

„Feiknalega **skemmtileg lesning** á mörkum ævintýrisins.“
*Halldór Guðmundsson, Fbl.*

Spænsku bóksalaverðlaunin - Besta bók Spánar 2002

„Leggðu allt annað frá þér og **lestu fram á rauðanótt**.“
*Joschka Fischer, utanríkisráðherra Þýskalands*

„**Frábærlega skemmtileg bók** ... allir sem kunna að meta óhugnalegar, erótískar, hrífandi, sorglegar og spennandi skáldsögur ættu að hraða sér út í bókabúð.“
*Washington Post*

Metsölubók um heim allan

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Edda
edda.is


Leiðtogar Úkraínu og Evrópusambandsins hittast:

# Áfangasigur forseta

**ÚKRAÍNA, AP** Evrópusambandið samþykkti í gær að lýsa Úkraínu virkt markaðshagkerfi. Þessi viðurkenning er álitin mikilvægur áfangasigur fyrir stefnu Viktors Jústsjenkós forseta á nánari tengsl við ESB, jafnvel fulla aðild.

Þetta var tilkynnt á leiðtogafundi Úkraínu og ESB í Kíev í gær, en það var fyrsti slíki fundurinn síðan „appelsínugula byltingin“ skilaði Jústsjenkó og samherjum hans til valda. Forsvarsmenn ESB sögðust á fundinum einnig styðja viðleitni Úkraínu til að fá aðild að Heimsviðskiptastofnuninni, WTO. ■



**JÚSTSJENKÓ OG BLAIR** Snúa bökum saman í Kíev. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# KANEBO JÓL Í DEBENHAMS

## VINSÆLUSTU VÖRUR KANEBO
## SAMAN Í JÓLAGJAFAPAKKNINGU

**Instant Natural Golden Glow BGF-62, 50 ml.** Frískandi litað gel sem veitir húðinni gylltan blæ rétt eins og hún sé sólbrún. Notist eitt og sér eða með öðrum farða. Karlmenn mega líka prófa!

**Mascara 38°C Separating and Lengthening.** Nýr 38°C maskari sem þykkir og lengir augnhárin án þess að þau klessist saman. Þolir tár, svita og vatn (undir 38°C) en hreinsast auðveldlega af með volgu vatni.

**Verð 3.890 kr.**




DEBENHAMS

SMÁRALIND




**KOSIÐ Í MOSKVU** Fánar blakta á brú í Moskvu í tilefni af borgarstjórnarkosningum sem fram fara í borginni um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dæmdur fyrir tryggingasvik sem áttu sér stað fyrir fjórtán árum:

# Svikari endurgreiði illa fengið fé

**DÓMSMÁL** Maður á sjötugsaldri hefur verið dæmdur til að greiða Tryggingastofnun ríkisins 900 þúsund krónur, en hann hafði svikið út bætur fyrir þá upphæð. Þá þarf maðurinn að greiða málskostnað upp á 700 þúsund krónur.

Dómurinn var upp kveðinn í Héraðsdómi Reykjaness í gær, en Tryggingastofnun höfðaði einkamál á hendur honum eftir að hann hafði verið sýknaður í héraði þar sem mál á hendur honum voru fyrnd. Þó lá fyrir játning mannsins.

Grunur um að ekki væri allt með felldu hjá manninum vaknaði árið 1992 hjá þremur tryggingafélögum, en þau horfðu til nokkurra tjóna sem maðurinn, kona hans og sonur höfðu fengið greiddar nokkrar upphæðir fyrir. Atvikin áttu sér stað erlendis, en fyrir dómi nú var maðurinn fundinn sekur um að hafa falsað sjúkraskýrslur, læknisvottorð og reikninga frá erlendum sjúkrahúsum fyrir fjórtán árum. Atvikin vörðuðu meðal annars slys sem sonur mannsins átti að hafa lent í og meinta nýrnaaðgerð konu hans, sem átti að hafa verið gerð í Austurríki. - óká




**TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS** Tryggingastofnun vann í gær einkamál á hendur manni sem svikið hafði út bætur.

Viðurlög við samkynhneigð:

# Hommar settir á hormónakúr

**SAMKYNHNEIGÐ** Yfirvöld í Sameinuðu arabísku furstadæmunum hafa ákveðið að birta myndir í fjölmiðlum af 22 mönnum sem handteknir voru á hóteli í Dubai, sumir íklæddir brúðarkjólum, til þess að þeir sem hyggja á „afbrigðilega hegðun“ hugsi sig tvisvar um.

Samkynhneigð er ólögleg í landinu, rétt eins og í öðrum ríkjum í þessum heimshluta.

Embættismaður í Dubai sagði í viðtali við AP-fréttastofuna að mennirnir yrðu að öllum líkindum látnir gangast undir sálfræði- og hormónameðferð áður en þeir yrðu kaghýddir og dæmdir í fimm ára fangelsi. ■

Lögreglan í Stokkhólmi:

# Gróft ofbeldi á flóttabörnum

**SVÍÞJÓÐ** Grunur leikur á að flóttabörn hafi verið misnotuð kynferðislega í Svíþjóð eftir að hafa sótt um hæli þar. Lögreglan í Stokkhólmi rannsakar nú tvö tilfelli um meint mansal í vændi og eitt mál þar sem grunur leikur á kynferðislegri misnotkun. Dagens Nyheter sagði í gær að flóttabörn hefðu orðið fyrir barðinu á alls konar brotamönnum. Fyrir utan mansal í vændi hefðu þau orðið fyrir grófri misnotkun, grófu ofbeldi, nauðgunum og kynferðislegri misnotkun.

Vinnureglur lögreglunnar eru á þá lund að hún eigi að hafa strax samband við félagsþjónustuna í slíkum tilfellum. Það hefur ekki verið gert. Ekki hefur komið fram um hversu mörg börn geti verið að ræða eða nánari upplýsingar um brotin eða brotamennina.- ghs

## BANDARÍKIN

**Bíl og barni rænt** Bíl með tveggja ára gömlu barni var stolið frá íbúðarhúsi í Sacramento í Kaliforníu í vikunni. Faðir barnsins hafði farið inn í húsið og þegar hann kom aftur voru bæði barn og bíll horfin á braut. Skömmu síðar fundust þó bæði bíll og barn en þjófurinn var hvergi sjáanlegur.

**Bjargaði börnum úr eldi** Fimm barna faðir frá Flórída vann hetjudáð þegar hann bjargaði þeim öllum úr brennandi húsi fjölskyldunnar í fyrradag. Eldur kom þar skyndilega upp og komust börnin ekki hjálparlaust út. Hundur fjölskyldunnar var þó ekki eins lánsamur því hann brann inni.

## VERÐLAUN

**Hlutu Súluna** Málfundafélagið Faxi og Nesprýði ehf. hlutu Súluna, menningarverðlaun Reykjanesbæjar árið 2005 sem afhent voru í gær. Árlega eru veitt tvenn verðlaun, annars vegar til hóps eða einstaklings sem unnið hefur vel að menningarmálum í bæjarfélaginu og hins vegar til fyrirtækis sem stutt hefur við menningarlíf bæjarins með fjárstyrk eða með öðrum hætti.

# Þyngri refsing gegn ofbeldi á heimilum

**Dómsmálaráðherra leggur til breytingar á hegningarlögum sem veita dómurum heimild til að þyngja refsingar vegna heimilisofbeldis. Dómurum verður gert að meta hvort náin tengsl brotaþola og gerandans hafi leitt til grófara**

**HEIMILISOFBELDI** Refsingar við heimilisofbeldi verða þyngdar nái frumvarp Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra um breytingu á hegningarlögum fram að ganga.

Dómsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi síðastliðinn þriðjudag og hefur það verið afgreitt til nefndar.

Almennt var frumvarpinu fagnað af stjórnarliðum sem stjórnarandstæðingum á Alþingi þótt skoðanir væru skiptar um það hversu langt ætti að ganga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýrri málsgrein, en þar segir að hafi verknaður beinst að karli, konu eða barni sem nákomin séu geranda, og tengsl þeirra þyki hafa aukið á grófleika verknaðarins, skuli að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

Jafnframt er gert ráð fyrir ákvæði um allt að tveggja ára fangelsi við stórfelldum ærumeiðingum, smán eða móðgun gagnvart maka, fyrrverandi maka, barni eða öðrum sem telst nákominn gerandanum.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um skilgreiningar á heimilisofbeldi og vísað til skýrslna sem dómsmálaráðherra lét vinna árin 1997 og 1998. Þar er heimilisofbeldi lýst sem erfiðum og vandasömum málum til úrlausnar fyrir lögreglu.

Í greinargerðinni er spurt hvort þörf sé á að lögfesta sérrefsiákvæði um heimilisofbeldi. Ýmis brot önnur en líkamsmeiðingar geti í dómaframkvæmd fallið undir slíkt ákvæði, svo sem kynferðisbrot, húsbrot, hótanir og eignaspjöll.

Varhugavert er talið að leggja fastmótaða skilgreiningu á heimilisofbeldi til grundvallar. Engu að síður er það talið lykilatriði að einstaklingar teljist nákomnir þegar verknaður er framinn líkt og ráða má af frumvarpinu. Talið er nauðsynlegt og rökrétt að refsilöggjöf endurspegli með skýrari hætti en áður það mat löggjafans að brot sem framin eru í samskiptum nákominna hafi sérstöðu. Þannig verði dómara gert að meta hvort náin tengsl hafi leitt til grófara brots.

Samkvæmt ákvæðum nýja frumvarpsins gætu ofsóknir og hótanir fyrrverandi maka leitt til refsiþyngingar jafnvel þótt langt væri liðið frá sambúðarslitum.

johannh@frettabladid.is



**BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Dómarar geta þyngt refsingu meti þeir það svo að náin tengsl hafi valdið því að brot varð grófara en ella hefði orðið.






Los Angeles Times segir Bandaríkjaher hafa áhrif á fjölmiðlun í Írak:

# Greiðir fyrir jákvæðar fréttir

**ÍRAK** Bandaríski herinn hefur greitt íröskum fjölmiðlum fyrir að birta jákvæðar greinar um verkefni sín í landinu, að því er dagblaðið Los Angeles Times hermir.

Blaðafulltrúar hersins skrifa greinarnar, sem sagðar eru afar hlutdrægar, en bandarískt einkafyrirtæki snarar þeim svo á arabísku og kemur þeim í hendur írakskra fjölmiðla.

Gögn sem Times hefur undir höndum sýna að í sumar hafi dagblaðinu Addustour verið greiddar um hundrað þúsund krónur fyrir að birta grein undir fyrirsögninni „Enn meira fé varið til uppbyggingar í Írak“. Um svipað leyti fékk blaðið Al Mutamar fé fyrir að birta grein um staðfestu þjóðarinnar þrátt fyrir vargöldina í landinu. Ritstjórar þess blaðs segjast reyndar birta allt aðsent efni, sérstaklega ef það er hliðhollt Bandaríkjunum, þar sem það er í samræmi við ritstjórnarstefnu blaðsins.

Þá er fjölþjóðlega herliðið í Írak sagt hafa keypt útvarpsstöð og dagblað í Bagdad með leynd til að breiða út fréttir sem koma því vel.

Embættismenn í bandaríska landvarnaráðuneytinu eru sagðir æfir því þeir telja að slík afskipti af fjölmiðlun í landinu grafi undan trúverðugleika Bandaríkjamanna við að koma á lýðræði í Írak. „Allar ræður sem við flytjum í landinu eru um lýðræði. Með þessu höfum við sjálf brotið eina af grundvallarreglum þess,“ sagði einn þeirra í samtali við blaðið. - shg



**TRAUSTUR VINUR** Sumir íraskir fjölmiðlar draga upp jákvæða mynd af hernámsliðinu gegn greiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




* í 84 mánuði m.v. SP bílasamning og 30% innborgun.

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



Nýsjálensk frosin ungnautalund
FROSNAR NAUTALUNDIR
2299 kg KR.
Tilboðin
FRISE SALATBLANDA
199 KR.
200g
Svínakótelettur og svínahnakki
SVÍNAHNAKKI m/BEINI
779 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1298kr.
FERSKUR SVÍNAHNAKKI m/beini
FERSKAR SVÍNAKÓTELETTUR
839 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.
FERSKAR SVÍNAKÓTELETTUR
40% afsláttur við kassann
Beikon frá SÍLD og FISK
799 kg KR.
Framleitt af Síld og Fisk
BÓNUS
Bacon
KRYDDFETI
195 KR.
200g
HVEITI
39 KR.
2 kíló Hveiti
EKKERT BRUÐL
BÓNUS
Fyrir matargerðina og í baksturinn
HÁLFT KÍLÓ
199 KR.
JÓLA PIPAR KÖKUR
BÓNUS
2 lítrar
98 KR.
Appelsín Classic
EKKERT BRUÐL
MALT
HÁLFUR LÍTRI
69 KR.
ÓMISSANDI UM AÐVENTUNA...
BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Framleitt af Síld og fisk
í Bónus!
Uppskriftabók sem á heima við hliðina á eldavélinni!
Bónus hamborgarhryggur
899 kg KR.
Fullsteiktar kjötbollur
STEIKTAR KJÖTBOLLUR
359 390g KR.
Unnin af GESTGJAFANUM fyrir Bónusverslanirnar
998 KR.
LOSTÆTI Á LÆGRA VERÐI
959 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1599 kr.
STEIKTAR FISKIBOLLUR
299 430g KR.
Fullsteiktar fiskibollur - aðeins 1% fita!
Síldarsalötin hans Nonna litla slá í gegn!...
SÍLDARSALAT
259 225ml KR.
Grafinn lax og reyktur
EKKERT BRUÐL
Idol snakkið er klárt!
200g poki
98 KR.
KÍKTU Á MAGNIÐ!
www.bonus.is
bonus.is



**ALNÆMISDAGURINN** Borgarfulltrúar í borgarstjórn Vínar aðstoða hér við að reisa rauðan borða í risastærð utan á ráðhúsinu í gær, í tilefni af alþjóðlega alnæmisdeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannréttindasamtök mótmæla nýju lagafrumvarpi í Rússlandi:

# Þrengt að félagasamtökum

**RÚSSLAND** Talsmenn frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum eru uggandi um að starfsemi þeirra í Rússlandi muni skreppa saman vegna lagafrumvarps sem nú er til umfjöllunar á rússneska þinginu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsemi frjálsra félagasamtaka í landinu verði settar strangar skorður.

Frumvarpið var samþykkt eftir fyrstu umræðu í Dúmunni, rússneska þjóðþinginu, í síðustu viku með 317 atkvæðum gegn 18. Samkvæmt því verður öllum frjálsum félagasamtökum skylt frá árinu 2007 að sækja um skráningu í dómsmálaráðuneytinu í Moskvu.



**MÓTMÆLT VIÐ ÞINGIÐ** Lögregla fjarlægir liðsmann mannréttindasamtaka sem tók þátt í mótmælum gegn frumvarpinu. NORDICPHOTOS/AFP

Liðsmenn mannréttindasamtaka í Rússlandi hafa mótmælt frumvarpinu og segja því ætlað að koma starfsemi um 1.000 frjálsra félagasamtaka í landinu undir hæl stjórnvalda.

Á fréttavef norrænu ráðherranefndarinnar er haft eftir finnska blaðinu Hufvudstadsbladet að talsmenn finnskra félagasamtaka með starfsemi í Rússlandi hafi áhyggjur af því að samtök sem beiti sér til að mynda fyrir umhverfisvernd eða mannréttindum muni geta átt erfitt með að fá starfsleyfi eystra eftir að lögin taki gildi.

**- aa**

Toppstjórnendur:

# Konur eru í betri stöðu

**SVÍÞJÓÐ** Annar hver starfsmannastjóri og þriðji hver fjármálastjóri í sænskum fyrirtækjum er kona.

Hlutur kvenna í stjórnum fyrirtækja og stjórnendastöðum hefur aukist verulega síðustu tíu árin. Þetta kom fram í niðurstöðum rannsóknar sem fjallað var um á vefsíðu Dagens Nyheter í gær.

Staða 54 þúsund kvenna var skoðuð og kom í ljós að hlutur kvenna hefur aukist misjafnlega eftir stöðum. Þar kom í ljós að fimmti hver sölu- og markaðsstjóri er kona og þeim hefur fjölgað sem millistjórnendum. Hlutfall kvenna hefur hins vegar aukist hægt í toppstöðum. ■

Björgunarsveitin Víkverji:

# Endurvarpi á Hjörleifshöfða

**FJARSKIPTI** Um síðustu helgi var komið upp fjarskiptaendurvarpa á Hjörleifshöfða fyrir Almannavarnir og björgunarsveitir. Fyrir eru slík tæki á Háfelli og Höttu en talin er hætta á að ef til eldgoss kæmi í Kötlu gæti það haft áhrif á fjarskiptin um þau. Fjarskiptaendurvarpinn á Hjörleifshöfða á hins vegar ekki að verða fyrir áhrifum þótt gjósa fari í Kötlu.



**ENDURVARPI** Björgunarsveitarmaður við nýuppsetta fjarskiptaendurvarpann á Hjörleifshöfða.

Rafgeymar voru fluttir á staðinn með þyrlu Landhelgisgæslunar, TF-LÍF, en björgunarsveitarmenn frá Víkverja og Sigurður Harðarson rafeindavirki komu búnaðinum upp.

**- jse**

Útgjöld vegna fæðingarorlofs voru 6,6 milljarðar á árinu 2004:

# Mæður tvöfalt lengur í orlofi en feður

**FÆÐINGARORLOF** Feður barna sem fæddust á árinu 2004 taka að jafnaði aðeins fjóra daga í fæðingarorlof umfram þriggja mánaða sjálfstæðan rétt sinn. Það merkir að mæður taka að jafnaði sex mánuði í fæðingarorlof en feður þrjá mánuði. Þetta kemur fram í nýrri töflu í Staðtölum Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 2004. Feður tóku í fyrra að meðaltali 94 daga í fæðingarorlof en mæður að meðaltali 182 daga.

Í Staðtölum kemur einnig fram að útgjöld vegna fæðingarorlofs og fæðingarstyrks jukust um nítján prósent milli áranna 2003 og 2004. Á síðasta ári voru útgjöldin samtals 6,6 milljarðar króna. Konur fengu greidda 3,7 milljarða en karlar 2,9 milljarða.

Alls fengu 3.699 feður barna fæddra 2004 greiðslur vegna fæðingarorlofs. Um er að ræða fjölgun upp á um ellefu prósent frá árinu 2001. Fædd börn á árinu voru rúmlega fjögur þúsund.

Samkvæmt lögum á hvort foreldri um sig sjálfstæðan og óframseljanlegan rétt til greiðslna í fæðingarorlofi í allt að þrjá mánuði. Foreldrar eiga þar að auki sameiginlegan rétt til greiðslna í þrjá mánuði til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða þeir skipt á milli sín. Samkvæmt tölum frá árinu 2004 taka mæðurnar sameiginlegu mánuðina nánast óskipta.

**- jss**



**FÆÐINGARORLOF** Feður tóku í fyrra að meðaltali 94 daga í fæðingarorlof en mæður að meðaltali 182 daga.






# STYRKUR OKKAR GETUR AUÐGAÐ LÍF ÞEIRRA



unicef

Ísland hefur á tiltölulega skömmum tíma vaxið úr örbirgð í velsæld. Fullveldisdaginn 1. desember fögnuðum við þessari velgengni okkar en minntumst um leið þeirra sem ekki hafa notið slíkrar velmegunar.

Baugur Group, FL Group og Fons hf. undirrituðu í gær stærsta styrktarsamning sem gerður hefur verið af einkafyrirtækjum á Íslandi í þágu eins þróunarverkefnis. Styrkurinn rennur til uppbyggingarstarfs í Gineu-Bissá og er verkefnið unnið í samstarfi við Unicef á Íslandi.

Þátttaka fyrirtækja í þróunaraðstoð í heiminum hefur gífurlega þýðingu og viljum við hvetja sem flesta til að leggja sitt af mörkum. Nánari upplýsingar um verkefnið í Gíneu-Bissá má sjá á www.unicef.is.

BAUGUR GROUP FL GROUP FONS HF.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



**KRAFTAVERK** Blóðug tár streyma niður kinnar Maríulíkneskis kaþólskrar kirkju í Sacramento í Kaliforníu um þessar mundir. Tárin voruð þerruð á dögunum en viku síðar voru þau tekin að renna á ný. Fjöldi pílagríma hefur því lagt leið sína til kirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Franskir lýtalæknar reyna andlitsflutning:

# Græða nef og munn á konu

**FRAKKLAND, AP** Læknar í Frakklandi hafa framkvæmt skurðaðgerð þar sem stór hluti andlits var græddur á konu sem óður hundur hafði stórskaddað í framan. Þetta var fyrsta slíka lýtaaðgerðin sem reynd hefur verið. Á konuna, sem er 38 ára, var grætt nef, varir og haka af heiladauðri konu.

Aðgerðin fór fram á sjúkrahúsi í Amiens í Norður-Frakklandi á sunnudag. Frá þessu var greint í yfirlýsingu frá sjúkrahúsinu á fimmtudag og frá öðru sjúkrahúsi í Lyon en læknar af þessum tveimur sjúkrahúsum unnu saman að aðgerðinni. Þeir segja hana hafa tekist vonum framar, að svo miklu leyti sem hægt sé að dæma um það nú.



**JEAN-MICHEL DUBERNARD** Einn skurðlæknanna sem framkvæmdu aðgerðina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Andlitshlutarnir sem græddir voru á konuna voru skornir af heiladauðri konu. Aðstandendur hennar höfðu gefið samþykki sitt fyrir því, að því er segir í yfirlýsingunni.

Dr. Jean-Michel Dubernard staðfesti í samtali við AP-fréttastofuna að aðgerðin væri sú fyrsta af sínu tagi sem reynd hefði verið í heiminum. Eyru og höfuðleður hafa áður verið grædd á fólk en munn- og nefágræðsla er nýjung.

Blaðamannafundur um málið hefur verið boðaður í dag, föstudag. **- aa**

Könnun á vef Politiken:

## Segjast sáttir við skattinn

**DANMÖRK** Tveir af hverjum þremur Dönum eru sáttir við skatthlutfallið í landinu samkvæmt nýrri könnun.

Í dag greiða Danir um helming tekna sinna í skatt. Þetta kom fram á vefsíðu Politiken í gær.

Aðeins 29 prósent landsmanna eru óánægð með skattheimtuna og hefur hlutfall þeirra ekki mælst jafnt lágt áður.

Í sambærilegri könnun árið 1998 mældust þeir sem óánægðir voru 41 prósent. Meirihluti kjósenda ríkisstjórnarflokkanna er fylgjandi núverandi skattastefnu. **- ks**






**Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR** Ragnar H. Hall lögmaður kemur hér út úr dómsal 101 laust eftir hádegi á þriðjudag og á hæla honum Jón H. Snorrason saksóknari. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Frjáls fjölmiðlun í Héraðsdómi:

## Frestur vegna gagnaöflunar

**DÓMSMÁL** Verjendur sakborninga í máli Ríkislögreglustjóra á hendur forsvarsmönnum fyrirtækja tengdra Frjálsri fjölmiðlun, Eyjólfi Sveinssyni, Sveini Eyjólfssyni og fleirum, fóru fram á viðbótarfrest til frekari gagnaöflunar í fyrirtöku í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudag.

Á það féllst dómari og verður næsta fyrirtaka í málinu eftir hálfan mánuð. Meðal gagna sem leggja á fram eru yfirlit yfir greiðslur á sköttum og opinberum gjöldum ýmissa fyrirtækja. **- óká**

Tillögur Frakklandsstjórnar:

## Skilyrði hert fyrir dvalarleyfi

**FRAKKLAND, AP** Dominique de Villepin, forsætisráðherra Frakklands, kynnti í vikunni tillögur ríkisstjórnarinnar að hertum reglum um innflytjendur og ríkisborgararétt.



**DOMINIQUE DE VILLEPIN** Forsætisráðherra Frakklands.

Aðgerðirnar eru liður í viðbrögðum stjórnarinnar við óeirðabylgjunni sem gekk yfir innflytjendaúthverfi franskra borga fyrr í mánuðinum. Í tillögunum er meðal annars kveðið á um að innflytjendur sem sækja um langtíma dvalarleyfi eða ríkisborgararétt sýni fram á að þeir kunni frönsku og hafi aðlagast frönsku samfélagi.

Talsmenn baráttusamtaka gegn kynþáttamisrétti brugðust illa við tillögunum og sögðu þær fallnar til að ýta undir að innflytjendur verði órétti beittir. ■

### BANDARÍKIN

**Fjöldahandtökur á fíknefnasölum** 78 manns sem grunaðir eru um aðild að kólumbískum eiturlyfjahring voru handteknir í Kólumbíu og Bandaríkjunum í gær. Við handtökuna voru tæplega áttatíu kíló af heróíni og fjörutíu kíló af kókaíni gerð upptæk, auk vopna og tugmilljóna Bandaríkjadala.

### NEPAL

**35 pílagrímar fórust** Rúta sem var þéttskipuð hindúum í pílagrímsferð féll ofan í djúpt gljúfur vestarlega í fjallalandinu Nepal. Að minnsta kosti 35 pílagrímar létust í slysinu og fimmtán slösuðust. Ekki er vitað hver orsök slyssins var.

# Dælulykill
# í fyrsta sinn á Íslandi




## *Ekkert PIN - meiri hraði*

Atlantsolía býður fyrst íslenskra olíufélaga upp á Dælulykil á bensínstöðvum. Með Dælulyklinum, sem tengdur er við debet- eða kreditkort lykileiganda, verða eldsneytiskaupin enn einfaldari og hraðvirkari. Einungis þarf að bera lykilinn upp að dælunni sem fer í gang um hæl. Þú þarft ekki að taka veskið úr vasanum eða muna eftir PIN-númerinu. Einfalt og þægilegt.

*Sæktu um lykil á*
**www.atlantsolia.is**

hausverk / SÍA / 6108

Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

**ATLANTSOLIA**
**- Ávallt ódýr -**

## „ORÐRÉTT“

*Tóm leiðindi*

**„Ég veit ekki hvað hann var að æsa sig svona mikið yfir því að ég hafi lagt í þetta stæði. Hann er ekki einu sinni í hjólastól.“**

Björn Elías Halldórsson sjómaður sem lagði í stæði fyrir fatlaða fyrir utan verslun í Reykjavík og hlaut að launum skammir frá Þóri Karli Jónassyni, fyrrverandi formanni Sjálfsbjargar. DV.

*Nákvæmur*

**„Fáninn mun vera aðeins til hliðar við skrifara þingsins og um fimm gráðu halli mun vera á stönginni.“**

Guðmundur Hallvarðsson þingmaður, enn og aftur um íslenska fánann í þingsalnum. Morgunblaðið.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÓLAFUR EGGERTSSON KORNBÓNDI UNDIR EYJAFJÖLLUM

## Vil frekar brauðfæða þjóðina en brugga

„Það er nú ekki mikið um bústörf einmitt núna en oddvitinn hefur margt á sinni könnu nú sem endranær,“ segir Ólafur Eggertsson, kornbóndi á Þorvaldseyri og oddviti sveitarstjórnar á Rangárþingi eystra. „En þó verður maður að hugsa um og fóðra skepnurnar. Það er náttúrlega keppikefli bænda núna að framleiða meira og meira.

En sumarið var nokkuð gott, engin teljandi afföll í uppskerunni og nú er svo komið að kornbændur ætla að blása til enn frekari sóknar. Ég var einmitt að koma frá Finnlandi þar sem bændur og aðrir sem vinna að kornrækt voru að kynna sér nýjustu tækni á þessu sviði. Það verður því að minnsta kosti meira bygg á næsta vori heldur en því síðasta en ég ætla að sjá til með það hvort ég auki við mig í hveitinu.“



Aðspurður hvort hann ætli ekki að fara að koma sér upp bruggaðstöðu svo hann geti bruggað úr bygginu bregst kornbóndinn hvumsa við: „Nei, ég skal gera eins vel og ég get til að brauðfæða þjóðina en ég ætla ekki að fara að auka á bölið í samfélaginu, það mega aðrir sjá um það.“

Oddvitinn getur hins vegar ekki alltaf hugsað um bygg og bústörf því nóg er að gera í sveitarfélaginu. „Innan skamms verður tekin í notkun viðbygging við Hvolsskóla, það er 1.300 fermetra viðbygging og eldra húsnæðið var tekið í gegn í leiðinni. Það var orðið tímabært að stækka við skólann.“

„Svo er nóg að gera í menningunni, hér er búið að endurvekja leikfélagið og svo muna nú flestir eftir djassveislunni sem boðið var upp á í Skógum. Það er orðinn árlegur viðburður að djassað sé undir Eyjafjöllum á þessum tíma,“ segir Ólafur.



**ALLT Í GÓÐU** Pandahúnninn Su Lin, sem er rúmlega þriggja mánaða gamall, þurfti að gangast undir reglubundna læknisskoðun á heimili sínu í dýragarðinum í San Diego í Bandaríkjunum í gær. Ekkert óeðlilegt kom í ljós við skoðunina; Su Lin er sumsé bæði fílhraust og við hestaheilsu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

allt hús
Alla mánudaga



**BARIST Í MÝRINNI** Þó undarlegt megi virðast er mýrarboltinn svo prúðmannlega leikinn að engin slys hafa orðið á fólki frá því íþróttin var endurvakin 1998. Nokkur slys urðu þó þegar vestfirskir víkingar stunduðu þessa íþrótt til forna.

# Knöttur úti í mýri

**Fyrir skemmstu var Mýrarboltafélag Íslands stofnað á Ísafirði. Umheimurinn hefur hingað til staðið í þeirri trú að finnskir gönguskíðamenn eigi heiðurinn að þessari sívaxandi íþrótt. Nýkjörinn formaður Mýrarboltafélagsins veit sem er að íþróttin á sér alvestfirskar rætur.**

„Ég var nýbúinn að kynnast þessari íþrótt þegar mér var kippt inn í sænska landsliðið ásamt Jóni Páli Hreinssyni þar sem við vorum í Hyrisalmi í Lapplandi á meðan heimsmeistaramótið í mýrarbolta fór þar fram,“ segir Jóhann Bæring Gunnarsson, formaður Mýrarboltafélags Íslands. „Við Jón Páll komumst fljótt að því að þetta er hið skemmtilegasta sport og innleiddum þetta á Ísafirði ásamt Rúnari Karlssyni fyrir tveimur árum. Það tókst með slíkum ágætum að í fyrra, þegar Evrópumótið var haldið á Ísafirði í annað sinn, tóku 120 leikmenn þátt og þar af voru einnig nokkur kvennalið,“ segir hann stoltur.

Reglurnar er þær sömu og í knattspyrnu en aðstæðurnar eru



**JÓHANN BÆRING GUNNARSSON, FORMAÐUR MÝRARBOLTAFÉLAGS ÍSLANDS**

þó nokkuð frábrugðnar því sem knattspyrnumenn eiga að venjast því leikmenn vaða drullu upp í ökkla og jafnvel upp í hné. Sex menn eru í hverju liði og hvor hálfleikur er tólf mínútur en þó viðurkenndi formaðurinn að stundum væri leiktíminn styttur þegar líða tæki á keppnina og þrekið er af skornum skammti hjá drullugum og þjökuðum leikmönnum. „Hins vegar er þetta svo prúðmannlega leikin íþrótt að engin hefur slasast frá því hún var endurvakinn í Finnlandi árið 1998,“ útskýrir Jóhann Bæring.

Hann segir Finna hafa komið þeim orðrómi af stað að skíðagöngugarpar hafi fundið upp þessa íþrótt þegar þeir komu saman að hausti og aðstæður buðu ekki upp á skíðagöngu. „Hins vegar höfum við heimildir fyrir því að þetta hafi verið leikið hér á Vestfjörðum eins og flestir vita sem lesið hafa Gísla sögu Súrssonar en þar segir að menn hafi leikið knattleik úti í mýri. Íþróttin er því loksins komin aftur í heimamýri,“ segir Jóhann Bæring.

jse@frettabladid.is




Barnamenningarverðlaun Velferðarsjóðs barna veitt í fyrsta sinn:

# Þórunn kórstjóri verðlaunuð

Þórunn Björnsdóttir, stjórnandi Barnakórs Kársnesskóla, hlaut í gær Barnamenningarverðlaun Velferðarsjóðs barna á Íslandi sem voru veitt í fyrsta sinn. Verðlaununum fylgdi ein milljón króna sem nýtt verður til hljóðritunar efnis sem kórinn hefur frumflutt. Með verðlaununum vill Velferðarsjóður barna þakka Þórunni fyrir hennar framlag til barnamenningar á Íslandi en hún hefur stýrt kórnum í þrjátíu ár.

Velferðarsjóður barna hefur úthlutað alls um 300 milljónum króna til markvíslegra verkefna á þeim rúmu fimm árum sem hann hefur verið starfræktur.



**KÁRI STEFÁNSSON, ÞÓRUNN BJÖRNSDÓTTIR OG INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR** Verðlaunaféð, ein milljón króna, rennur til hljóðritunar efnis sem Barnakór Kársnesskóla hefur frumflutt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í stjórn sjóðsins sitja Bjarni Ármannsson bankastjóri, Kári Stefánsson forstjóri og Sólveig Guðmundsdóttir lögmaður. Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, er framkvæmdastjóri sjóðsins. ■



# Smáralind

## kynnir nýja verslun

sem opnar í dag

SØSTRENE GRENES
ALL OVER THE WORLD
HANDELSKOMPAGNIE

Hjá Söstrene Grenes má finna smekklega hannaðar og nytsamlegar heimilis- og gjafavörur í þúsundavís. Þær koma víðsvegar að úr öllum heiminum og eru á hagstæðu verði.

Búsáhöld, dúkar, föndurvörur, tréleikföng, körfur, kerti, servíettur, baðvörur, arabískt kaffi, te og spennandi matvörur ásamt vönduðum vörum fyrir listamenn.

Verið velkomin í fjölþjóðlegt andrúmsloft Söstrene Grene.




Verslanir opnar: Mán.-mið. 11-19, **fim. 11-21**, fös. 11-19, lau. 11-18 og sun. 13-18 / smaralind.is / 528 8000

netto

# Það er líf og

## verið




Ferskur kjúklingur
**34%**
afsláttur
399kr/kg






Sambands-
hangiframpartur
**30%**
afsláttur



**Erum í jólaskapi!**




**DVD fyrir börnin**
**verð frá 999kr/stk**

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 1.- 4. des. eða á meðan birgðir endast.

Akureyri • Akranesi • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahvefi Kópavogi

# fjör í Nettó

## velkomin




Sambandshangilæri

**30%**
afsláttur




Lambalæri frosið

**799** kr/kg



Jólaskraut
og jólaseríur

**30%**
afsláttur




Celebration 465g

**699**
kr/pk

Celebration 1kg

**1.499**
kr/stk




Nóa konfekt 800g

**1.699** kr/kassinn

Disney krakkakonfekt

**999** kr/dósin

netto

## Svona erum við

> Meðalatvinnutekjur í aðalstarfi eftir kyni (milljónir króna)




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** BÍLASTÆÐI FATLAÐRA

# *Hreyfihamlaðir eiga rétt á sér bílastæði*



Samkvæmt lögum eiga einstaklingar með hreyfihömlun rétt á sérstaklega merktum bílastæðum. Þó kemur það fyrir að fólk sem ekki stríðir við fötlun leggur í stæðin og gerir fötluðum bílstjórum mikinn óleik með því. Í byggingarreglugerð er nánar útlistað hvaða reglur gilda um bílastæði fatlaðra.

**Ber fyrirtækjum að hafa bílastæði fyrir fatlaða á bílastæði sínu?**

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði, opinberar skrifstofur og þjónustumiðstöðvar, samkomuhús, kvikmyndahús, framhaldsskólar og atvinnuhúsnæði þurfa að lágmarki að hafa eitt bílastæði sérmerkt fötluðum. Ef byggingarnefnd telur að ekki verði komið fyrir á lóð nægilegum fjölda bílastæða þarf þrátt fyrir það að vera eitt bílastæði fyrir fatlaða, ef aðstæður leyfa.

**Þurfa að vera bílastæði fyrir fatlaða við íbúðarhús?**

Öllum fjölbýlishúsum sem eru með sex íbúðir eða fleiri þarf að fylgja eitt gestabílastæði sem hentar þörfum fatlaðra, fyrir utan þau bílastæði sem eru fyrir sérhannaðar íbúðir fyrir fatlaða í húsinu.

**Hverjir mega leggja í bílastæði merkt fötluðum?**

Þeir sem framvísa fullnægjandi læknisvottorði hafa leyfi til að leggja í bílastæði fatlaðra. Þeir geta sótt um svokölluð stæðiskort fyrir fatlaða, en þeim fylgja ýmis skilyrði. Í reglugerð um stæðiskort hreyfihamlaðra kemur fram að umsækjandi þurfi annað hvort sem ökumaður sérstaka þörf á ívilnun til að leggja ökutæki vegna heimilis, vinnu eða annarrar starfsemi vegna þess að hann eigi erfitt með gang, geti ekki gengið eða hafi sem farþegi sérstaka þörf á sams konar ívilnun af sömu ástæðu.

## SPURT & SVARAÐ

■ MJÓLKA

Í vikunni hefur fyrirtækið Mjólka sölu á mjólkurafurðum fyrir þá mjólk sem keypt er utan kvóta. Fjölskyldan á Eyjum II í Kjós stendur á bak við fyrirtækið og er Ólafur Magnússon framkvæmdastjóri þess.



**ÓLAFUR MAGNÚSSON**
Framkvæmdastjóri Mjólku.

**Hefur gengið eins vel og þið væntuð í upphafi?** Já, það hefur gengið mjög vel. Þrátt fyrir að við höfum mætt ýmsum óvæntum hindrunum þá veginum erum við mjög bjartsýnir.

**Hverjar eru þessar óvæntu hindranir?** Það eru tregðulögmál í kerfinu. Svo eru menn hræddir við hið óþekkta.

**Landssamtök kúabænda stóðu ekki með ykkur. Eruð þið búin að útkljá ykkar mál gagnvart þeim?** Já, við teljum það. Við erum komin með fullt starfsleyfi og erum farin að framleiða. Eftirspurn eftir vörunni er mikil og við vinnum hér allan sólarhringinn í að anna henni og ganga frá því sem þarf. Við teljum nú að við bæði Landssamband kúabænda og forystusveit bænda sjái að fyrirtækið er til hagsbóta fyrir íslenska bændur.

**Hvar verður hægt að kaupa vöruna og verður hún á sambærilegu verði og mjólkurvörur stóru samlaganna?** Já. Við erum með vöruna, sem aðallega er fetaostur, á sambærilegu verði, jafnvel heldur betra ef eitthvað er. Osturinn verður til í öllum helstu verslunum frá og með þessari viku.




Grunur um fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar hefur kallað á viðbrögð:

# Skýringa leitað á fangaflugi

**FANGAFLUG** Grunur um að bandaríska leyniþjónustan CIA fljúgi með fanga til ríkja þar sem leynileg fangelsi eru starfrækt og pyntingar notaðar sem aðferð við yfirheyrslur hefur kallað á viðbrögð stjórnvalda og almennings í mörgum ríkjum.

Evrópuráðið hefur krafið Bandaríkjamenn um skýringar á þessum fréttum. Franco Frattini, sem fer með málefni dómsmála í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, hefur lagt til að Evrópuríki sem uppvís verða að því að leyfa starfsemi leynilegra fangelsa verði svipt atkvæðarétti sínum, að minnsta kosti tímabundið. Nýlega sagði Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, frá því að hann hefði sent Bandaríkjamönnum bréf og krafið þá um skýr svör hvað þetta varðaði.

Í fréttaflutningi á alþjóðavettvangi hefur Ísland verið nefnt til sögunnar vegna umferðar flugvéla sem taldar eru eiga hlut að máli um íslenska flugvelli og lögsögu. Geir H. Haarde utanríkisráðherra greindi frá því í utandagskrárumræðu á Alþingi á dögunum að sér hefðu borist óformleg svör frá Bandaríkjunum um málið, þess eðlis að ekkert væri hæft í fréttaflutningi af fangaflugi. Geir áréttaði að svör þessi væru í sjálfu sér ekki fullnægjandi.

Bandarísk stjórnvöld hafa sagst skilja þessi viðbrögð við fréttunum og gefið til kynna að fyrirspurnum um málið verði svarað, en þau þurfi meiri tíma til þess að kanna málið. **- saj**



**N196D Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI** Flugvél sem talin er vera í eigu leppfyrirtækis bandarísku leyniþjónustunnar hafði viðdvöl í Reykjavík fyrir skemmstu. Flugumferð af þessu tagi er algeng á Íslandi.

Guðjón Arnar Kristinsson:

### Ættu að sýna frumkvæði

„Mér finnst að stjórnvöld mættu vera beittari í afstöðu sinni í þessu máli. Hins vegar er það nú svo að ef Bandaríkjamenn vilja ekki svara neinu er kannski ekki gott í efni," segir Guðjón Arnar Kristinsson, formaður Frjálslynda flokksins. Guðjón telur að þær þjóðir sem hafa grun um að þessar flugvélar hafi farið um umráðasvæði sín ættu að bindast samtökum um að beita Bandaríkjamenn þrýstingi að svara.



Það er náttúrlega brot á öllum alþjóðareglum að fljúga með fanga á milli landa til þess að fá fram þvingaðar játningar," segir Guðjón.

„Menn hafa talað um að Ísland eigi að sýna frumkvæði meðal smáþjóða. Ég held að nú sé lag að sýna frumkvæði okkar í verki."

Siv Friðleifsdóttir:

### Eigum aðild að rannsókn

„Það er að fara af stað rannsókn á vegum Evrópuráðsins. Við erum aðilar að þeirri rannsókn og munum þurfa að svara þeim spurningum sem fyrir okkur verða lagðar," segir Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður utanríkismálanefndar. Hún segir að búið sé að senda Geir Haarde utanríkisráðherra bréf með spurningum sem gefa verði svör við fyrir 21. febrúar næstkomandi.



Siv segir að íslensk stjórnvöld séu almennt að bregðast við á sambærilegan hátt og stjórnvöld í nágrannaríkjunum. „Það hefur verið haft samband við flugmálayfirvöld og einnig krafist skýringa frá Bandaríkjunum," segir Siv.

Steingrímur J. Sigfússon:

### Vantar sjálfstæða rannsókn

„Ég tel að stjórnvöld séu út af fyrir sig að bregðast rétt við svo langt sem það nær. Það er að sjálfsögðu hárrétt að krefja bandarísk stjórnvöld refjalaust um skýringar á því sem hér fer fram.

Það hefði kannski mátt gera þetta með formlegri hætti að hálfu stjórnvalda," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.



„Ég hefði viljað sjá öfluga vinnu af hálfu íslenskra stjórnvalda sem miðaði að því að grafast fyrir um þessi mál með öllum tiltækum ráðum, á eigin forsendum," segir Steingrímur og bendir á að hægt væri að grafast fyrir um ákveðin flug sem til séu þó nokkrar staðreyndir um.

Össur Skarphéðinsson:

### Furðuleg linkind stjórnvalda

„Ég tel að við séum alls ekki að ganga nógu langt í þessu máli og það er furðuleg linkind sem virðist ráða afstöðu íslenskra stjórnvalda," segir Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingar. Hann segir að hér á landi sé það refsivert að gera nokkuð það sem geti stuðlað að pyntingum. „Við eigum refsilögsögu utan landsins í svona málum. Þess vegna ber okkur að setja rannsókn af stað og elta uppi þessa skálka."



Össur segir að starfsmenn utanríkisráðuneytisins hafi verið fengnir til þess að fara yfir málið fyrir utanríkismálanefnd en hann hafi ekki verið alls kostar ánægður með þær upplýsingar sem hafi komið fram úr þeirra vinnu.

„Það er vitað um tiltekin atvik þar sem menn hafa verið fluttir nauðugir á milli heimshluta."

Halldór Blöndal:

### Höfum haldið fast á málum

„Okkar afstaða er alveg skýr og hefur legið fyrir. Utanríkisráðherrann hefur sagt það afdráttarlaust að við Íslendingar viljum ekki mannréttindabrot á okkar flugvöllum," segir Halldór Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður utanríkismálanefndar.



Halldór bendir á að Geir Haarde, utanríkisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, hafi farið fram á skýr svör frá Bandaríkjamönnum um málið.

Geir sagði á Alþingi í síðasta mánuði að beðið væri frekari svara frá bandarískum stjórnvöldum, því að þau óformlegu svör sem þegar hefðu borist væru ekki fullnægjandi.

„Við Íslendingar höfum haldið fast á þessum málum gagnvart Bandaríkjamönnum og aðrar þjóðir hafa ekkert staðið þar framar okkur," segir Halldór.

# JÓLAPAKKINN Í ÁR

## GÓÐIR PAKKAR Á FRÁBÆRU VERÐI

**ÞRJÁR FLÍKUR Í EINNI**
- KULDAÚLPA
- ÚTIVISTARJAKKI
- VESTI




Litir
Stærð: M - XXXL
Stærð: 38 - 42

**Verð aðeins: 7.990.-**

**BORDMAN**
Vandaður regnheldur galli með góðu fleece fóðri að innan.



Litir:
Stærð: 80 - 130

**Verð aðeins: 4.990.-**



**Flíspeysur Diana Paulo**
Herra 4 litir: Verð aðeins 3.750.-
Dömu 3 litir: Verð aðeins 3.750.-
Barna 2 litir: Verð aðeins 3.250.-

**Útsölustaðir á landsbyggðinni:**
Olísverslunin Ólafsvík
Olísverslunin Njarðvík
Olísverslunin Siglufirði
Olísverslunin Hornafirði
Olísverslunin Reyðarfirði



**Afa inniskór**
Verð aðeins 1.495.-



**Gönguskór Banff**
Verð aðeins 8.340.-



**Gönguskór Conway**
Verð aðeins 5.490.-



**Gönguskór Whistler**
Verð aðeins 11.996.-



**Gönguskór Viking**
Verð aðeins 9.995.-



**Gönguskór Kemy**
Verð aðeins 13.995.-

**Póstsendum um allt land.**

Opnunartími:
virka daga til kl. 18
laugardag til kl. 16

ELLINGSEN
GRANDAGARÐI 2 • REYKJAVÍK • SÍMI 580-8500

# Erfitt að láta aðra sjá sig borða

**Hann var bara 14 ára þegar hann fékk fyrstu einkenni átröskunar sem átti eftir að umturna lífi hans. Hann hræddist að verða fyrir einelti í skólanum ef hann yrði feitur. Nú hefur hann verið á góðum batavegi í um það bil ár. Reykvískur piltur segir ótrúlega sögu sína af einlægni.**

Átröskunarsjúkdómar eru viðurkennt þjóðfélagsmein, og geta hæglega dregið fólk til dauða. Oftast er fjallað um sjúkdómana í tengslum við konur en ekki karlmenn. Þeir fá illvígustu tegundir þessara sjúkdóma engu að síður og þurfa að kljást við þá. En það ber miklu minna á þeim í umræðunni.

Viðmælandi blaðsins er 18 ára piltur. Hann féllst á að segja lesendum sögu sína. Hann bíður blaðamanns á Kringlukránni, myndarlegur og snyrtilegur strákur, greinilega ögn óstyrkur í fyrstu en það lagast fljótt. Hann vill ekki koma fram undir nafni í litlu samfélagi, enda hefur hann náð umtalsverðum bata eftir hetjulega baráttu við sjúkdóminn og er nú kominn í stjórnunarstöðu á sínum

TILVÍSANIR VEGNA ÁTRASKANA
Barna- og unglingageðdeild




vinnustað. Hann talar hægt og íhugandi þegar hann hefur frásögn sína, eilítið hikandi í fyrstu, en fljótlega einbeittur í að koma sögu sinni til skila, öðrum til fræðslu og viðvörunar.

„Ég var 14 ára, þá í 9. bekk, þegar þetta hófst, á þeim aldri þegar útlitið skiptir rosalega miklu máli," segir hann. „Ég hafði aldrei verið feitur. Svo fór ég skyndilega að pæla í því að ef ég yrði feitari yrði ég áreiðanlega lagður í einelti. Ástæðan var sú, að í bekknum mínum var strákur sem var feitur. Hann var lagður í einelti út af því. Ég var meðvitaður um eineltið, tók ekki beinan þátt í því en gerði ekkert til að stöðva það. Mér leið alveg hræðilega illa með það, en hélt mig til hlés.

Þessi fituhugsun var að gerjast í kollinum á mér í um það bil tvo mánuði áður en sjúkdómurinn byrjaði að koma í ljós. Ég fór að borða minna og minna. Ég fékk mér bara einu sinni á diskinn minn, setti minna á hann og hætti að borða á morgnana. Ég borðaði bara skyr í skólanum. Smám saman fór ég að lengja sveltitímann."

Hann rifjar upp að hann hafi verið stoltur af því hvað hann borðaði lítið. Það hefði ekki hvarflað að sér að þetta mataræði væri óhollt. Hann segist hafa litið á það sem sigur að borða ekki heilan dag.

### Yfir þröskuldinn

„Ég vissi ekkert um þennan sjúkdóm," segir hann. „Það var engin fræðsla, sem er svo nauðsynleg einmitt á þessum aldri, 13 - 15 ára. Einhverju sinni hafði ég ekkert borðað í tvo daga. Ég var orðinn algerlega orkulaus, ótrúlega þreyttur og nístandi svangur. Fjölskyldan mín var farin að taka eftir því hve ég borðaði lítið, því hluti af þessu var að ég vildi ekki sýna henni að ég væri að borða. Eftir tveggja daga svelti læddist ég fram seint að kvöldi, þegar allir voru farnir að sofa og reif í mig leifarnar af kvöldmatnum og sætindi sem ég fann, þar til ég stóð á blístri. Strax eftir átið fékk ég hræðilegt samviskubit. Nú væri ég búinn að skemma planið mitt. Mér hafa alltaf fundist uppköst ógeðsleg, en þarna datt mér í hug að losa mig við matinn. Ég fór inn á klósett og reyndi að kúgast. Það var viðbjóðslegt. Ég gat ekki kastað upp og fékk svo mikið þunglyndiskast að ég fór að hágráta. Mamma mín vaknaði, kom fram og spurði hvað væri að mér. Ég sagðist sakna afa míns svo mikið, en hann hafði dáið nokkru áður. Hún tók það trúanlegt. Því næst fór ég að sofa, þjakaður af samviskubiti."

Daginn eftir hugsaði hann með sér að hann skyldi passa sig á þessu næst. Fólk var nú farið að tala um hvað hann hefði grennst og það fannst honum „alveg frábært." Hann segist hafa viljað heyra meira af því tagi.



**EINS OG LÍK** Það eru margir með átröskun, sérstaklega stelpur, segir þessi ungi piltur sem þekkir sjúkdóminn af eigin raun. „Ég sé það á þeim eins og skot. Þær eru mjög, mjög grannar, hljóðlátar og sjást aldrei borða í matsalnum. Þær eru ýmis rosalega öruggar, til að breiða yfir sjúkdóminn, eða mjög óöruggar. Þær eru með útstæð augu, sérstaklega þær sem eru með lystarstol. Þær eru eins og lík." FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Fræðsla hefði drepið þennan hugsunarhátt í fæðingu, ég veit það núna," segir hann ákveðinn. „Hugsun mín á þessum tíma var sú, að heimurinn vildi að ég væri grannur. Grönnu fólki vegnaði betur.

Næsta kvöld borðaði ég og kastaði upp. Ég áttaði mig á því að ef ég drykki lítra af vatni eftir að ég hafði borðað var miklu auðveldara að losa sig við matinn. Þegar hér var komið vissi ég að þetta var ekki eðlilegt, en þetta var orðinn lífstíll hjá mér. Svelta mig vel, troða mig út af mat, kasta honum upp og byrja á nýrri hringferð."

Þegar hann var búinn að vera með búlimíu eða lotugræðgi í tvo mánuði fór móðir hans að taka eftir því að eitthvað óeðlilegt var á seyði. Hann var heiman á matmálstímum, var duglegur í hreyfiíþrótt sem hann hafði náð langt í, en reyndi með öllum ráðum að komast undan því að borða. Hann segist hafa rifist mikið við móður sína á þessum tíma. Hann hefði orðið brjálaður þegar hún reyndi að koma mat ofan í hann. Á þessum tímapunkti byrjaði hann að reykja og segir að sígarettan hafi að miklu leyti komið í staðinn fyrir mat.

### Fékk krampa af orkuleysi

„Eftir eitt ár fór ég að fá krampa í líkamann af orkuleysi ef ég reyndi á mig. Líkaminn var orðinn svo veikburða. Maðurinn sem sá um að þjálfa mig tók eftir þessu og sagðist vilja hitta mig og mömmu. Ég varð að hlíta því, en sagði ekki aukatekið orð meðan þau ræddu saman. Síðan bað hann mömmu að fara, snéri sér að mér og spurði hvort ég væri með átröskun eða lystarstol. Ég vissi ekki einu sinni hvað það var. „Ef þú heldur svona áfram geturðu dáið á morgun," sagði hann þá. Þessi orð voru upphafið að því að ég færi að leita mér hjálpar. Um kvöldið fór ég á vigtina og var þá 36 kíló, en 1,74 á hæð. Þarna var ég aðeins 6 kílóum þyngri heldur en þegar ég var sjö ára. Mér fannst þetta hrikalegt, en á sama tíma rosalega „kúl"."

Nú verður að fara hratt yfir sögu. Þarna varð hann í fyrsta skipti háður vigtinni. Hann vildi ekki fara yfir 40 kíló, hvað sem í boði væri. Á þessum tíma fór hann í framhaldsskóla og þar leið honum mjög vel. Hann fór nú að langa til að lifa eðlilegu lífi og fór, með aðstoð mömmu sinnar, til sálfræðings.

„Ég hitti hann vikulega og þá fór ég að komast á rétta braut. Í fyrstu borðaði ég alltaf uppi í skólastofu, en færði mig síðan niður í mötuneyti skólans. Það var alveg hroðalega erfitt að láta aðra sjá sig borða til að byrja með, en svo vandist það smátt og smátt."

En hver er staðan núna?

„Nú hef ég lifað eðlilegu lífi í eitt ár. Ég hái mína baráttu við sjúkdóminn á hverjum degi en hef betur. Ég er alltaf með þennan stimpil í kollinum, sem ég verð að lifa við og vinna með á hverjum degi. Ég segi að þessi sjúkdómur sé nú í fortíðinni og þegar ég sé myndir af mér sem teknar voru á þessum tíma þá finnst mér þær ógeðslegar."



FRÉTTASKÝRING
JÓHANNA SIGÞÓRSDÓTTIR
jss@frettabladid.is


## Hvað gerist þegar maðurinn deyr?




Hér eru 27 frásagnir vina og ættingja, þjóðkunnra presta og einkasonar, sem fórst í bílslysi, af því hvernig var að „deyja" og hvað við hafi tekið.

Þar segir Runólfur, stjórnandi Hafsteins miðils, ítarlega frá sinni reynslu og sagt er frá stórmerkum sýnum Bjargar S. Ólafsdóttur miðils við dánarbeð.

Þá er sagt frá enska miðlinum Horace S. Hambling og stórmerkum fyrirbærum.
Gerð er grein fyrir mismunandi boðskap þjóðkirkjunnar um dauðann og annað líf á síðustu öld og áhrifum spíritismans á trúarskoðanir þjóðarinnar.

**Árnesútgáfan**
**Sími: 482 1567**


## Aðstandendur í leit að hjálp

„Það eru oftar aðstandendur átröskunarsjúklinga sem leita eftir hjálp heldur en hinir sem eru með sjúkdóminn," segir Margrét Gísladóttir, hjúkrunar- og fjölskyldufræðingur. Hún rekur ásamt þremur öðrum fagmönnum þverfaglega miðstöð fyrir átraskanir, Prismu, þar sem boðið er upp á margþætt meðferðarprógram. Ásamt Margréti starfa hjá Prismu listmeðferðarfræðingur, næringarfræðingur og geðhjúkrunarfræðingur. Auk BUGL og Prismu getur fólk leitað til geðlækna og sálfræðinga.

Markmið Prismu er að bjóða fræðslu, stuðning og meðferð við átröskun, að sögn Margrétar. Leitast er við að efla sjálfstraust, sjálfsvitund og færni einstaklingsins til að vinna á sjúkdómnum. Einnig er unnið á afleiðingum átröskunar svo sem kvíða og vanlíðan. Lögð er rík áhersla á að vinna með fjölskyldum og aðstandendum.

Í Prismu er boðið upp á einstaklingsviðtöl. Þá er hægt að panta símaviðtöl. Boðið er upp á almenna meðferðarhópa, aðstandenda- og fjölskylduhópa og hópa fyrir fólk í yfirþyngd. Jafnframt sjálfstyrkingarhópa með listrænni tjáningu og umræðum. Loks er boðið upp á hóp í tilfinningavinnu í gegnum slökun og listtjáningu.

Barna- og unglingageðdeild:

## Ellefu ára börn með átröskunarsjúkdóma

Yngstu krakkarnir sem hafa komið inn á Barna- og unglingageðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss vegna átröskunar eða skyldra einkenna hafa verið um 11 ára, að sögn Helgu Jörgensdóttur, geðhjúkrunarfræðings og teymisstjóra átraskanateymis BUGL. Átraskanateymið vinnur að greiningu og meðferð átraskana barna og unglinga upp að 18 ára.

Helga segir að átröskunartilfellum hafi fjölgað á Bugl á síðari árum. Borist hafi á áttunda tug tilvísana til teymisins vegna átraskana frá árinu 2002. Fyrir þann tíma hafi tilvikin verið um 6 til 8 á ári, en séu nú orðin tæplega 20 á ári. Aðeins örfáir leggist inn en flestir fái meðferð á göngudeild BUGL.

„Líklegar ástæður fyrir þessu eru að mínu mati tvær," segir hún. „Annars vegar er farvegurinn að beinast hingað. Hins vegar að um beina aukningu sé að ræða."

Helga segir talið að lystarstol geti hafist upp úr átta ára aldri en lotugræðgi síðar eða um 12 ára aldur. Spurð um hvernig þessi hegðun lýsi sér hjá yngstu börnunum segir Helga að þau skeri niður í mataræði, hætti að borða



**HELGA JÖRGENSDÓTTIR** Fjórir þættir eru taldir leiða til átröskunar: Lífeðlisfræðilegir þættir, fjölskyldulegir, umhverfislegir og samfélagslegir.

sælgæti, dragi úr fæðutegundum sem þau telji að séu fitandi og hamist við að hreyfa sig. Þetta fari fljótlega að bitna á þeim líkamlega, andlega og félagslega. Hvað varðar hlutfall milli drengja og stúlkna var fyrir nokkrum árum talað um einn strák á móti 20 stelpum. Nú sé talað um einn dreng á móti 10 stúlkum.

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

# Jólaboð Fjölbreytt úrval af gjafavörum




## Nuddpúði
Láttu þér líða vel. Frábær, einfaldur nuddpúði fyrir fætur og bak. Rafhlöður fylgja ekki með.

**5.490 kr.**



## Clarins
Clarins Volume augnumhirðu- og maskarakassi.

**2.119 kr.**



**2.589 kr.**

## Tendenza
Van Gils gjafakassar henta herrum á öllum aldri.



## Clarins
Róandi dekurlína fyrir konur á öllum aldri.

**3.739 kr.**



**5.490 kr.**

## Joe Boxer dömunáttföt
Falleg náttföt á dömur.



## I Love Love
Nýr og ferskur ilmur frá Moschino.

**3.869 kr.**




**4.780 kr.**

## Undirteppi UB33
Beurer undirteppi, 3 hitastillingar, 150x80 sm.



**frá 1.699 kr.**

## Úrval geisladiska
Núna eru komin tónlistarhorn í allar verslanir Lyfju. Þar færðu alla nýjustu og vinsælustu geisladiskana. Gefðu tónlistargjöf um jólin eða finndu þér eitthvað skemmtilegt að hlusta á.

12 Tónar
Plan B

**Komdu í Jólaboðið og skoðaðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.**



GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRU

GJAFAPOKI FYLGIR

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási



# landslag

*fólkið í landinu*

ATVINNUREKANDINN: RAGNAR ÞÓRÐARSON Í DÚDDABÚÐ

## *Það er tóm vitleysa að standa í þessu*

Sú var tíðin að fjórar verslanir voru reknar á Þingeyri. Nú er aðeins ein eftir, sem ber nafn einsog búðir gerðu hér á öldinni sem leið: Dúddabúð. Verslunin er til húsa í gömlu bárujárnsklæddu húsi niður á eyrinni og þar er Ragnar Þórðarson konungur í ríki sínu; kaupmaður í þriðja ættlið.



**Verslun og veitingahús**

Ragnar segir reksturinn erfiðan og það sé í raun tóm vitleysa að standa í þessu. „Ég er búinn að basla í þessu í tvö og hálft ár og það sem vantar er eiginlega að fólkið hér á staðnum geri það upp við sig hvort það vill hafa búð hérna eða ekki," segir hann mæðulega. Og til að skjóta fleiri stoðum undir reksturinn heldur hann úti litlum veitingastað eða bar í sama húsnæði. „Það er þetta sem heldur þessu uppi eins og er," segir hann um leið og hann afsakar hvað úrvalið á barnum sé fátæklegt.

**Flutningskostnaðurinn sligar**

Eitt af því sem Ragnar segir að sé að sliga alla landsbyggðaverslun er flutningskostnaðurinn. „Ég fékk til dæmis þrjátíu kílóa pakka með flugi um daginn og það kostaði sextíu krónur á kílóið og ég fékk tíu kílóa pakka með Flytjanda og það kostaði 166 krónur á kílóið. Þetta er auðvitað bara rugl," segir hann og hristir höfuðið.

**Stofnleið um Suðurfirðina**

Samgöngumálin eru Ragnari í Dúddabúð hugleikin og hann segir ekkert vit í að halda úti tveimur stofnleiðum frá svæðinu, annars vegar um Djúpið og hins vegar um Suðurfirðina. „Leiðin um Suðurfirðina er og verður styst og ef við einbeitum okkur að því að byggja upp stofnleiðina um Suðurfirðina komast allir Vestfirðingar til Reykjavíkur á þremur tímum," segir hann og talar einsog pólitíkus.

## STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



### ÞINGEYRI

Íbúafjöldi 1. desember 2004: 335

Íbúafjöldi 1. desember 2000: 333

Íbúafjöldi 1. desember 1988: 472

**Sveitarfélag:** Ísafjarðarbær

**Bæjarstjóri:** Halldór Halldórsson

**Helstu atvinnufyrirtæki:** Fjölnir fiskvinnsla, Véla- og bílaþjónusta Kristjáns, Verslun Dúdda Sigm, Harðfiskverkun Ragnars, Heilsugæslan

**Skólar:** Grunnskólinn á Þingeyri, Leikskólinn Laufás

**Vegalengd frá Reykjavík:** 429 km um Hvalfjarðargöng

# Ekkert að hafa fyrir sálina

**Þingeyri við Dýrafjörð kúrir værðarlega undir gráyrjóttu Sandafellinu, þegar við Sigurður Þór Salvarsson og Gunnar V. Andrésson ökum niður af Gemlufallsheiðinni milli Önundarfjarðar og Dýrafjarðar.**

Það er því sem næst alskýjað; hæglætisveður og drungaleg skammdegisskíman endurkastast af sléttum haffletinum. Dýrafjörðurinn er hvítur yfir að líta, þó ekki alhvítur, það er frekar snjólétt; fjöll engu að síður fannbarin hið efra.

Kaldbakur gnæfir yfir til suðurs en í vestri stendur Mýrafellið stakt einsog útvörður fjarðarins. Við brúna yfir fjörðinn á móts við Ketileyri hópar sig æðarfugl í straumkastinu.

**Fjarðargata verður Hafnarstræti**

Þorpið á Þingeyri er langt og mjótt; teygir sig frá eyrinni sjálfri þar sem sagan segir að Dýrafjarðarþing hafi verið haldið til forna og út með Sandafellinu til austurs. Fjarðargata er lengsta gatan; svo löng að það þarf tvö nöfn á hana, nafnið breytist í Hafnarstræti þegar komið er niður á eyrina.

**Nýsteiktar kleinur**

Við ætlum að heilsa upp á eina af þekktustu dætrum Þingeyrar; Vögnu Sólveigu Vagnsdóttur, sem er þjóðkunn fyrir framlag sitt til þjóðmálaumræðunnar gegnum spjallþætti útvarpsstöðvanna. Það er ekki þrautalaust að finna húsið hennar; Þingeyrarbúar eru sparir á húsnúmer einsog gerist víða á landinu. Það hefst að lokum og Sólveig tekur á móti okkur af íslenskum rausnarskap; kaffi og nýsteiktar kleinur á borðum og brauð með hangiketi aukinheldur.

Húsfreyja gerir lítið úr góðgerðunum; snertir varla á þeim sjálf, nýtur þess frekar að sjá gestina gera sér þær að góðu. Utan við gluggann eru börn að leik; reyna að renna sér á sleða en það gengur hálfbrösuglega vegna snjóleysis. Hér og hvar er búið að hengja upp jólaljós.



VAGNA SÓLVEIG VAGNSDÓTTIR Vagna hóf listsköpun þegar hún hætti launavinnu og mótar fígúrur í leir, sker út í tré og saumar út.

**Fiskvinna í fimmtíu ár**

Sólveig hefur búið á Þingeyri síðan hún var tvítug en hún stendur á sjötugu. Og lengst af vann hún í fiskvinnslu. Nú er hún komin á eftirlaun og dagarnir líða hægt. „Það er rólegt og gott að búa hérna, en það er ekkert að hafa fyrir sálina," segir hún og hlær íbyggin á svip. Röddin er hrjúf.

Hún segir meðalaldur íbúanna háan. „Þetta er svo mikið sextíu ára og eldra," segir hún með hægð. „Þess vegna er svona lítið gert fyrir Þingeyri," bætir hún við, „þetta er ónýtt fólk," og nú ískrar í henni hláturinn. Hún talar umbúðalaust; er hress og kát og sér iðulega hinar spaugilegu hliðar hlutanna. „Ég segi það sem mér finnst," segir hún ákveðin. „Mér er nákvæmlega sama hver á í hlut, ef ég tel mig hafa rétt fyrir mér. Og það má líka segja hvað sem er við mig á móti, ég ræð því hvað ég tek inn á mig."

**Beinagrindin ein eftir**

Þingeyri sameinaðist byggðarlögum norðan Dýrafjarðar fyrir nokkrum árum undir nafni Ísafjarðarbæjar. Sólveig segist ekki hafa stutt sameiningu og að margir sjái nú eftir því að hafa samþykkt þetta. „Það er bara búið að éta allt utan af beinagrindinni," segir hún hispurslaust. „Frá því göngin komu og sameiningin varð, þá er bara ekkert eftir, hvert einasta starf farið til Ísafjarðar. Göngin liggja bara í norður ... ekki suður," segir hún fastmælt.

Og sem dæmi um það hvernig þjónusta hefur minnkað með árunum nefnir hún læknisþjónustuna. „Það kemur hér læknir frá Flateyri eða Ísafirði tvisvar í viku og þú verður eiginlega að panta tíma viku eða hálfum mánuði áður en þú veikist," segir hún sposk á svip og skellir svo upp úr.

**Listakona í höndunum**

Þegar Sólveig hætti að vinna í frystihúsinu var hún ekki tilbúin að setjast í helgan stein. Hún fór að dunda við að móta styttur af alls kyns fígúrum og hlutum í leir og fæst líka við að skera úr andlit í fjalir og spýtur auk þess sem hún saumar út. „Ég sit ekki iðjulaus og læt mér leiðast," segir hún og það hnussar í henni.

Allt ber þetta góðu handverki vott og Sólveig hefur af og til brugðið sér suður til að sýna og selja. Mest segist hún þó gera þetta til gjafa. „Þetta er fínt í jólagjafir," segir hún og handfjatlar gripina sína af varúð.

**Langar að fara**

Sólveig kemur úr stórum systkinahópi og þær eru enn fjórar systurnar sem búa á Þingeyri og nokkur barna þeirra líka. Og svo gæti farið að Sólveig og hennar börn færu burt einsog svo margir á undan þeim. „Okkur langar til að fara en hvað verður úr því veit ég ekki," segir hún og horfir fjarrænum augum út um gluggann. ■



ÞINGEYRI Jaðarbyggð í Ísafjarðarbæ sem hefur orðið útundan að sumra sögn.



# Ekkert samviskubit um jólin!

Leitaðu eftir Cremefine-vörunum ef þú vilt spara hitaeiningar í jólamatargerð og bakstri. Þú getur notað Cremefine til þeytingar eins og venjulegan rjóma, og hann fæst bæði hreinn og með vanillu. Cremefine *Vanilla* er gómsætur með kökum og ís og hentar auk þess frábærlega til ísgerðar eða óþeyttur út á berin. Í heitu sósurnar notarðu Cremefine *til madlavning* og í þær köldu er prýðilegt að nota Cremefine *Fraiche*.




Fiton/SÍA FI015276

MEÐ JURTAFITU

Freisting sem óhætt er að falla fyrir!

# 30–62%




**3.990kr** Bókatíðindaverð 5.990,-
**33%*** afsláttur




**2.786kr** Bókatíðindaverð 3.980,-
3. sæti** Almennt
**30%*** afsláttur




**3.143kr** Bókatíðindaverð 4.490,-
1. sæti** Almennt
**30%*** afsláttur
Óttar Sveinsson áritar Laugardag kl. 14-15 í Kringlunni




7. sæti** Skáldverk
**2.996kr** Bókatíðindaverð 4.280,-
**30%*** afsláttur




**2.269kr** Bókatíðindaverð 3.490,-
**35%*** afsláttur




**1.253kr** Bókatíðindaverð 1.790,-
**30%*** afsláttur




4. sæti** Skáldverk
**3.283kr** Bókatíðindaverð 4.690,-
**30%*** afsláttur




3. sæti** Ævisögur
**4.193kr** Bókatíðindaverð 5.
**30%*** afsláttur




**3.143kr** Bókatíðindaverð 4.490,-
**30%*** afsláttur
10. sæti** Skáldverk




**3.493kr** Bókatíðindaverð 4.990,-
**30%*** afsláttur




**3.1** Bókatíðindav
**30%*** afsláttur
7. sæti** Almennt

* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði.

** Samkvæmt sölulista Morgunblaðsins 22.-28. nóvember 2005.

Gildir til 5. desember eða á meðan birgðir endast.

# afsláttur af vinsælum bókum

## Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar




**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**MANNLEGUR HARMLEIKUR** Ættingi eins verkamannanna frá Qitaihe brestur í grát þegar hún heyrir um örlög ástvinar síns. Slys á fjarlægum slóðum eru oft meðhöndluð eins og hver önnur tölfræði í vestrænum fjölmiðlum. Á bak við hvert einasta dauðsfall eru hins vegar manneskjur sem verða aldrei samar eftir að ógæfan hefur dunið yfir. NORDICPHOTOS/AFP

# Sorgin sækir Qitaihe heim

**Að minnsta kosti 161 verkamaður fórst í námuslysi í Qitaihe í Kína í vikunni. Hver og einn þeirra á fjölskyldu og vini sem syrgja þá meira en orð fá lýst.**

**KÍNA** Nú er ljóst að yfir 160 verkamenn biðu bana í Dongfeng-kolanámunni nærri borginni Qitaihe í Heilongjiang í norðaustanverðu Kína á sunnudaginn þegar neisti hljóp í kolaryk með þeim afleiðingum að mikil sprenging varð djúpt ofan í dimmri og þröngri námunni. Þetta slys er ekkert einsdæmi því á hverju ári bíða yfir fimm þúsund verkamenn bana í kínverskum námum.

Zhang Xianzhe kom úr fjölskyldu sem hefur haft lifibrauð sitt af námagreftri í margar kynslóðir. Þrátt fyrir að vera aðeins 23 ára gamall hafði hann stritað í Dongfeng-námunni í sjö ár fyrir rúmar tíu þúsund krónur á mánuði. Á þriðjudaginn voru fjölskyldu hans færð tíðindin um að Zhang hefði verið á meðal þeirra sem týndu lífi í sprengingunni.

„Það er ekkert sem við getum gert,“ sagði Zhang Yaowu, faðir hans, sjálfur fyrrverandi námaverkamaður, kaldri röddu í samtali við fréttamann AP-fréttastofunnar. „Við verðum að vinna og vinnan er hættuleg. Lífið heldur áfram.“ Xianchen, bróður Zhangs, var hins vegar heitara í hamsi. „Ég get ekki lýst því hvernig mér líður.“

Námuslys kostuðu á síðasta ári yfir sex þúsund mannslíf, eða sextán á dag, og þetta ár virðist ætla að taka svipaðan toll. Félagasamtök frá Hong Kong sem berjast fyrir bættum aðbúnaði verkamanna telja að banaslysum í námum fari fjölgandi með hverju árinu. Gögn þeirra benda til að sjö af þeim níu námuslysum sem fleiri en hundrað hafa farist í frá 1949 hafi orðið á síðustu fimm árum. Þannig fórust 214 verkamenn í sprengingu í febrúar síðastliðnum í Liaoning-héraði.

Flest slysin verða í litlum námum sem oft og tíðum hafa ekki tilskilin starfsleyfi. Öryggistilskipanir eru sjaldnast í hávegum hafðar og loftræsting og brunavarnir eru yfirleitt með slælegra móti. Enda þótt kínversk stjórnvöld hafi lokað yfir 12.000 námum á þessu ári, stórhert eftirlit og hert refsingar þeirra sem hundsa tilmæli um bætt öryggi virðist lítið breytast. Efnahagsuppgangur síðustu ára kallar á stóraukna orkuframleiðslu og því hefur hagkerfið heldur ekki efni á að halda námunum lengi lokuðum eða láta fylgja eftirlitinu fast eftir. „Kínverskir kolanámumenn greiða með blóði sínu til að Kína geti sýnt fram á átta prósenta hagvöxt,“ segir í skýrslu samtakanna frá Hong Kong. „Það er of grimmilegt og of hátt verð að greiða.“

Rétt eins og ummæli föður Zhangs að ofan sýna eru margir Kínverjar vonlitlir um að nokkuð muni breytast. „Þetta land er óréttlátt,“ er dómur frænku hans. Aðrir í herberginu sem viðtalið við hana fer fram í segja henni að gæta sín, slíkt geti verið hættulegt að segja í viðurvist erlends blaðamanns.

sveinng@frettabladid.is





**Hlaupagreining föstudaginn 02.des í Útilíf í Smáralind kl. 13-18.**

**100% ánægja**, ef þú ert ekki ánægð/ur með hlaupaskóna færðu þá endurgreidda.
Nú er **20% kynningarafsláttur** á adidas hlaupaskóm í öllum Útilífs búðunum. Komdu í fría hlaupagreiningu og láttu sérfræðing frá adidas upplýsa þig um hvernig hlaupaskór henta þínu hlaupalagi.
**Hugsaðu vel um fæturnar og fáðu þér vandaða hlaupaskó frá adidas.**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# skoðun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Átök á heimilinu**
Á ytra borði ríkir friðsæld á stjórnarheimilinu. En heimilismenn viðurkenna í einkasamtölum að eitt og annað bjáti á innan dyra. Til dæmis hefur að undanförnu verið tekist á um Íbúðalánasjóð sem lýtur forræði framsóknarmannsins Árna Magnússonar félagsmálaráðherra. Sjálfstæðismenn vilja að sjóðurinn verði settur í umsjón fjármálaráðuneytis þar sem Árni M. Mathiesen ræður húsum. Hermt er að ákveðnastur í þeirri kröfu sé ráðuneytisstjóri Árna, Baldur Guðlaugsson, sem í þrengsta hópi framsóknarmanna er kallaður „yfirráðherra“ Sjálfstæðisflokksins. Baldur hefur um langt árabil verið einn nánasti trúnaðarmaður og ráðgjafi forystumanna Sjálfstæðisflokksins. Hann var lengi formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.

**Gagnrýni í skýrslu**
Sjálfstæðismenn segja að tillaga þeirra um vistaskipti Íbúðalánasjóðs byggi á málefnalegum sjónarmiðum. Þeir benda á að í hinni nýju skýrslu Ríkisendurskoðunar um sjóðinn komi fram að fjármálaráðuneytinu hafi ekki fyrr en eftir dúk og disk verið gerð formleg grein fyrir umdeildum lánasamningum Íbúðalánasjóðs við banka og sparisjóði á þessu ári. Seint og síðar meir hafi Lánasýslu ríkisins og Ríkisábyrgðasjóði (sem undir fjármálaráðuneytið heyra) verið gerð grein fyrir þróun mála. Að þessu er fundið í skýrslunni. Í fjármálaráðuneytinu segja menn að þeir verði að geta stjórnað Íbúðalánasjóði til að ná einhverjum tökum á þróun opinberra fjármála.

**Aldrei samþykkt**
„Þetta verður aldrei samþykkt. Sama hvað yfirráðherrann segir,“ sagði háttsettur maður á stjórnarheimilinu við erindreka þessa dálks. Framsóknarmenn telja að á bak við kröfuna um að fjármálaráðuneytið taki við yfirstjórn Íbúðalánasjóðs búi fyrst og fremst hugmyndin um að leggja hann niður eða einkavæða. Það geta þeir ekki hugsað sér. Svo er sjóðurinn líka vinnustaður margra góðra og gegnra framsóknarmanna og það kann að hafa sitt að segja. Loks vegur það þungt að Íbúðalánasjóður er að Byggðastofnun undanskilinni eina fjármálastofnunin sem framsóknarmenn stjórna. Og alkunna að búið er að loka fyrir lánaveitingar úr Byggðastofnun.

gm@frettabladid.is

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Styrjöldin í Írak dregst á langinn og Bush forseti virðist úrræðalítill.

# Siðferðislegur ósigur Bandaríkjamanna

Varla hafði George Bush Bandaríkjaforseti lokið ræðu sinni í flotaskólanum í Annapolis í Maryland á miðvikudaginn, þar sem hann skýrði frá nýjustu áætlun sinni til að ljúka stríðinu í Írak, er fréttir bárust sem sýna að hvað sem líður hernaðarástandinu í landinu hafa Bandaríkjamenn beðið siðferðislegan ósigur þar með framgöngu sinni. Upplýst var í bandaríska dagblaðinu *Los Angeles Times* að Bandaríkjastjórn greiðir íröskum blaðamönnum mútur til að fá þá til að skrifa fréttir og greinar sem þóknanlegar eru hernámsliðinu. Ekki eru margir dagar síðan haft var eftir Allawi, fyrrverandi forsætisráðherra Íraks, að brotið væri á mannréttindum þar í jafn miklum mæli og í valdatíð Saddams Husseins fyrrverandi forseta. Nýjar staðhæfingar hafa jafnframt komið fram um að eiturvopnum hafi verið beitt gegn óbreyttum borgurum í stríðsrekstrinum á síðasta ári.

*Ræða Bush forseta í Annapolis sýnir að hann er í reynd úrræðalítill gagnvart þeim stórkostlegu hörmungum sem hann og stjórn hans hafa stofnað til í Írak.*

Von er að fólk um heim allan spyrji: Til hvers er þetta stríð háð? Hvað réttlætir þennan hernað? Því miður skortir algerlega réttlætingu fyrir innrásinni í Írak og hernámi landsins. Upphafleg réttlæting hefur reynst blekking og staðhæfingar um að innrásarliðinu yrði tekið fagnandi af írösku þjóðinni hafa ekki reynst á rökum reistar. Þess í stað hefur innrásin leitt til ástands sem varla er hægt að kalla annað en borgarastyrjöld. Almenningur býr við ótta og öryggisleysi á degi hverjum. Hryðjuverk þar sem óbreyttir borgarar eru helsta skotmarkið eru nær daglegur viðburður.

Rétt er að hafa í huga að það er opinbert markmið Bandaríkjastjórnar með innrásinni í Írak og hernámi landsins að koma þar á lýðræði og festa í sessi vestrænan mannréttindaskilning í arabaheiminum. Kosningarnar sem fram fóru í landinu voru liður í þessu. En varla er sama að segja um kerfisbundnar fréttafalsanir, pyntingar á föngum og önnur mannréttindabrot? Vel má vera að hernaðarsérfræðingar og einhverjir stjórnmálamenn í Washington trúi því að hér helgi tilgangurinn meðalið. En það er þá sjálfsblekking. Með því að beita slíkum aðferðum grafa Bandaríkjamenn sína eigin gröf jafnt í Írak sem gagnvart almenningsálitinu í heiminum.

Ræða Bush forseta í Annapolis sýnir að hann er í reynd úrræðalítill gagnvart þeim stórkostlegu hörmungum sem hann og stjórn hans hafa stofnað til í Írak. Ræðan og nýja áætlunin voru greinilega öðrum þræði tilraun til að friða almenningsálitið á heimaslóðum, sem er nú að snúast gegn stríðsrekstrinum og forsetanum. Bush gat engin skýr svör gefið um það hvernig eða hvenær lögum og friði yrði komið á í Írak. Áformin um að láta Íraka sjálfa taka smám saman yfir her og lögreglu eru út af fyrir sig skynsamleg en fram að þessu hefur allt gengið á afturfótunum í þeim efnum og ekki blasir við að þetta muni gerast á næstu mánuðum. Bandaríkjastjórn kaus að skella skollaeyrum við varnaðarorðum gegn innrásinni í Írak á sínum tíma og sýpur nú seyðið af hroka sínum og blindu. ■

# Íslensk menningarbylting

Í DAG
HÁSKÓLASAMFÉLAGIÐ



BIRGIR GUÐMUNDSSON

*Það eru einfaldlega að eiga sér stað miklar þjóðfélagsbreytingar sem bregðast þarf við og sérstaklega er brýnt að hækka snautlega lágt hlutfall háskólamenntaðra á íslenskum vinnumarkaði. Í þeim efnum þurfa þúsund blóm að spretta.*

Það voru athyglisverðar fréttir sem sagðar voru af kostnaði í háskólum landsins í morgunfréttum RÚV í gær. Samkvæmt nýrri úttekt Ríkisendurskoðunar fyrir fjárlaganefnd á níu háskólum árin 2003 og 2004 er kostnaður á hvern nemanda lægstur í Háskólanum á Akureyri. Munar talsverðu á skólum og er Háskóli Íslands með þriðju ódýrustu nemendurna, en Háskólinn í Reykjavík er með þá næst ódýrustu.

Þessar upplýsingar eru afar athyglisverðar í ljósi þess að fyrir aðeins nokkrum dögum var birt evrópsk samanburðarúttekt þar sem kom í ljós að Háskóli Íslands er nánast að gera kraftaverk fyrir þá fjármuni sem til hans er varið ef menn litast um í Evrópu eftir samanburði. Þrátt fyrir að skipa næstneðsta sætið í Evrópu hvað varðar fjárframlög heldur HÍ uppi hágæða rannsókna- og kennslustarfi að mati Samtaka evrópskra háskóla. Það verður því seint sagt að fjárþröng skólans stafi af bruðli og hægt sé að blása þar til sóknar án aukinna framlaga.

En niðurstaða Ríkisendurskoðunar frá því í gær bendir líka til að Háskólinn á Akureyri sé í nokkuð sérstakri stöðu. Þar eru útskrifaðir ódýrustu háskólastúdentar í landinu á sama tíma og umræðan hefur snúist um mikil fjárhagsvandræði skólans. Raunar hefur skólinn staðið í sársaukafullum aðhaldsaðgerðum á síðustu vikum og velt við öllum steinum til að spara án þess að skerða eða spilla því rannsóknar- eða kennslustarfi sem þar fer fram. Ekki verður annað séð en að tekist hafi að halda sjó hvað þetta varðar þó eflaust muni til lengri tíma eitthvað hægja á þeirri framsækni sókn og nýsköpun í kennslu og rannsóknum sem einkennt hefur skólann. Það er hins vegar þakkarvert að skólinn skuli þrátt fyrir þennan litla tilkostnað á hvern nemanda geta áfram haldið úti námsframboði sem augljóslega hefur höfðað til landsmanna og skapað þá ótrúlegu velgengnissögu sem birtist í vexti skólans.

Raunar benda bæði niðurstöður Samtaka evrópskra háskóla um Háskóla Íslands og samanburðartölur Ríkisendurskoðunar til þess að háskólastigið á Íslandi þjáist ekki af offitu og óhagkvæmum rekstri. Ekki í það minnsta í samanburði við það sem þykir eðlilegt í alþjóðlegu samhengi. Þvert á móti. Skólarnir eru að sjálfsögðu ólíkir og eðlilegt að skóli eins og Háskóli Íslands sé dýrari á hvern nemanda en yngri skólar með takmarkaðra námsframboð. Mjög mikilvægt er þó að undirstrika að það er ekki og á ekki að vera keppikefli háskóla að útskrifa nemendur með sem minnstum tilkostnaði. Háskólamenntun er ekki vara sem hentar til fjöldaframleiðslu - rannsóknir og kennsla eru ekki McDonald's-hamborgarar.

Spurningin sem spyrja þarf snýst því miklu frekar um hinn pólitíska vilja og skilning til að hækka menntunarstigið í samfélaginu almennt. Sú „reformíska“ hugmyndafræði hefur verið afar lífseig hér á landi að vinnan göfgi og að bókvitið verði ekki í askana látið. Að sú vinna ein skapi verðmæti, sem búi til áþreifanlegar afurðir s.s. ál eða fisk, sem flutt séu út með skipum eða flugvélum. Okkar vandi er að slík verðmæti er nú hægt að búa til með margfalt ódýrari hætti annars staðar í heiminum þar sem vinnuaflið kostar brot af því sem við viljum og þurfum. Þessi staða kallar á íslenska menningarbyltingu - en öfugt við það sem gerðist í Kína eiga menn ekki að fara úr skólunum og út á akrana, heldur af ökrunum og inn í háskólana. Það eru einfaldlega að eiga sér stað miklar þjóðfélagsbreytingar sem bregðast þarf við og sérstaklega er brýnt að hækka snautlega lágt hlutfall háskólamenntaðra á íslenskum vinnumarkaði. Í þeim efnum þurfa þúsund blóm að spretta.

Þegar Íslendingar gengu inn í nútímann gerðu þeir það með hraði. Landsins synir og dætur streymdu úr sveitinni á mölina og kaldir, rakir og óþéttir braggarnir urðu þá híbýli fjölmargra hinna nýju þéttbýlinga. Afar mikilvægt er að íslenska háskólastigið verði ekki að braggahverfi, því vonin og framtíðin felst í því að vel takist til með íslensku menningarbyltinguna. Við getum þakkað fyrir að hafa átt háskóla sem standast glæsilega faglegar gæðakröfur þrátt fyrir að þurfa að útskrifa stúdenta með lágmarks tilkostnaði. Hingað til höfum við sloppið fyrir horn, en það er fífldirfska að ætla að byggja hnattvædda framtíð þjóðar á því að hlutirnir sleppi alltaf og áfram fyrir horn. ■





MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.





AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


FK FJARÐARKAUP
HELGARTILBOÐ
SVÍNABÓGUR úr kjötborði
369kr.kg
SVÍNALUNDIR úr kjötborði
1598kr.kg
SVÍNAKÓTILETTUR úr kjötborði
798kr.kg
JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
998kr.kg
SPRITTKERTI 100stk.
198kr. pokinn
ELDSPÝTUR stór pakki
55kr. pakkinn
GRAFINN LAX og REYKTUR LAX
1698kr. kg.
SÚKKULAÐI bók Nóa-Síríus uppskriftir
2490kr.
kanna fylgir ef keypt eru 2stk. suðusúkkulaði
KAUPAUKI
NORTHLAND ELDIVIÐUR STÓR
249kr. pakkinn
LAUFABRAUÐS-DEIG Í 20stk.
498kr. pakkinn
LINDUKONFEKT 1kg.
995kr.
NORTHLAND ELDIVIÐUR LÍTILL
195kr. pakkinn
4 HAMBORGARAR BRAUÐ OG 2l. COKE
398kr.
opið til 18:00 á laugardag
tilboðin gilda til laugardagins 3.des eða á meðan birgðir endast
FK FJARÐARKAUP
Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30,
föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 18:00, lokað sunnudag
einstök

# Sindbað sigldi upp í sand

UMRÆÐAN
BYGGÐASTOFNUN



JÓHANN ÁRSÆLSSON

Vísa Þorsteins Valdimarssonar um eina af ferðum Sindbaðs sæfara kom upp í huga minn þegar stjórn Byggðastofnunar lýsti því yfir að lánastefna stofnunarinnar væri strönduð. Siglingunni lokið og skipið á skerinu. Sindbað fékk þó mýkri lendingu en í stefnir með lánastarfsemi Byggðastofnunar ef menn horfast ekki í augu við það að verði hún sjálfbær, þjónar hún ekki tilgangi sínum, sem er stuðningur við atvinnulíf sem ekki stenst samkeppni án aðstoðar.

En starfshópur á vegum ríkisstjórnarinnar um byggðamál leggur til að Byggðastofnun haldi þó áfram lánastarfsemi í bili meðan skoðað er hvort til greina komi afskriftir skulda eða bein framlög ríkisins til styrktar stofnuninni. Einnig að gerðar verði grundvallarbreytingar á fjármögnunarstarfsemi Byggðastofnunar þannig að hún standi undir þeim rekstri án fjárstuðnings ríkisins. Þessi hluti af starfsemi stofnunarinnar á ekki framtíð fyrir sér ef það er meiningin að sömu forsendur og aðrar fjármálastofnanir hafa fyrir starfsemi sinni eigi að gilda um hana.

Talað er um að þróa fjármögnunartæki og samstarf við fjármálafyrirtæki og að til greina komi t.d. ábyrgðir. Þetta stenst auðvitað ekki vegna þess að ábyrgðir eru auðvitað ígildi peninga í fjármálastarfsemi. Hver á að borga þær ef þessi starfsemi á að vera sjálfbær? Það er ekki björgulegt ef menn ætla að kalla það endurskoðun á starfseminni að halda áfram á sömu braut og áður var í raun mörkuð og hefur sannast að ekki gengur upp. Verði þetta niðurstaðan um þennan hluta starfseminnar þá er það ákvörðun um að hafa skipið á skerinu áfram.

Starfshópurinn leggur til að þróað verði samstarf við atvinnuþróunarfélögin og aðra aðila sem vinna að atvinnuþróun og nýsköpun og að nýta vaxtasamninga sem tæki til að efla samstarf á þessu sviði. Sérstaklega er bent á Impru, Iðntæknistofnun og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins í þessu sambandi. Þessu fagna ég enda hef ég talið að vandi Byggðastofnunar sé fyrst og fremst sá að stjórnvöld hafa ekki látið stofnunina sjá um að vera sú miðja þess byggðastuðnings sem þó hefur verið til staðar. Ráðherra byggðamála sem hefur í raun verið að veikja starfsemi stofnunarinnar undanfarin ár virðist nú ætla að sjá að sér.

Valgerður sér þó seint sé að í óefni er komið og bregst við með því að lýsa því yfir að unnið verði að því að sameina atvinnuþróunarstarfsemi iðnaðarráðuneytisins. Þeirri u-beygju vil ég sérstaklega fagna. Það er full ástæða til að binda vonir við að nú fari starfsemi stofnunarinnar að geta aftur skilað árangri standi stjórnvöld við þessar yfirlýsingar.

Ráðherra tekur fram að störfum á Sauðárkróki verði ekki fækkað og atvinnuþróunarstarfsemi á Ísafirði, Egilsstöðum og Akureyri verði efld. Þessum yfirlýsingum fagna ég líka. Hvar ætti svo sem að vinna þessi verkefni frekar? Aðalniðurstaða þessarar skoðunar á starfsemi Byggðastofnunar sem ber að fagna er sú að stjórnvöld viðurkenna að þau hafa verið á röngum brautum.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.*

# Hinn óhreini tónn

UMRÆÐAN
JÓNSBÓK



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Einhverjum þótti munur á harkalegri framgöngu umsjónarmanna Kastljóss við mig föstudagskvöldið 25. nóvember, miðað við mildina, sem Jóni Ólafssyni var þar sýnd tíu dögum áður. Sjálfur geri ég enga athugasemd. Með harkalegri framgöngu sinni gáfu Kastljóssmenn mér tækifæri til að svara spurningum, sem fólk vildi fá svarað. Það er líka gott, að Jón Ólafsson fékk rúman tíma í Kastljósi. Hann kom rækilega upp um sjálfan sig þar og annars staðar, þar sem hann birtist til að kynna bók þeirra Einars Kárasonar.

Jón Ólafsson hélt því til dæmis fram, að skattrannsóknastjóri hefði gumað af því ölvaður, að hann hefði fengið aukafjárveitingu frá Davíð Oddssyni fyrir að taka sig til rannsóknar. Bar Jón fyrir því endurskoðanda, sem hefði hringt í sig. En skattrannsóknastjóri hefur verið stakur bindindismaður í þrjátíu ár. Hann hafði aldrei hitt Davíð Oddsson, þegar rannsóknin hófst.

Jón fullyrti líka, að Davíð Oddsson hefði sig á heilanum. Dæmi hans var, að Davíð hefði notað allan ræðutíma sinn í fimmtugsafmæli Þórarins Eldjárns til að úthúða sér. Nú hefur Þórarinn Eldjárn leiðrétt þetta. Í þrettán mínútna ræðu sinni minntist Davíð ekki einu orði á Jón Ólafsson Lundúnafara, heldur vitnaði á nokkrum sekúndum í ljóð Þórarins um Jón Ólafsson Indíafara.

Bæði dæmin, sem Jón nefndi, um ölvunartal skattrannsóknastjóra og ræðuhöld Davíðs um Jón, eru í bók Einars Kárasonar, sem var raunar heimildarmaðurinn að sögunni um ræðuhöldin. Það blasir við, að annaðhvort veit Einar Kárason ekki hver Jón Ólafsson Indíafari var, eða að hann hefur verið í því ástandi í afmæli Þórarins, sem Jón Ólafsson Lundúnafari segir að skattrannsóknastjóri sé jafnan í þegar hann gorti af aukafjárveitingum til sín.

*Jón Ólafsson sagði í sjónvarpinu frá því, að ég hefði hringt í sig og beðist vægðar. Þetta eru auðvitað líka órar. Ég hringdi í Jón að kvöldi 6. nóvember. Svo vel vildi til, að Kolbrún Bergþórsdóttir blaðamaður var stödd hjá mér og hlustaði á mig tala við Jón, svo að fleiri eru til frásagnar en við Jón.*

Jón Ólafsson sagði í sjónvarpinu frá því, að ég hefði hringt í sig og beðist vægðar. Þetta eru auðvitað líka órar. Ég hringdi í Jón að kvöldi 6. nóvember. Svo vel vildi til, að Kolbrún Bergþórsdóttir blaðamaður var stödd hjá mér og hlustaði á mig tala við Jón, svo að fleiri eru til frásagnar en við Jón. Ég sagði Jóni, að sennilega vissi hann ekki, að ég hefði strax og lögmaður hans í Bretlandi hefði sent mér kvörtun vegna heimasíðu minnar, óskað eftir 3. júlí 2004 við vefstjóra háskólans, að henni yrði lokað, en það hefði ekki verið gert af einhverri handvömm. Ég hefði ekki viljað troða illsakir við hann. Ég spurði Jón síðan, hvort við ættum ekki að láta deilur okkar niður falla. Hann var ekki reiðubúinn til þess.

Einar Kárason hefur ekki vandað sig í þessari bók. Hann skrifar til dæmis upp eftir Jóni, að hann hafi aðeins verið sextán ára í lögregluyfirheyrslu vegna fíkniefnamisferlis sumarið 1972. Jón var þá átján ára. Í öðrum stað í bókinni er hlægilegt ósamræmi. Þeir Jón segja á bls. 454, að tilboð hafi borist í Norðurljós upp á 70 milljónir dala, sem hafi þá verið 7 milljarðar króna. Ellefu blaðsíðum aftar segir Jón frá því, að hann hafi reiknað sér ráðgjafagreiðslur frá Norðurljósum upp á 50 þúsund dali á mánuði, en það sé nú um 3 milljónir króna. Af hverju reikna þeir Einar og Jón dalinn á 100 kr. á öðrum staðnum, en 60 kr. á hinum?

Fróðlegasta villan er ef til vill þegar Einar Kárason segir á bls. 154, að „Brennið þér vitar" sé eftir Davíð og Kaldalóns. Öll þjóðin veit, að lagið er úr Alþingishátíðarkantötu Páls Ísólfssonar. En Sigvaldi Kaldalóns var bróðir Eggerts Stefánssonar, sem var auðvitað fyrirmyndin að Garðari Hólm í Brekkukotsannál. Gúdmúnsen kaupmaður vildi setja slaufu á saltfiskinn, fá listamenn til að syngja sér lof. Faðir hans, Jón gamli, hafði hagnast á brennivínssölu. Þeir tóku í þjónustu sína Garðar Hólm, sem söng hinn óhreina tón.




ÚTSALA ÚTSALA

40 – 60 % AFSLÁTTUR

Ótrúlega lágt verð

| Dæmi um verð. | Áður. | Núna. |
|---|---|---|
| Loðin jakkapeysa | 6.900.- | 4.200.- |
| Marglit peysa | 7.200.- | 3.600.- |
| Peysa m/tölum | 6.200.- | 3.800.- |
| Bolur m/pallíettum | 4.300.- | 2.600.- |
| Bolur m/nælu | 4.000.- | 2.400.- |
| Blúndutoppur m/rós | 4.000.- | 2.400.- |
| Röndótt skyrta | 4.900.- | 3.000.- |
| Mokkajakki | 10.800.- | 6.500.- |
| Pelsjakki | 7.900.- | 4.800.- |
| Kápa m/pels | 7.800.- | 4.700.- |
| Kjóll m/perlum | 7.300.- | 4.400.- |
| Stutt flauelspils | 5.100.- | 3.100.- |
| Sítt pils m/reim | 4.500.- | 2.700.- |
| Svartar buxur | 4.400.- | 2.700.- |
| Kvartbuxur | 5.400.- | 2.900.- |
| Gallabuxur | 6.400.- | 3.900.- |
| Leðurstígvél | 15.200.- | 5.900.- |
| Svartir dömuskór | 4.500.- | 2.700.- |
| Silfur skór | 5.400.- | 2.900.- |

Opið föstudag 10:00 – 18:00 og laugardag frá 10:00 – 16:00

friendtex®

Síðumúla 13 • Sími 568-2870


## AF NETINU

### Grýla og Leppalúði

Eru Grýla og Leppalúði fortíðarhliðstæður auglýsingaflóðs og neysluæðis í nútímanum, svona óméðvitaður hrellir svo hægt sé að njóta jólanna þegar þau koma eftir rúmar 500 stundir? Hver er hinn raunverulegi boðskapur jólanna, annar er kaupgræðgi og ofneysla á rafmagni, því það þarf jú að lýsa upp allt húsið og garðinn með blikkandi ljósum og plastfígúrum sem eiga lítið sem ekkert skylt við jólin. Er boðskapurinn jólanna farinn að snúast um að eyða og lúkka vel? Eða er landinn bara að reyna að gleyma sér í jólaæðinu því það leiðir hugann frá því hversu fjandi dimmt er hér á Fróni í desember?

**Karólína Stefánsdóttir á sellan.is**

### Harður skrápur

Það breytir því ekki að [Kári Stefánsson] er umdeildur og þjóðþekktur, og líkt og fleiri slíkir verður hann einfaldlega að þola gagnrýni og ádrepur. Og það hefði mátt ætla að maður sem um hefur verið skrifuð heil bók væri kominn með harðari skráp en þetta. Mér vitanlega hefur hann hvergi reynt að svara þessari grein efnislega, hvorki á þessum vettvangi né öðrum. Sé eitthvað rangt í henni er hægt að segja frá því rétta og sé í henni alvarleg svívirðing er einfaldlega hægt að fá ummælin dæmd dauð og ómerk hjá dómstólum, enskum eður ei.

**Guðmundur Rúnar Svansson á deiglan.com**

### Batnandi kjör

Hitt er samt annað mál, að á undanförnum árum hafa kjör öryrkja batnað mjög verulega og varla þarf að taka fram að það hefur orðið alger breyting frá þeirri kjararýrnun sem þeir máttu sæta á þeim árum þegar síðast sat hér vinstristjórn - eða „velferðarstjórn" eins og kjararýrnunarstjórnirnar eru auglýstar. En á þeim sömu árum og hagur öryrkja hefur batnað hvað mest, þá hefur sýnileg óánægja þeirra einnig aukist hvað mest. Auðvitað má skilja það vel að margir öryrkjar séu ekki ánægðir með sinn hag. Það breytir ekki því, að það er merkilega sjaldan haft orð á því hversu mjög kjör þeirra hafa í raun batnað á síðustu árum.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

*Góðan dag*

Í dag er föstudagurinn 2. desember 336. dagur ársins 2005

**KRÍLIN**




**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar


SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Jón Ingvar, formaður lúðrasveitarinnar Svansins, bregður sér í hlutverk kokksins þegar á þarf að halda. Hér eldar hann kjúklingarétt.FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

# Eldar stundum fyrir heila sveit

***Jón Ingvar Bragason iðnrekstrarfræðingur á það til að bjóða heilli sveit í mat, það er að segja lúðrasveit.***

Þar sem Jón Ingvar er formaður lúðrasveitarinnar Svansins þá tekur hann upp á ýmsu til að efla liðsandann innan hópsins. Meðal annars að gleðja munn og maga sveitarmanna. Því efndi hann til októberhátíðar í haust og naut þar styrkrar aðstoðar konu sinnar, Álfheiðar Guðmundsdóttur. Eða eins og hann orðar það: „Ég kann ýmislegt fyrir mér og með hjálp konunnar minnar get ég ennþá meira.“

Nú er hann beðinn að lýsa krásunum sem þau báru á borð. „Við vorum meðal annars með svínalæri, þýskar pylsur og súrkál, allt upp á þýskan máta. Þetta var prýðismatur,“ segir Jón sem þó vill ekki gera of mikið úr frammistöðu sinni. „Þetta er nú bara hugmynd úr Gestgjafanum og er bæði ódýr og einföld í framkvæmd,“ segir hann hæverskur. Í lúðrasveitinni Svaninum segir hann um 40 hljóðfæraleikara. Sjálfur leikur hann á básúnu en stjórnandinn er Rúnar Óskarsson. Svanurinn á 75 ára afmæli um þessar mundir og hélt afmælisveislu nýlega með gömlum félögum. „Sá sem lengst hafði spilað hafði verið með í 50 ár,“ segir Jón Ingvar. Nú eru jóla- og afmælistónleikar hjá Svaninum annað kvöld klukkan 20 í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð. Að sögn Jóns Ingvars verða þar leikin létt lög í bland við jólalögin. „Það verður dálítill sveiflugír í tónleikunum,“ segir hann.

Jón Ingvar gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að kjúklingarétti sem sjá má í næstu opnu.

*gun@frettabladid.is*


Jólastemning



Ný sending af húsgögnum og gjafavöru.
Pantanir óskast sóttar.

**Nýtt kortatímabil laugardaginn 3. des.**

**Opið til kl. 18 alla helgina**

UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18, laug. 11-18 og sun. 13-18
www.unika.is



LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið á sunnudagskvöld, 4. desember, kl.19.00 á Hótel Sögu, Súlnasal

Boðin verða upp um 130 verk, þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í Gallerii Fold, Rauðarárstíg 14, í dag kl. 10.00 – 18.00, á morgun kl. 10.00 – 17.00 og á sunnudag kl. 12.00 – 17.00.
Hægt að nálgast uppboðsskrána á netinu: www.myndlist.is



Jóhannes S. Kjarval



Karólína Lárusdóttir



Louisa Matthíasdóttir

LISTMUNASALA fold
Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is



**Hafragrautur**
er hollur og fljótlegur. Það getur verið gott að byrja daginn á heitum hafragraut yfir vetrarmánuðina þar sem morgunmaturinn er mikilvægasta máltíð dagsins.

## AMSTEL:
## *Lækkað verð á 50 cl dósum*

Núna um mánaðamótin lækkar verð á hinum vinsæla Amstelbjór frá Hollandi verulega og kemur 50 cl dósin til með að kosta 175 krónur. Með þessari breytingu verður Amstel einn ódýrasti 5% premium bjórinn sem fæst í vínbúðum. Amstel er einn af þekktari bjórum á meginlandinu og vafalítið kannast margur sóldýrkandinn við að hafa svalað þorstanum með Amstel. Hann þykir einstaklega bragðgóður og mjúkur enda framleiddur af Heineken í Hollandi sem gefur honum gæðastimpil. Það er því loksins hægt að fá 5% gæðabjór frá Hollandi á viðráðanlegu verði.







SCANPAN
CLASSIC
Steiking með eða án fitu
Maturinn festist ekki við
Verpist ekki
Sterk húð, flagnar ekki
Má nota málmáhöld
Þvoist ávallt m. sápu, má fara
í uppþvottavél
Má fara í ofn að 260°c
Daggir
Strandgötu 25 Akureyri s: 462-6640
www.daggir.is • Sendum hvert á land sem er

*Réttir kvöldsins*
*Fordrykkur í boði hússins*
*M/ þriggja rétta seðlinum* Canasta Cream

| *Forréttur* | *verð f/ einrétta* | *verð f/ þriggja rétta máltíð* |
|---|---|---|
| *Humarsúpa* m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði | kr. 850 | |
| *Aðalréttir* | | |
| *Smjörsteiktur skötuselur* m/ hvítvínssósu , grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| *Lambafillet* m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| *Nautalundir* m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| *Eftirréttur* | | |
| *Súkkulaðifrauð* | kr. 690 | |

Tilboðin gilda öll kvöld
*Borðapantanir í síma 562 1988*
*Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27 / www.madonna.is*




Lifrarkæfa.

# Villigæsarbringa og lifrarkæfa

***Lækjarbrekka er eitt þeirra veitingahúsa sem býður upp á jólahlaðborð á aðventunni. Yfirkokkurinn á staðnum, Ágúst Már Garðarsson, kvaðst vona að öllum landsmönnum gengi vel með jólaundirbúninginn og lét okkur í té tvær uppskriftir af völdum réttum af því gnægtaborði.***

**Grafin villigæsarbringa með malt- og appelsínsírópi**
Fyrir 6-8
2 gæsabringur, sina og fita hreinsaðar í burtu.
250 gr púðursykur
200 gr salt
1 msk. timían
1 msk rósmarín
2 msk rósapipar
2 msk dill
1 msk sinnepsfræ
1/2 dl portvín.
Bringurnar eru grafnar í blöndunni 24-48 tíma, fer eftir stærð.



Grafin villigæsarbringa með malt- og appelsínsírópi FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Malt- og appelsísíróp**
1 l malt
1 l appelsín
5 svört piparkorn
1/2 dl sherry edik
Börkur af einni appelsínu látinn krauma í síðasta hálftímann
Allt nema börkurinn sett í pott og soðið niður í síróp, börkurinn í síðast.
Má smakka til með ediki og svörtum pipar að lokum þar sem gæði ediks og pipars eru mjög misjöfn.

**Lifrarkæfa**
250 g lifur
200 g spekk
100 g svínahakk
2 laukar
4 hvítlauksrif
2 egg
1/4 tsk múskat
1/4 tsk allrahanda
1/2 dl brandy
1 dl púrtvín
klípa nítritsalt
salt og pipar
Lifrin er skoluð í köldu vatni og hreinsuð af himnu og sinum, lifur, spekk og svínakjöt skorið í teninga og sett á bakka, laukurinn og hvítlaukurinn saxaður og settur yfir, marínerað með kryddunum og víninu í að minnsta kosti 2-3 tíma, helst yfir nótt. Allt hakkað og hrært vel saman með eggjunum. Sett í kökuform eða eldföst mót og bakað í 50 mín við 150°Celsius.
Borið fram á rúgbrauði með steiktum sveppum, stökku beikoni, púrtvínshlaupi og jafnvel rauðbeðusalati.





- með ekta smjöri og rabarbarasultu

Kleppsvegi 152 — Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Smáralind — Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 -18. Sun. 12 -18.




**Hátíðarkaffi**

Lokkandi ljúffengan hátíðarilm leggur frá þessari vönduðu blöndu sérvalinna úrvals kaffibauna.

Hátíðarkaffið er í fullkomnu jafnvægi, hefur fágað hunangsmjúkt bragð, mikla fyllingu og eftirkeim af ávöxtum og berjum.

Kaffiáhugafólk ætti ekki að láta þetta kaffi fram hjá sér fara. Kaffið er í frábæru jafnvægi, með meðal fyllingu og einstöku eftirbragði.

Njótið vel !

Kaffihús:
Laugavegi 24
Smáralind

Verslanir:
Kringlunni
Smáralind
Laugavegi 27
Suðurveri

TE & KAFFI


## smákökur vikunnar

## Kókoskökur

KÓKOSKÖKUR ERU HNOSSGÆTI

**Kókoskökur**
50 g smjör
2 egg
1 og 1/2 dl sykur
5-6 dl kókosmjöl
Smjörið er brætt og látið kólna. Egg og sykur er þeytt létt og kókosmjölið og smjörið sett útí það varlega. Deigið er sett með teskeið á plötur, annað hvort smurðar eða með bökunarpappír. Bakað í miðjum ofni í 12 mínútur.




Íslenska kokkalandsliðið náði glæstum árangri á meistaramóti kokkalandsliða í Basel í Sviss.
MYND/BJARNI GUNNAR KRISTINSSON

# Silfurverðlaun matreiðslumanna

***Íslenska kokkalandsliðið tók þátt í meistaramóti matreiðslumeistara sem fram fór í Basel í Sviss í lok nóvember. Landsliðið fékk silfurverðlaun fyrir bæði heitt og kalt borð.***

Á mótinu kepptu landslið frá þeim tíu þjóðum sem hafa verið stigahæstar síðastliðin fjögur ár og því mikill heiður fyrir Ísland að fá að taka þátt í jafn stóru móti. Keppt var í bæði heitu og köldu borði og var eldað fyrir 110 manns.

Kokkalandsliðið náði þeim glæsta árangri að fá silfurverðlaun í báðum flokkum og þetta þykir góður árangur þar sem keppt er við sterkustu lið heims. Singapore hlaut gullverðlaun fyrir kalda borðið og bronsverðlaun fyrir heita borðið en Kanadamenn hlutu gullverðlaun fyrir heita borðið.

Árlega er gefinn út styrkleikalisti yfir bestu matreiðsluþjóðir heims og núna eru Íslendingar í níunda sæti á þeim lista. Eftir glæsilegan árangur í Basel má búast við því að íslenska kokkalandsliðið færist ofar á styrkleikalistanum.

# JINDALEE: *Verðlækkun vegna hagstæðs gengis*

Jindalee Estate er ástralskt fjölskyldufyrirtæki, í suðausturhluta Ástralíu, og nær saga þess allt aftur til 18. aldar. Nafnið Jindalee kemur úr máli frumbyggja svæðisins og er hver flaska skreytt með mynd dýrs frá svæðinu. Innflytjandi Jindalee-vínanna hefur nú, m.a. vegna hagstæðs gengis, getað lækkað verðið á flöskunni úr 1.190 kr. í 1.090 kr. og fást vínin í Heiðrúnu og Kringlunni.

**Jindalee Shiraz:**
Þroskaðar plómur og sólber ásamt vanillukeimi. Þetta frábæra vín er í skemmtilegu jafnvægi og hvítur pipar og krydd setja punktinn yfir i-ið. Hentar vel með dökku kjöti, svo sem nauti, villibráð, gæs og rjúpu.



**Jindalee Cabernet Sauvignon:**
Ríkulegur sultaður ávaxtakeimur, ásamt myntu og sólberjum sem njóta sín vel. Fínlegt tannín og eikartónn gefa víninu skemmtilegan endi. Langt eftirbragð með góðri mýkt. Hentar vel með lambakjöti, villibráð, kjötforréttum og villibráðarpaté.



**Jindalee Merlot:**
Vottur af plómum, sólberjum og rifsberjum. Ögn af kaffi í angan. Vanillu- og eikarkeimur kemur vel fram og gefur víninu fínlegt yfirbragð og góða mýkt. Frábært með reyktu kjöti, kalkúna, kjúklingi og léttreyktu fuglakjöti.













# Piparkökuhúsakeppni Kötlu

***Nú þurfa piparkökubakarar að taka sér kefli í hönd og heyja baráttu. Piparkökuhúsakeppni Kötlu er að hefjast.***

Nú fer piparkökuhúsakeppni Kötlu að hefjast. Piparkökugerðarmenn eru farnir að safna að sér deigi, formum og margaríni og piparkökuvísan heyrist út um eldhúsgluggana víða um bæ. En ekki má nú borða allar piparkökurnar því það þarf að líma saman piparkökuhúsveggi og þak og skreyta með öllu tilheyrandi. Piparkökuhúsin á að afhenda í Kringlunni í síðasta lagi 9. desember og þar verða meistaraverkin til sýnis fram til 18. desember. Verðlaun fyrir fallegasta piparkökuhúsið verða veitt 17. desember. ■

**uppskrift }**

## Indverskur kjúklingur

UPPSKRIFT FRÁ JÓNI INGVARI BRAGASYNI ÆTLUÐ FYRIR 4-6.

4-6 skinnlausar kjúklingabringur
1/2 dós hrein jógúrt
2-3 msk. tandoori curry paste frá Patak's
Blandið karrímaukinu saman við jógúrtina og leggið síðan kjúklingabringurnar í blönduna. Geymið í kæli í nokkrar klukkustundir.

Raita-sósa
1/2 gúrka smátt skorin
2 ds. hrein jógúrt
2 msk. 10% sýrður rjómi
Örlítið salt

Blandið öllu vel saman og geymið í kæli.

Látið bringurnar í eldfast fat og eldið í ofni við 180°C í 20-25 mín. Berið fram með raita-sósunni, mango chutney og hrísgrjónum eða naan-brauði.










**50%** Margar vörutegundir slást um toppsætið á tilboðstöflunni og tvær verslanir, Nettó og Nóatún. 50% afsláttur er gefinn af bjúgum, skólaskinku og frosnu kjötfarsi í Nettó og einnig af ungnautahamborgurum og Pepsi Max í Nótatúni.










**FJARÐARKAUP**

Tilboðin gilda til 3. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Merlo-rækja | 595 | nýtt | 595 | |
| Svínabógur | 369 | 558 | 369 | 35 |
| Svínalundir | 1.598 | 1.898 | 1.598 | 15 |
| Svínakótilettur | 798 | 998 | 798 | 20 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 998 | 1.858 | 998 | 45 |
| Reyktur lax | 1.698 | 2.298 | 1.698 | 25 |
| Grafinn lax | 1.698 | 2.298 | 1.698 | 25 |
| Perur | 99 | 145 | 99 | 30 |
| Rauð epli | 95 | 129 | 95 | 25 |
| Cheerios 992 g | 298 | 439 | 300 | 30 |
| FK wc pappír 12 rúllur | 199 | 328 | 199 | 40 |
| Cocoa puffs 553 g | 195 | 295 | 352 | 35 |

**BÓNUS**

Tilboðin gilda til 7. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bónus piparkökur 600gr. | 198 | 259 | 396 | 25 |
| Kók í dós | 69 | 89 | 178 | 25 |
| Bónus malt í dós | 69 | nýtt | 178 | - |
| Bónus appelsín 2 litar | 98 | 129 | 196 | 25 |
| Frosinn lambabógur | 599 | Nýtt | 599 | - |
| K.F hangiframpartur með beini | 595 | 699 | 595 | 15 |
| Hreindýrafillet | 4.998 | Nýtt | 4.998 | - |
| Frosnar ungnautalundir | 2.299 | 3.998 | 2.299 | 40 |
| E.S eldhúsrúllur 4 stykki | 129 | 159 | 32 | 20 |
| K.F sveitabjúgu | 299 | 399 | 299 | 25 |

**HAGKAUP**

Tilboðin gilda til 7. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ostafyllt lambalæri úrbeinað úr kjötborði | 1.795 | 2.359 | 1.795 | 25 |
| Ribeye kjötborð | 2.246 | 2.995 | 2.246 | 25 |
| Icelandic rækjur m/sósu | 599 | 629 | 629 | 5 |
| Humar í öskju | 2.999 | 3.999 | 2.999 | 25 |
| Eðalfiskur reyktur lax heil flök | 1.574 | 2.248 | 1574 | 30 |
| Eðalfiskur reyktur lax í bitum | 1.701 | 2.430 | 1701 | 30 |
| Eðalfiskur graflax heil flök | 1.620 | 2.314 | 1.620 | 25 |
| Eðalfiskur graflax bitar | 1.725 | 2.463 | 1.725 | 30 |
| Kjörís jólaís 2 l | 559 | 789 | 280 | 30 |
| Villa tilbúnir örbylgjuréttir 3 teg. | 299 | 365 | 299 | 20 |

**KRÓNAN**

Tilboðin gilda til 6. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Hamborgarhryggur | 1.028 | 1.469 | 1.028 | 30 |
| Íslensk önd í úrvalsflokk | 989 | 1.499 | 989 | 35 |
| Þykkvabæjarplokkfiskur | 419 | 598 | 698 | 30 |
| Líf ferskur appelsínusafi | 169 | 189 | 169 | 10 |
| Lambalæri, frosið í poka | 799 | 1.098 | 799 | 30 |
| Búkonu reykt laxaflök | 1.090 | 1.677 | 1.090 | 35 |
| Búkonu graflax flök | 1.090 | 1.677 | 1.090 | 35 |
| Myllan skúffukaka með súkkulaðikremi | 198 | 239 | 198 | 20 |
| Fynbo grautar | 99 | 139 | 198 | 30 |
| Dumle kex | 199 | 299 | 995 | 35 |

**nettó**

Tilboðin gilda til 4. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Heill ferskur kjúklingur | 395 | 598 | 395 | 35 |
| Sambandshangilæri | 1.399 | 1.998 | 1,399 | 30 |
| Sambandshangiframpartur úrb. | 1.189 | 1.699 | 1.189 | 30 |
| Lambalæri, nýtt, frosið | 799 | 1.098 | 799 | 27 |
| Lambalæri, nýtt ferskt í hvítlauksmarineringu | 1.079 | 1.799 | 1.079 | 40 |
| Helgargrís með pestó á ítalska vísu | 1.229 | 1.799 | 1.229 | 32 |
| Bjúgu | 287 | 573 | 287 | 50 |
| Skólaskinka | 99 | 199 | 99 | 50 |
| Kjötfars frosið | 323 | 646 | 323 | 50 |
| Myllu Meistarakökur nýtt - 4 tegundir | 279 | 399 | 279 | 30 |

**NÓATÚN**

Tilboðin gilda til 7. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lamba fillet rib eye | 1.799 | 2998 | 1799 | 40 |
| Ungnautahamborgarar 90 gr. | 69 | 139 | 69 | 50 |
| Skógardúfa | 699 | 749 | 699 | 10 |
| Móa kjúklingabringur | 1.996 | 2495 | 1996 | 20 |
| Akurhæna frá Skotlandi | 799 | 899 | 799 | 10 |
| SS saltkjöt, valið | 839 | 1398 | 839 | 40 |
| Pepsi/Pepsi Max 4x2l. | 399 | 788 | 100 | 50 |
| Drykkjarjógúrt | 63 | 79 | 252 | 20 |
| Wanted Tortilla | 209 | 299 | 209 | 30 |
| Wanted salsa hot/medium/mild | 153 | 219 | 612 | 30 |

**þín verslun**

Tilboðin gilda til 7. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ísfugls kalkúnapottréttur | 629 | 899 | 629 | 30 |
| BK hamborgarhryggur með beini | 990 | 1.571 | 1.257 | 35 |
| BK UN hamborgarar 4 stykki í pakka | 335 | 419 | 335 | 20 |
| BK Hangiálegg 150 gr. | 359 | 482 | 2.390 | 25 |
| SS FolaldaframpaRTUR með beini reyktur | 462 | 578 | 462 | 20 |
| SS Saltkjöt í lofttæmdum umbúðum | 678 | 848 | 678 | 20 |
| Nyåkers piparkökufígúrur 340gr. | 350 | 446 | 1.030 | 20 |
| Nyåkers piparkökuhús 300gr. | 299 | 381 | 1.000 | 20 |
| Nyåkers piparkökuhjörtupakki 250gr. | 179 | 230 | 720 | 20 |
| Nyåkers piparkökuhjörtudós 475gr. | 359 | 459 | 760 | 20 |

**SPAR** / **þín verslun**

Tilboðin gilda til 7. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| BK Svínahamborgarhryggur | 990 | 1.571 | 990 | 40 |
| UN Hamborgarar 4 stykki | 299 | 398 | 75 | 25 |
| Kalkúnapottréttur með piparsósu | 629 | 899 | 629 | 30 |
| Freschetta pizza Roma 9" | 399 | 589 | 998 | 30 |
| Skyr.is drykkur 330ml. | 89 | 95 | 269 | 10 |
| Grillaður kjúklingur og Coca Cola 2l. og franskar | 998 | 1.298 | 998 | 25 |

# Maður er ríkur þegar maður á góða mömmu

***Mónika Melkorka Arnarsdóttir er sjö ára gömul og er rosalega dugleg að spara peninga. Hún er búin að missa fjórar tennur sem hún setti undir koddann fyrir tannálfinn.***

Mónika var ekki alveg klár á því hversu margir peningar væru í sparibauknum þegar blaðamaður spurði hana að því. Baukurinn var hins vegar nokkuð þungur og Mónika er viss um að í bauknum leynist nokkrir seðlar. „Það eru fjólubláir seðlar í bauknum,“ segir hún stolt og sýndi blaðamanninum einn fjólubláan seðil sem hún fékk frá tannálfinum, og hún geymir seðilinn á góðum stað í herberginu sínu svo enginn komist í hann.

Peningana sem Mónika fær í baukinn segist hún fá frá mömmu sinni. „En svo vinn ég líka fyrir peningum. Ég tek til á laugardögum og þá fæ ég einn rauðan pening. Svo á ég líka Latabæjarpeninga og þegar kemur sumar þá ætla ég að kaupa hollan mat og papriku fyrir Latabæjarpeningana. Maður getur ekki keypt dót fyrir Latabæjarpeningana bara hollan mat, sem maður kaupir í Hagkaup.“

Mónika á líka fullt af peningum í bankanum. „Spairbaukurinn er fullur. Ég á tvo sparibauka en hinn er í bankanum. Í bankanum á ég alveg meira en mamma og Logi,“ segir Mónika og blaðamaðurinn gapti af undrun og sagði henni að hún væri nú ekkert smá rík að eiga svona marga peninga. „Já ég veit,“ samþykkir Mónika. „Ég ætla að geyma peningana þangað til ég verð 19 ára þá ætla ég að kaupa mér hús og bíl og gjöf handa mömmu.“

Mónika segist halda að fólk verði ríkt með því að safna peningum og vinna en einnig segir hún fólk vera ríkt þegar það á góða vini og góða mömmu.

johannas@frettabladid.is



Mónika Melkorka Arnarsdóttir er hagsýn sjö ára gömul stelpa.

## tilboð }



### Kuldadagar

20-30 PRÓSENTA AFSLÁTTUR AF ÖLLUM KULDAJÖKKUM OG -ÚLPUM Í VINNUFATABÚÐINNI.

Vinnufatabúðin býður nú upp á 20-30 prósenta afslátt af öllum kuldaflíkum. Afslættinum lýkur ekki fyrr en í mars en á niðursettu verði eru tíu til fimmtán tegundir af kuldajökkum og -úlpum fyrir herra. Viðskiptavinum er velkomið að skipta vörunum í aðra stærð eða flík og eru ein tímamörk sett á skilin, hvort sem fólk vill skipta fyrir eða eftir jól. Vinnufatabúðin er til húsa á Laugavegi 76.

### Jólasmjörið á tilboði

NÚ ER LAG AÐ GRÍPA EITT SMJÖRSTYKKI ÚR BÚÐINNI.



Jólasmjörið er nú selt á tilboðsverði í öllum verslunum. Allir þurfa smjör en kannski sjaldan jafn mikið og nú þegar jólin eru á næsta leiti. Stórbaksturinn er fram undan, smjör er nauðsynlegt á laufabrauðið og enginn kemst í gegnum jólin án góðrar smjörklípu. Osta- og smjörsalan er því komin í hátíðaskapið og hvetur alla til að kaupa sér jólasmjörið á tilboði í næstu verslun.

### Adidas á afslætti

HLAUPAGREINING OG KYNNINGARAFSLÁTTUR Í ÚTILÍFI.

Í ÚTILÍFI Í SMÁRALIND Í DAG GEFST FÓLKI KOSTUR Á AÐ KAUPA SÉR HLAUPASKÓ FRÁ ADIDAS Á KYNNINGARAFSLÆTTI.

Í dag aðstoða sérfræðingar frá Adidas fólk við að velja hlaupaskó sem henta hlaupalagi hvers og eins og verður sú hlaupagreining viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Einnig verða Adidas-hlaupaskórnir á 20 prósent kynningarafslætti. Sértu svo ekki ánægð eða ánægður með skóna þína getur þú fengið þá endurgreidda. Hlaupagreiningin verður á milli klukkan 13 og 18 í Útilífi í Smáralind.




Temprakon
hitajöfnunarsængin




Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.

Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.



TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.



TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY



Jólagjöfin í ár






Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



**Útsaumaðir jóladúkar**
geta verið mjög fallegir undir jólatréð. Það er hins vegar nauðsynlegt að byrja strax að sauma ef ætlunin er að klára slíkan dúk fyrir þessi jól.

# Hafðu það bleikt

*Hver segir að jólaskrautið þurfi að vera rautt, hvítt, grænt eða gyllt?*

Skærir og skemmtilegir litir hafa rutt sér til rúms í jólaskreytingum landans. Nú má sjá skærgrænar jólakúlur, appelsínugult englahár og skræpóttan jólapappír hvert sem auga er litið. Bleiki liturinn kemur líka sterkur inn og hann getur verið einstaklega jólalegur. Hann er nefnilega blanda af rauðum og hvítum lit, sem eru jú aðaljólalitirnir.



Fallegur bleikur jólafugl sem fæst í Blómavali.



Skemmtileg babúska úr Litlu jólabúðinni.



Skemmtileg jólasería með bleikum blómum úr þæfðri ull eftir listakonuna Héléne Magnússon.



Bleikt jólatré úr Iðu.



Sniðugar jólakúlur sem má nota í hvers kyns skreytingar. Fást í Blómavali.



Bleik og gamaldags jólakúla úr Jólahúsinu á Skólavörðustíg.

GJAFAKORT Jólagjöfin í ár fyrir mömmu og pabba, afa og ömmu.
Snyrti-Nudd og Fótaaðgerðarstofan
Eygló
Langholtsveg 17 Sími 553-6191




allt matur
Alla föstudaga






- margar tegundir af gómsætum smákökum
Kleppsvegi 152 Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Smáralind Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 -18. Sun. 12 -18.




allt bílar
Alla laugardaga



Kanill er eitt af mikilvægustu jólakryddunum.

# Jól í nefið

*Jólalyktin er ólík allri annarri lykt og getur skipt sköpum fyrir jólahaldið.*

Jólalyktin er ekki eins og nokkur önnur og þó hún verði fyrir nefi manns um hásumarið þá fer ekkert á milli mála hvað er þar á ferð. Fyrir sumum er jólalyktin af hangikjöti, aðrir tengja greni beint við jólin og enn aðrir verða fjarrænir til augnanna af alveg sérstakri eplalykt. Jólalyktin sem flestir eru þó sammála um er af jólakryddunum sem gjarnan eru sett í te, kökur, reykelsi og brjóstsykursmola. Jólakryddin eru þessi sætu, ljúfu krydd frá Austurlöndum nær og fjær eins og engifer, kanill, negull og múskat í bland við lyktina af appelsínum og eplum. Þessi krydd voru munaðarvara í Evrópu á nýlenduskeiðinu og langt fram á tuttugustu öldina, kostuðu skildinginn og voru því helst notuð til hátíðabrigða. Mörg þeirra voru líka notuð í lækningaskyni og má þar nefna að engifer þykir einkar góður við magaverk og kanill hefur sótthreinsandi áhrif. Nú þykir gott að dreifa kanildufti yfir heita eldavélarhellu til að fá kökulykt í húsið, þjóðráð fyrir þá sem nenna ekki að baka fyrir jólin. ■













KYNNINGAR
í desember 2005




**Hagkaup Kringlan:**
2. desember kl. 14.00-18.00
8. desember kl. 16.00-20.00
15. desember kl. 14.00-18.00
17. desember kl. 16.00-20.00
23. desember kl. 17.00-21.00

**Hagkaup, Smáralind**
2. desember kl. 14.00-18.00
15. desember kl. 16.00-20.00
2. desember kl. 17.00-21.00

**Lyfja, Lágmúla**
31. desember

**Levante fæst í verslunum Hagkaupa, Lyfju og Lyf og heilsu**



Guðrún Arnfinnsdóttir eldar alltaf hamborgarhrygg á aðfangadagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

# Jólamatur fjölskyldunnar

***Guðrún Arnfinnsdóttir er með þriggja rétta jólamat á aðfangadagskvöld. Hún útbýr öll jólakortin sjálf og lýkur jólaundirbúningnum fyrir fyrsta desember.***

Guðrún Arnfinnsdóttir, matráðskona hjá Krabbameinsfélagi Íslands, er alltaf með sama jólamatinn á aðfangadagskvöld. Hún og eiginmaðurinn elda tartalettur í forrétt, hamborgarhrygg í aðalrétt og heimagerðan ís í eftirmat en uppskriftin hefur þróast lengi innan fjölskyldunnar. „Við höfum verið með þetta síðan við byrjuðum að búa árið 1970,“ segir Guðrún sem ætlar að gefa lesendum uppskriftirnar. Hún segist þó ekki geta gefið tartalettuuppskriftina þar sem þau slumpi svo mikið á magnið að lesendur ættu erfitt með að elda eftir henni.

Guðrúnu er ýmislegt til lista lagt. Fyrir utan að vera afbragðskokkur saumar hún talsvert og hefur kennt föndur á ýmsum námskeiðum. Handlagnin nýtist henni svo sannarlega í jólaundirbúningnum en hún gerir öll jólakortin sjálf og mikið af jólapökkunum. Hún er þó ekki komin langt af stað með undirbúninginn þetta árið. „Ég hef aldrei verið svona sein, ég er eitthvað svo afslöppuð og róleg. Þetta verður þó komið í lok nóvember,“ segir Guðrún sem lýkur alltaf jólaundirbúningnum áður en desember gengur í garð.

**FORRÉTTUR (FYRIR FJÓRA)**
**Rækjukokteill**
**300 g rækjur**
**tómatar**
**agúrkusneiðar**
**Sósa:**
**1 dós 18% sýrður rjómi**
**majones eftir smekk**
**3 msk mango chutney krydd**
**2 – 3 msk tómatsósa**
**1 tsk karrý**
**salt og pipar**

Lýsing: Rækjurnar eru afþýddar og settar í forréttaskálar ásamt agúrkusneið og tómatsneið. Hráefni í sósuna er hrært vel saman og sósan sett yfir rækjurnar, agúrkurnar og tómatsneiðarnar.
Skreytt með sítrónusneið og steinselju og borið fram með ristuðu brauði.

**AÐALRÉTTUR**
**HAMBORGARHRYGGUR**
**hamborgarhryggur**
**dijon sinnep**
**púðursykur**

Lýsing: Setjið hamborgarhrygginn í steikarpott með smá vatni í. Smyrjið dijonsinnepi á hrygginn og þekið hann vel með því. Setjið lok á steikarpottinn, stillið bakaraofninn á 180 gráður og steikið hrygginn í um það bil eina klukkustund. Takið þá steikarpottinn úr ofninum og setjið púðursykur ofan á hrygginn og þekið vel. Setjið hamborgarhrygginn aftur inn í ofninn án þess að hafa lokið á steikarpottinum. Steikið í 30 – 35 mínútur við sama hita og áður. Steikingartími fer svolítið eftir stærð hamborgarhryggjarins, þessi tími er miðaður við 2 – 2,5 kg.

**SÓSA:**
Setjið soðið af hamborgarhryggnum í pott og bætið vatni út í. Sósan krydduð með því sem til er, gott er að setja í hana súputeninga og kjötkraft. Síðan er venjuleg brún sósa búin til.

**MEÐLÆTI:**
Sykurbrúnaðar kartöflur.
Rauðkál (nýtt) skorið niður, brúnað á pönnu í smjöri eða smjörlíki og soðið í vatni eftir að búið er að brúna það. Út í vatnið er sett borðedik og sykur eftir smekk.
Salat búið til úr þeyttum rjóma, niðurskornum eplum og vínberjum.
Ora gulrætur og grænar baunir skemma ekki fyrir.

**EFTIRRÉTTUR**
**HEIMAGERÐUR ÍS**
**8 egg**
**250 g sykur**
**1 l rjómi**
**vanilla**
**brytjað suðusúkkulaði eða Toblerone eftir smekk**

Lýsing: Eggjarauðurnar og sykurinn eru þeytt létt. Rjóminn þeyttur og blandað saman við. Eggjahvíturnar stífþeyttar og bætt varlega út í. Bragðefni (vanilla) og súkkulaði sett síðast í. Þetta er síðan sett í hæfilegt mót og fryst.

*Gleðileg jól,*
*Guðrún Arnfinnsdóttir.*




## á jóladöfinni }

### 2.desember

Kammerkórinn Hymodia kemur fram á hádegistónleikum kl. 12.15 í Ketilhúsinu á Akureyri. Tónleikaröðin nefnist Litlar freistingar og er haldin í samvinnu við Einar Geirsson landsliðskokk.

Hin hliðin á Diddú verður kynnt landsmönnum á tónleikum í Salnum kl. 20.



allt atvinna
Alla sunnudaga

**Langur laugardagur**
er á morgun í miðbænum. Búðirnar opna ýmist tíu eða ellefu og eins og nafnið gefur til kynna er opið lengur eða til klukkan fimm.

## Bílastæðahús miðborgarinnar

NÝTT BÍLASTÆÐAHÚS ER RISIÐ VIÐ LAUGAVEG.

Að fá bílastæði í miðbænum hefur ætíð verið ákveðið vandamál. Nú horfir til betri vegar í þeim málum þar sem nýlega var opnað nýtt bílastæðahús þar sem Stjörnubíó var á Laugavegi. Húsið, sem opnað var þann 26. nóvember síðastliðinn, hefur 193 ný bílastæði. Með tilkomu hússins hafa bílastæðamál á miðbæjarsvæðinu því batnað svo um munar. Það kemur sér vel á þessum tíma árs þar sem jólaörtröðin er rétt handan við hornið.



Best er að greiða í stöðumæli til að þurfa ekki að greiða sekt.

Bílastæðahús eru á sjö stöðum í miðborginni. Þau eru í ráðhúskjallaranum, í Tjarnargötu, á Vesturgötu 7, í Kolaportinu og á Bergstöðum. Einnig eru bílastæði í kjallaranum á Bergstöðum. Þá eru bílastæðahús í Pósthússtræti 13, á Traðartorgi og að lokum á Vitatorgi. Bílastæðahúsin í miðborginni eru opin allan sólarhringinn þeim sem fjárfesta í sérstöku mánaðarkorti. Verðið á kortunum er mismunandi eftir því hvort bílar eru geymdir í bílastæðahúsunum á daginn, kvöldin eða á nóttinni. Einnig er verðið breytilegt eftir bílastæðahúsum. Geymslugjaldið er hæst í ráðhúskjallaranum eða tæplega 10.000 kr. á mánuði ef keypt er dýrasta mánaðarkortið. Sams konar kort er hins vegar ódýrast á um 4.000 kr. á Bergstöðum. Einnig er hægt að kaupa tímakort sem hentar flestum sem eru að fást við jólainnkaupin í miðbænum. Þar er sama verðið í öllum húsum, þ.e. 80 krónur fyrir fyrstu klukkustundina og síðan 50 krónur fyrir hvern klukkutíma eftir það. Bílastæðahúsin verða opin allan sólarhringinn fyrir þá viðskiptavini sem hafa fjárfest í mánaðarkorti. Hins vegar verða þau höfð opin einni klukkustund lengur en verslanir í miðbænum yfir jólahátíðina.



# Gefið tvisvar með jólagjöfunum

***Jólamarkaður Sólheima er staðsettur á Laugavegi 45 og er kjörinn staður fyrir jólainnkaupin með gjöfum framleiddum á Sólheimum er hægur leikur að gefa tvisvar því allur ágóði sölunnar rennur til hins metnaðarfulla starfs sem rekið er á Sólheimum.***

Á Laugavegi 45, sem er hornið á Laugavegi og Frakkastíg, er jólamarkaður Sólheima. Markaðurinn opnaði um miðjan nóvember og er opinn alveg fram að jólum, allt fram á aðfangadag og fylgir opnunartíma annarra verslana En á jólamarkaðnum er seld framleiðsla úr hinum ýmsu smiðjum sem eru starfræktar á Sólheimum, en þar er kertagerð, trésmiðja, leirgerð, jurtastofa, vefstofa og listasmiðja. Einnig eru þar til sölu vörur frá Garðyrkjustöðinni Sunnu en hún er einmitt staðsett á Sólheimum.

Sveinbjörn Pétursson rekur verslunina Sunnu á Sólheimum en hann hefur umsjón með jólamarkaðnum og sér um rekstur hans. „Fólk er almennt mjög hrifið af vörunum hérna, en hér er mjög gott úrval af jólagjöfum, svo erum við með marga fastakúnna sem koma á markaðinn ár eftir ár og leggja okkur lið,“ segir Sveinbjörn.



Mikilvægt er að taka fram að allur ágóði af sölu á markaðnum rennur til starfsemi Sólheima. Á Sólheimum er einnig starfrækt verslun með vörur frá Sólheimum. Það er verslunin Vera en hún er opin á sumrin á milli 10 og 18 alla daga en yfir vetrartímann milli 15 og 18 virka daga. En verslunin þjónar líka hlutverki sem þjónustumiðstöð fyrir íbúa Sólheima. „Svo rennur auðvitað allur ágóði af okkar sölu til starfsemi Sólheima.“












## kaffihús }

## Reyklausir staðir

NÓG ER AF REYKLAUSUM KAFFI- OG VEITINGAHÚSUM Í REYKJAVÍK.

Í miðbænum má finna þó nokkur reyklaus kaffi- og veitingahús og fer þeim sífellt fjölgandi. Þau eru kjörin fyrir þá sem eru þreyttir á reykmettuðum kaffihúsum og kjósa hreint loft en einnig fyrir barnafólk eða þá sem þola illa tóbaksreyk.
Hér á eftir er listi yfir þau reyklausu kaffihús sem má finna í 101 Reykjavík. Athugið að listinn er hugsanlega ekki tæmandi en hann er samkvæmt bestu vitneskju tóbaksvarnaráðs. Lista yfir önnur reyklaus kaffi- og veitingahús er að finna á www.lydheilsustod.is.



Á næstu grösum - Laugavegi
Carpe Diem - Rauðarástíg
Galbi restaurant - Barónsstíg
Grænn kostur - Skólavörðustíg
Hótel Holt - Bergstaðastræti
Kaffihúsið Garðurinn – Klapparstíg
Kaffihús Iðu – Lækjargötu
Kaffi Hljómalind – Laugavegi
Kaffitár – Bankastræti
Matur og menning – Hverfisgötu
Núðluhúsið - Vitastíg
Salatbarinn hjá Eika - Pósthússtræti
Segafredos – við Lækjartorg
Siggi Hall á Óðinsvéum - Þórsgötu
Súfistinn - Laugavegi
Te og kaffi – Laugavegi
Veitingahúsið Tveir fiskar - Geirsgötu
Ömmukaffi – Austurstræti


Fyrir verðandi mæður og börn
tvö líf
Holtasmári 1 • Sími 517 8500 www.tvolif.is

allt
tíska
Alla fimmtudaga








Ekta jóla... í skálastærðum D-G verð kr. 3.985,- og þrenns konar buxur fást í stíl Misty, Laugavegi 178, 105 Reykjavík sími 551 3366. Mælum og veitum faglega ráðgjöf.

## Óskast keypt

Óska eftir vinnuskúr, í ódýrari kantinum. Uppl. í s. 696 9638.

## Heimilistæki



**LauraStar.**
Gufustraujárn með gufuþrýstingi. Tækni atvinnumannsins fyrir heimili. Alver ehf. S: 511 4100.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Til bygginga




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




## Verslun



**Nýtt!! Nýtt!!**
Venus erotic store. Var að lenda 10-16 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.







## ÞJÓNUSTA

## Jólaskemmtanir



Jólasveinn.is. Erum byrjaðir að taka niður pantanir. Söng og sprell jólasveinar, þeir hressustu í bænum. Komum á jólaballið, í jólaboðið, í jólaglöggið eða með þér að sækja jólatré. [Kynning ehf] S. 586 9000.

## Hreingerningar

**Þrifvirkni Hreingerningar þjónusta. Hraunbæ 80. Sími 869 3868 & 861 6512.**
Leitið tilboða ykkur að kostnaðarlausu : Ræstingar í fyrirtækjum - Daglegar ræstingar - Ræsting sameigna - Teppahreinsun - Veggja og loftþrif - Gluggaþvottur - sorpgeymsluþjónusta - Húsvarðaþjónusta - Iðnarþrif - flutningsþrif - Brunaþrif - þrif eftir vatnstjón - Bónun og viðhald gólfefna - Heimilisþrif.
**Allar nánari Uppl. í s. 869 3868 & 861 6512 eða senda fyrirspurnir á trifvirkni@hive.is**

Tökum að okkur heimilis - flutnings - stigagangaþrif - teppahreinsun - bónvinnu og gluggaþvott. S. 846 0410 kl. 14, 892 9295.

**Heimilisþrif**
Tökum að okkur vikuleg heimilisþrif. Upplýsingar í síma 824 1455.

## Ræstingar




**Heildarlausn fyrir húsfélög og fyrirtæki**
Reglubundin þrif stigahúsa og fyrirtækja Gluggaþvottur, teppahreinsun, bónvinna. og fl. Húsfélagaþjónustan ehf s: 863 8855 husfelag@husfelag.is www.husfelag.is

# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 98,9 Bylgjan FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Jólaskreytingar
**Birkihlíð Kópavogi**

Jóla og gjafavörur
**Birkihlíð Kópavogi**

Bingó í kvöld kl 19:15
**Vinabær, Skipholti 33**

Bingó í kvöld
**Vinabær**

Bingó í kvöld, allir velkomnir
**Vinabær**

Fékkst þú Fréttablaðið heim í morgun?
Ef ekki, láttu okkur vita í síma 550-5000.
**Fréttablaðið.**

Kauptrygging á hlaupaskóm.
Mættu í Útilíf Smáralind í dag milli 13 og 18 og fáðu fría hlaupagreiningu hjá Adidas.
20% kynnningarafsláttur af Adidas hlaupaskóm – sem þú getur prófað næstu 30 daga.
**Útilíf, Smáralind.**

Jólahlaðborð fjölskyldunnar.
Bókanir í síma 575-7800.
**Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn.**

Góðan daginn.
**Herrafataverslun Birgis.**

Flauelsbuxur.
**Herrafataverslun Birgis.**

Skoðaðu samfélagið með Jóni Gnarr.
Þankagangur.
**Skálholtsútgáfan.**

Jólahappaþrennurnar eru komnar á sölustaði.
Gleðileg jól.
**Happaþrennan.**

Öll verk á netinu.
Galleri Lind, Bæjarlind.
**Galleri-Lind.is**

Jazzfatnaður.
**Ástund, Austurveri.**

Jólaljósadagar!
Allt að 60% afsláttur.
**Blómaval.**

Ökunám í fjarnámi.
**ekill.is**

Leyndarmál eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur.
**Útgefandi**

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar.
**Gler-í-gegn.**

Lene-Bjere auglýsir! Mikið úrval af glæsilegum dúkum.
**Lene-Bjere, Bæjarlind 6.**

Hensongallar.
**Ástund, Austurveri.**

Madina snyrtivörur,
**Laugavegi 30a**

Nýjar vörur-
**Belladonna.**

Jóltilboð! 25% afsláttur.
**Róbert bangsi.**

Flott föt.
**Skarthúsið, Laugavegi.**

AIGLE dúnkápur.
**Ástund, Austurveri.**

Balletvörur
**Ástund, Austurveri.**

Manchestervörur
**Ástund, Austurveri.**

Gæða reiðtygi.
**Ástund, Austurveri.**

Síðasti öruggi skiladagur á jólapökkum utan Evrópu er mánudagurinn 5. desember. Komdu tímanlega með jólapakkana.
**Pósturinn.**

Inniskór í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Nægur snjór á Skíðasvæðinu í Tindastól.
**Gistiheimilið Mikligarður, skagafjörður.is**

Jakkaföt
**Herrafataverslun Birgis.**

Frábærar! Húfur sem hlæja,
**Laugavegi 70.**

Opið laugardag
**Herrafataverslun Birgis.**

Fjölbreytt úrval.
**Gler-í-gegn.**

Samtíminn í ljósi trúar. Trúin í ljósi gleði og einlægni. Þankagangur Jóns Gnarr.
**Skálholtsútgáfan.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði.
**Spöngin-Grafarvogi.**

Drekkutími
**Zoo-bar**
**Klapparstíg**

Bingó í kvöld kl. 19:15
**Vinabær, Skipholti 33**

Allt fyrir mömmuna og litla krílið.
**Móðurást Hamraborg.**

Bingó í kvöld
**Vinabær.**

Bingó í kvöld. Allir velkomnir.
**Vinabær.**

Carters ungbarnafatnaður.
**Móðurást Hamraborg.**

Verið velkomin í Spöngina. Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin.
**Spöngin, Grafarvogi.**

Nýjir kjólar.
**Skarthúsið, Laugavegi.**

Úrval af sængurgjöfum.
**Móðurást Hamraborg.**

Hárspangirnar fást í
**Skarthúsinu Laugavegi.**

Veldu góða skó.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Leðurjakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Stakar buxur.
**Herrafataverslun Birgis.**

Glerlist.is
**Gler-í-gegn**

Skemmtum okkur saman á skíðum í Tindastól.
**Shell sport, skagafjordur.is**

Stakir jakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

50% afsláttur af öllum gæludýrabúrum.
**Tokyo, Hafnarfirði.**

Bókin- Í dag
366 manna landslið fjallar um lífið, tilveruna og trúna.
**Skálholtsútgáfan.**

Jólagjöf hestamannsins.
**Ástund, Austurveri.**

Hefur þú heppnina með þér fyrir jólin?
**Jólahappaþrennan er komin á sölustaði.**

Aigle fatnaður.
**Ástund, Austurver.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

**ÞINN MARKHÓPUR?**

**70% hlustenda samkeyrðra auglýsinga Bylgjunnar, Létt 96,7 og Talstöðvarinnar eru 50 ára og yngri.**

**Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.**

## Bókhald

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj, stofnun félaga. SMCO-Reiknishald og Ráðgjöf. S. 866 1605.

## Málarar

Stigahús - íbúðir - nýsmíði eða endurmálun. Föst verðtilboð. Arnar málarameistari. S. 893 5537.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum eftir áramót. Uppl. í s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald




Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Þök, gluggar, hurðir, veggir, parket og gólf. Smíðalausnir Jósep 899 3011.

## Stífluþjónusta







## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Spádómar

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01. Tímapantanir í síma 555 2927

**902 5555**
Óska Spá. María sem var í Öl. er að spá í öll spil, rúna steina og gefur góð ráð. Frá 19.30-24 öll kvöld. Geymið auglýsinguna.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Englaljós til þín**
Ertu óhamingjusamur/söm? Viltu vita meira?Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908 5050. Lára kl. 16:00 til kl. 24:00.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

**Alspá 908 6440.**
Spil, bolli, hönd, tarrot, trans, miðlun. Huglækningar. Finn týnda muni. 908 6440.

**Laufey símaspá 908 2200**
Fjármálin, ástin, heilsan. Miðlun, huglækningar, tarot og fyrirbænir. Spá fyrir árið 2006. Opið alla daga frá 10:00 - 01:00 eftir miðnætti.

## Múrarar




## Rafvirkjun




## Trésmíði

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa-og parketlagnir og trésmíði. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Önnur þjónusta




**Minigrafa**
Til leigu minigrafa með eða án manns. Uppl. í s. 846 2742 Sigvaldi & 694 5181 Guðmundur.

# HEILSA

## Heilsuvörur




15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

**Viltu verða stílisti?**
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Mjög vel með farið 3ja sæti sófi+2 stólar með grind úr eik+ 2 borð í stíl. Verð 30 þús. Uppl. í s. 868 6506.

Tekk Borðstofusett til sölu. Borð og stólar frá Öndvegi. 50.000 kr. Solla 822 2034.

Til sölu nýlegur hægindastóll frá Sett, selst ódýrt. Uppl. í s. 552 0664 & 895 0664.

Til sölu borðstofuborð úr Mýru 1.60x1.60. Selst ódýrt. S. 861 7759.

## Fatnaður



Klæðskera saumuð jakkaföt, kjólar, jakkar og fl. á aðeins tveimur vikum.Litið á heimasíðu okkar http://fashion.dynastyco.com/style.htm fyrir frekari upplýsingar.

Pels Glæsilegur, skósíður, dökkur fenjabjór. Lítið notaður, frekar stór, uppl. í s. 865 4928.

## Barnavörur



**JÓLATILBOÐ**
25 % afsláttur af öllum vörum. Róbert Bangsi og unglingarnir. Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 www.robertbangsi.is sími 555 6688.

## Dýrahald



**Fiskabúr.is**
Skrautfiskaverslun Trönuhrauni 10 Hafnarfirði. Opið mán-lau 14-19. S. 544 2050 www.fiskabur.is



Hvolpa- og hundagrindur með og án hurða. 3 stærðir, Dýrabær Hlíðasmára 9. www.dyrabaer.is

**30% Kynningarafsláttur**
Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl.
**Dýraland Mjódd, s. 587 0711,**
**Dýraland Kringlan, s. 588 0711**
**Dýraland Spöng. s. 587 0744.**

**Gæludýrabúr 50% afsláttur.**
Öll fuglabúr, hundabúr, nagdýrabúr, kattarbúr og fiskabúr með 50% afslætti. Allar aðrar vörur 30% afsláttur. Full búð af nýjum vörum.Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj.

Til sölu 7 mánaða hreinræktaður Labrador hvolpur vegna óvíðráðanlegra aðstæðna, búr og fleira fylgir. Uppl. í s. 823 7842.

Til sölu nýtt hundabúr, matardallar og Royal hundamatur. Uppl. í s. 898 6754.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Glæsileg íbúð eða allt húsið til sölu eða leigu. Tvær 170 m2 íbúðir til leigu, önnur með húsgögnum. Einnig er hægt að kaupa fasteignina samtals 440m2 og þá fylgir til viðbótar 80m2 íbúð eða vinnustofa. Mjög skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á netinu www.pulsinn.com/hus

Óðinsgata. 3 herb. 70m2. Rafm., hiti, ADSL, húsg. og búnaður. 1. jan.-1. maí. 100.000 mán. S. 551 4303/692 0510.

Einstaklingsíbúð til leigu í Garðabæ. Uppl. í s. 565 7459 eða 698 6514 eftir kl. 16:00.

## Húsnæði óskast

Reglusöm fjölsk. bráðvantar 4ra-6 herb. Einb., rað-parh. eða sérh. á sv. 104, 105, 108 Rvk. fyrir 1 feb. '06. Skilyrði að eignin sé snyrtileg! Tryggar greiðslur, fyrirframgr, meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 896 6606 & 659 2969.

**2ja herb, íbúð óskast sem fyrst.**
Par óskar eftir snyrtilegri 2ja herbergja íbúð, í langtímaleigu á höfuðborgarsv. Á verðbilinu 55-60 þús. Reglusemi og öruggar greiðslur. Nánari upplýsingar í síma 699 2778.

Óska eftir 2ja herb. íbúð sem fyrst. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 694 3628, Arndís.

Óska eftir 100-200 fm atvinnhúsnæði með innkeyrsludyrum á sv. 110. Uppl. í s. 554 5493.

Óska eftir herbergi. Uppl. í s. 698 7783.

# TIL SÖLU






## Sumarbústaðir

**Óska eftir eignarlandi**
Óskum eftir landi helst 10 hektar eða meira. Þarf ekki að vera beitiland, allt kemur til greina, þarf að vera 30-60 mín frá Höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 896 6551.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir iðnaðarhúsnæði til skemmri tíma. Leiga staðgreidd. Uppl. í síma 822 8168, Pétur.

Lítil liðnaðarpláss til leigu 20 mín. sunnan Hafnafjarðar, 60-110 fm. Verð 400 kr. á fm. Uppl. í s. 894 0431.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. www.geymslaeitt.is 564 6500.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Vetrargeymsla. Örfá pláss eftir fyrir tjaldvagna og minni fellihýsi. Sími 892 9120.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 24609552

**Gisting í Reykjavík.**
Hús með öllum búnaði. Heitur pottur. Uppl og pantanir í síma 588 1874 e. kl. 18:00. www.toiceland.net og travel@toiceland.net

# ATVINNA

## Atvinna í boði

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf og hlutastarf sem fyrst. S. 555 0480 og 896 9808.

WWW.TEKJULIND.COM
WWW.TEKJULIND.COM
WWW.TEKJULIND.COM
WWW.TEKJULIND.COM

**Leitum að viðskiptafélaga.**
Erum að leita manni eða konu sem að vantar 30-100 þ.+ á mánuði. Þarf að vera jákvæð/ur og hafa vilja til að læra.
**Sendið nafn og símanúmer á heilsugruppan@simnet.is og við munum hafa samband.**

**Vantar þig vinnu í jólafríinu?**
Kynning og sala er fyrirtæki sem sérhæfir sig í vörukynningum í matvöruverslunum. Vinnutími er 4-5 klst. á dag.
Við leitum að hressu fólki í skemmtilegt verkefni.
Sláðu á þráðinn og fáðu nánari uppl. um þessi störf.
Þetta gæti hentað þér!
**Sigga s. 821 8550, Elín s. 821 8551, Rósa s. 821 8552 eða sendu póst á svuntan@internet.is og við höfum samband við þig.**

HREYFI GREINING
Hreyfigreining Höfðabakka sjúkraþjálfun og heilsurækt óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu. Um er að ræða 100% starf. Upplýsingar eru veittar í s. 511 1575.

**Járniðnaðarmenn**
Óskum eftir að ráða vélvirkja og járniðnaðarmenn. Tökum við nemum.
**Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.**

**Leikskólinn Sjónarhóll við Völundarhús**
Leikskólinn Sjónarhóll óskar eftir að ráða leikskólakennara - leiðbeinanda.
**Upplýsingar í síma 567 8585 eða 866 0509, Bessý.**

**Ræstingar**
Vantar duglegt fólk í ræstingar á daginn 50-100% vinna. Uppl. s. 578 1450 eða sendið mail á nostra@nostra.is

Bortækni óskar eftir starfsfólki í steypusögun og kjarnaborun, helst vanir þó ekki skilyrði. Mikil vinna framundan. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 892 7544.

**Just-Eat.is**
Vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat á kvöldin. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

**Sjómenn!!**
Vana háseta vantar á bát með beitningarvél. Uppl. í s. 852 2086 & 861 7655.

Get bætt við mig þrifum í heimahúsum. Hef meðmæli. Fyrirspurn á sva_277@hotmail.com

Þjónustufólk óskast í sal í vaktavinnu fim.- lau. Vinnutími 17.30-22. Uppl. í s. 587 2882 & 869 4443, Kristófer.

Óska eftir vönum málurum í sparslvinnu og almenna málningavinnu. Mikil vinna í boði. Uppl. í s. 861 2737 & 821 0684.

**Matsvein**
annan stýrimann og vanan háseta vantar á 270 tonna netabát sem fer til grálúðveiða. Uppl. hjá skipstjóra í s. 898 4499.

**Ræstingar**
Vantar starfsfólk á svæði 105, einnig í afleysingar í Keflavík. Nánari uppl. á www.osverktakar.is Uppl. ekki gefnar upp í síma.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
Erótísk verslun
Landsins mesta úrval af VHS, DVD og leikföngum fyrir fullorðna
Opið mán - fös 12:00 - 20:00 og laugard. 12:00 - 18:00
Fákafeni 11
Hlíðasmára 13
Sími 588 6969 / 587 6969
www.tantra.is

**Viltu vera memm?**
300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamal.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is

Nýtt nýtt. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi ! www.makalaus.is Partý og matarklúbur á síðunni.

JB Byggingafélag

# Smiðir

**Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða smiði og mótamenn í uppslátt, góður mælingaflokkur. Næg verkefni næstu árin. Geta byrjað strax eða eftir áramót.**

Upplýsingar gefa Kristján Yngvason í síma 693-7005. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins www.jbb.is

Hjá JB Byggingafélagi er boðið er uppá góða starfsaðstöðu og líflegt starfsmannafélag.

**JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stór-markaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## Jólahlutavelta, kaffisala,

Hin árlega jólahlutavelta og kaffisala Sjálfsbjargar félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu verður haldin í félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12, laugardaginn 3. desember n.k. opið frá kl. 13:00 til 17:00.

Fjöldi góðra vinninga.

**Dagskrá:**
Laugardagur: kaffisala, hlutavelta

SJÁLFSBJÖRG

## STYRKIR

## Jöfnunarstyrkur til náms

**- Umsóknarfrestur á vorönn 2006 er til 15. febrúar nk. -**

Nemendur framhaldsskóla geta átt rétt á:

- *Dvalarstyrk* (verða að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- *Styrk vegna skólaaksturs* (sækja nám frá lögheimili og fjölskyldu fjarri skóla).

Upplýsingar og skráning umsókna vegna vorannar/sumarannar 2006 er á **www.lin.is.**

**Lánasjóður íslenskra námsmanna**
**Námsstyrkjanefnd**

## MYNDLISTARMENN
### – umsóknir um styrki

**Listasjóður Dungal** (áður Listasjóður Pennans) **auglýsir eftir umsóknum um styrki.**
Sjóðurinn var stofnaður árið 1992 í minningu Margrétar og Baldvins P. Dungal kaupmanns í Pennanum.
Markmið sjóðsins er að styrkja unga og efnilega myndlistarmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref á listabrautinni.

**Í ár verða veittir 2 styrkir.**
**- annar að upphæð 500.000 kr. og hinn að upphæð 300.000 kr. auk þess sem sjóðurinn kaupir verk af styrkþegum.**

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar má nálgast á vef listasjóðsins **www.listasjodur.is.**
Umsóknum skulu fylgja ljósmyndir af verkum umsækjanda ásamt ferilsskrá og skal skila gögnum í pósthólf 8222, 128 Reykjavík.

**Umsóknarfrestur er til 19. desember.**

LISTASJÓÐUR DUNGAL
í minningu
Margrétar og Baldvins P. Dungal

OPINBERA.IS

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á vísir.is

# SJÓNARHORN



Sólarupprás í Reykjavík. Ljósmynd/Pjetur

# KAUPVENJUR

## *Kaupir túristadrasl í útlöndum*

Víðir Björnsson, gítarleikari hljómsveitarinnar Nilfisk, er sparsamur í kaupum sínum og verslar lítið í útlöndum.

**Hver er uppáhaldsbúðin þín?**
Ætli það sé ekki Tónabúðin.

**Hvað finnst þér er skemmtilegast að kaupa?**
Föt.

**Verslar þú í útlöndum?**
Nei, voða lítið. Kaupi þá helst eitthvert túristadrasl.

**Einhverjar venjur við innkaupin?**
Já, ég spara.

**Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?**
Nei, ég geri það eiginlega aldrei. Ég reyni að vanda valið.



**VÍÐIR TEKUR EKKI SKYNDIÁKVARÐANIR Í FATAKAUPUM.**
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Þeir eru fáir sem toppa Neil Young í töffaraskap en hann hefur oft verið kallaður bæði guðfaðir grunge- og indie-rokksins í Bandaríkjunum.

# TOPP 5: NEIL YOUNG

**1. Harvest (1972)**. Eina lagið sem Young hefur komið í fyrsta sæti bandaríska vinsældalistans, Heart of Gold, er á þessari plötu. Að mati Youngs er þetta besta platan hans.

**2. Everybody Knows This Is Nowhere (1969)**. Fyrsta plata Youngs með hljómsveit sinni The Crazy Horse. Samdi eitthvað af lögunum á plötunni meðan hann var enn í Buffalo Springfield.

**3. Zuma (1975**), Önnur af tveimur plötum sem Young gaf út árið 1975. Lagið Cortez the Killer var bannað á Spáni því það fjallaði um fjöldamorð Spánverjans Hernan Cortez á Astekum. Lagið er um sjö og hálf mínúta að lengd.

**4. After the Gold Rush (1972**). Á plötunni er lagið Southern Man þar sem Young drullar yfir Suðurríkin og varð upphafið að deilum hans og Lynyrd Skynyrd sem gerði í kjölfarið lagið Sweet Home Alabama.

**5. Rust Never Sleeps (1979**). Markaði enda glæsts ferils Youngs á áttunda áratugnum og síðan hófst mikil lægð í ferli hans í kjölfar fæðingar tveggja fjölfatlaðra barna hans.

## VISSIR ÞÚ ...

... að elsta núlifandi skjaldbakan er 175 ára gömul? Skjaldbakan heitir Harriet og klaktist út árið 1830.

... að harðskreiðasta slangan á landi er svört mamba sem getur á stuttum sprettum á jafnsléttu skriðið á sextán til nítján kílómetra hraða á klukkustund?

... að krókódílafræðingurinn Steve Irwin er með gervihné eftir að krókódíll réðst á hann við gerð kvikmyndarinnar Krókódílaveiðarinn árið 2000?

... að skjaldbakan Charlie er sú sprettharðasta í heiminum en hún röltir 5,48 metra langa braut á 43,7 sekúndum eða á 0,45 kílómetra hraða á klukkustund?

... að búrmapýton-slangan Baby var árið 1998 182,76 kíló, 8,22 metrar á lengd og 71,12 sentimetrar að ummáli? Það þarf níu manns til að lyfta henni og Baby étur fjórar til fimm hænur á hálfs mánaðar fresti.

... að hinn baneitraði Gabon-höggormur hefur lengstu eiturtennur allra snáka en tennur einnar slíkrar slöngu mældust fimmtíu millimetrar?




# Kári rekur ritstjóra Læknablaðsins

**UMRÆÐAN**
LÆKNABLAÐIÐ



**GUNNAR INGI GUNNARSSON**

Eigendur Læknablaðsins hafa nú farið að kröfu Kára Stefánssonar og rekið Vilhjálm Rafnsson ritstjóra, valinkunnan velunnara Læknablaðsins með langan og farsælan feril að baki sem mótandi og stjórnandi blaðsins. Uppsögn Vilhjálms er einungis til komin vegna þess að Vilhjálmur heimilaði birtingu greinar í Læknablaðinu, þar sem Jóhann Tómasson læknir telur sig afhjúpa meint stjórnsýsluleg mistök og dómgreindarleysi í sambandi við ráðningu Kára Stefánssonar í stöðu afleysingalæknis á deild Landspítalans fyrir nokkru. Hin gagnrýna grein Jóhanns vakti mikla athygli og stendur hún raunar enn opinberlega óhrakin.

Gagnrýni Jóhanns fór greinilega fyrir brjóstið á Kára Stefánssyni og fylgisveinum hans. En í stað þess að reyna að hrekja strax efni greinarinnar valdi Kári þá leið að losa sig við ritstjórann og setja þannig bann á alla ámóta gagnrýni til frambúðar. Og þetta tókst, því tungan er úr boðberanum. Nú hefur auðmjúkur Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, þjónað fyrir altari Kára. Hann hefur bæði kysst á vöndinn og höndina á leiðtoganum - og rekið Vilhjálm. Og allt þetta fyrir formennskuna í læknafélaginu - og frið í læknastétt.

En kjarkleysi hins auðmjúka formanns ríður ekki við einteyming. Hann þorir ekki að viðurkenna augljósan brottrekstur Vilhjálms. Nei, ritstjórinn var alls ekki rekinn. Hann var bara ekki látinn vera með í næstu ritstjórn! Hvílík karlmennska! Hvílík reisn! Sjáum við ekki hér fjöruborðið í stórstreymi mannlegra athafna? Það verður ekki lægra - það kemst ekki neðar.

Kári fékk að reka Vilhjálm ritstjóra og Sigurbjörn formaður sá um handaþvottinn. Og grein Jóhanns læknis stendur enn. Þannig er staðan í dag. Og þannig staða býður auðvitað engan frið. Hvorki í læknastétt - né annars staðar.

*Höfundur er læknir.*

**AUGLÝSINGASÍMI**
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ

Engin MP3 spilari,
engin tölvuspil,
ekkert fótanuddtæki.

Bara góður farsími.




Vodafone Simply er ekki að þykjast vera eitthvað annað en hann er. Hann er fyrst og fremst góður farsími og þú þarft ekki margra vikna námskeið til að læra á hann – þú opnar pakkann og byrjar einfaldlega að tala.

Vodafone Simply
Hafðu það einfalt um jólin

* 14 daga skilaréttur.
Skilaðu símanum ef þú skilur hann ekki!

Vodafone Simply er eingöngu hægt að nota með simkorti frá Og Vodafone.
Komdu í næstu **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** og fáðu nánari upplýsingar.

og vodafone
Heyrumst!



# Hin hliðin á jólaboðskapnum

ÖRN GUÐMUNDSSON
SKRIFAR UM KRISTNI

Jólin eru góður tími fyrir vonandi sem flesta, til að gleðjast með börnunum, njóta góðs matar og gjafa, birtu og yls. Æ fleiri sækja messur yfir hátíðarnar, og hlusta á jólaguðspjallið.

Mig langar að koma aðeins inn á aðra hlið, sem tengist boðskap jólanna, og sá boðskapur er jafn þarfur allt árið. Til hvers kom Jesús Kristur? Afhverju þurfti sonur Guðs að koma til jarðarinnar, hver var aðal kjarninn í boðskap hans og afhverju þurfti Jesús Kristur, sem sjálfur var syndlaus, að líða óheyrilegar kvalir og deyja svo á krossinum á Golgatahæð?

Áður en ég svara þessu, langar mig að geta þess, að boðskapur Krists, er svo mikilvægur, að hundruð þúsunda manna og kvenna úti í heimi, eru ofsótt, fangelsuð svo árum og áratugum skiptir, pyntuð, og deydd fyrir trú sína á þennan boðskap. Í sumum löndum veit fólk, að á þeirri stundu, sem það játar trú sína á Jesúm Krist, mun fjölskylda þeirra öll sem eitt, útskúfa viðkomandi, og hann/hún er í sumum löndum réttdræp af ættingjum sínum.

Hvað er það í boðskap Krists, sem fær einhvern í slíkum kringumstæðum til að taka kristna trú? Svarið er syndin, að við mannfólkið lifum í synd, og þurfum á frelsara að halda. Það er mikilvægast í lífinu öllu að skilja þetta, og að gera það sem Biblían segir og fresta því ekki. Á morgun gæti það verið of seint fyrir þig. Sá sem brýtur landslög og er sannur að sök er dreginn fyrir dómara og dæmdur til refsingar.Það eru líka til andleg lög sem Guð hefur sett, og brot á þeim hefur þær afleiðingar að viðkomandi fær sinn dóm. Guð gaf okkur m.a. 10 boðorð eða lög til að lifa eftir og þau er að finna í 2. Mósebók, kafli 20, versin 2 til 17.

Ef Guð dæmir okkur eftir boðorðunum, þá vitum við að við öll höfum margbrotið boðorðin eða lög Guðs.

Ef þú myndir persónulega skoða þitt hjarta og svara því til, hversu mörg boðorð eða lög Guðs hefur þú brotið, hvert yrði þitt svar? Ef Guð dæmir þig svo eftir boðorðum sínum, heldur þú að þú myndir fara til himna þegar þú deyrð? Biblían segir okkur að allir menn hafa syndgað og skortir Guðs dýrð. Margir á Íslandi í dag segja: það er enginn Guð, - Kristin trú og Biblían er úreld. Ætlar þú að taka sénsinn?

Jesús Kristur sagði: Gjörið iðrun og trúið fagnaðarerindinu, og fagnaðarerindið er þetta að Jesús Kristur kom í heiminn fyrir synduga menn, Hann dó fyrir þínar syndir og reis upp á þriðja degi. Þegar þú gerir þér grein fyrir að þú ert syndugur maður og þarft á Frelsaranum að halda, þá getur þú iðrast, og beðið Hann að fyrirgefa þér þínar syndir og beðið Hann, að verða þinn Herra og Drottinn. Það þýðir m.a. að þú þarft ekki að koma fyrir dóm Guðs. Milljónir manna, kvenna og barna um heim allan geta vitnað um frið sem fyllir hjartað við að taka á móti Jesú, frið sem er æðri öllum skilningi, og líka um þá gleði og lífsfyllingu sem fólk upplifir við að fylgja Jesúm Kristi sem Frelsara sínum. Hann er vegurinn sannleikurinn og lífið, enginn kemur til Föðurins nema gegnum Hann. Jesús sagði: Hvern þann sem kemur til mín, mun ég alls ekki burtu reka. Gleðilega Hátíð.

*Höfundur vinnur að markaðsmálum.*





Postulín, glös og hnífapör
– fyrir brúðhjón og betri veitingahús



Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is


# Lýðræði eða hvað?

UMRÆÐAN
LÝÐRÆÐI

KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON



Nú á tímum siðmenningar hafa þjóðir fundið skilvirka aðferð til að taka ákvarðanir og leysa mál. Aðferðina köllum við lýðræði. Í langan tíma hefur nær eingöngu verið notað svokallað fulltrúalýðræði, þar sem löglega kosnir fulltrúar taka ákvarðanir fyrir fólkið. Nú síðustu áratugina hafa stjórnmálamenn víða um heim færst nær beinu lýðræði, þannig að almenningi gefist kostur á að taka ýmsar ákvarðanir ef ástæða þykir til. Íslenskir stjórnmálamenn virðast hinsvegar mjög tregir til að þróa okkar lýðræði í þessa átt. Þeir halda því jafnvel fram að almenningur hafi ekki vit á málefnunum og stundum þurfi að taka óvinsælar ákvarðanir sem eru á skjön við vilja almennings. Þetta vantraust á almenningi hindraði t.d. kosningaþátttöku kvenna allt fram á síðustu öld. Í dag sættir almenningur sig ekki lengur við gamaldags og afturhaldssaman stjórnunarstíl. Nú eru nýir tímar.

Almenningur á að fá að taka beinar ákvarðanir ef hann kýs svo. Fólkið á að fá að komast að ákvarðanatöku þegar almannahagsmunir eru í húfi. Í flestum sveitarfélögum á Íslandi er eingöngu fulltrúavald. Fulltrúar meirihlutans geta tekið nær hvaða ákvarðanir sem er. Hvorki minnihluti sveitarstjórnar, almenningur né samflokksfólk þeirra sem sitja í meirihluta hverju sinni geta stöðvað eða breytt ákvarðanatöku kjörinna fulltrúa. Í sveitarfélagi með 2000 kjósendur gætu 4 íbúar, sem jafnframt eru meirihlutafulltrúar í sveitarstjórn, þannig keyrt í gegn t.d. vonlaust skipulag, jafnvel þrátt fyrir að vitað væri að meginþorri íbúanna væri andvígur þeirri ákvörðun. Þannig geta einstaklingar sem telja má á fingrum annarrar handar og hafa valdaumboð, nýtt völd sín til að hrinda af stað framkvæmdum sem fáir vilja. Er þetta ásættanlegt á tímum upplýsingatækninnar?

Nú er komið að nýja tímanum. Flokkar og fulltrúar verða að virða íbúana og almenning. Fulltrúi fólksins á að sjálfsögðu að vinna með íbúunum. Á öllum hinum Norðurlöndunum eru sveitarstjórnir fjölskipaðar. Sveitarfélag í Noregi með 40 þúsund íbúa er með t.d. 45 bæjarfulltrúa. Sveitarfélag í Svíþjóð með 90 þúsund íbúa er með 65 bæjarfulltrúa. Þarna er hópurinn sem situr í nefndum og tekur þátt í flokksstarfinu og stýrir bænum. Þessi stóri bæjarstjórnarhópur kýs sér bæjarráð 7 til 11 fulltrúa. Þá er framkvæmdastjórn t.d. 3 til 5 fulltrúa sem sér um daglegan rekstur.

Sú aðferð sem notuð er hér á landi að hafa aðeins 7 til 11 bæjarfulltrúa í bæjum hefur orðið til þess að stjórnunarstíllinn vill verða einræðislegur og ákvarðanir oft fljótfærnislegar. Meirihlutinn sem aðeins er skipaður 4 til 6 mönnum hefur öll völdinn. Einn aðili ræður gjarnan öllu í þeim hópi því hinir telja sér skylt að fylgja honum. Í höfuðborginni okkar eru aðeins 15 borgarfulltrúar. Þeir stýra öllum fagnefndum og stjórnum borgarinnar og reynslan sýnir að þeir komast engan veginn yfir málin og því verða margar ákvarðanir, þegar þær eru loks teknar, ófaglegar og tilviljunarkenndar.

Í tilefni 60 ára afmælis Sambands Íslenskra Sveitarfélaga er boðað til afmælisráðstefnu 2. desember n.k. um staðbundið lýðræði í framtíðarljósi. Málefnið er fagnaðarefni og á Sambandið þakkir skyldar fyrir þarft framtak. Ég skora á framboð sem nú eru að undirbúa sveitarstjórnarkosningar næsta vor að hafa það að markmiði að auka og bæta lýðræði íbúanna. Það þarf að gera bæði með vönduðu vali á fulltrúum og einnig í stefnuskrá. Beint lýðræði á að vera til taks þegar íbúar kjósa svo. Þá eiga íbúar að geta í krafti fjöldans stöðvað mál eða tekið þau upp. Þessi möguleiki gefur aðhald þannig að slæmar og rangar ákvarðanir verða síður teknar. Þá eigum við að taka upp vinnulag Norðurlandanna og fjölga í bæjarstjórnum og gera með því vinnulag þeirra lýðræðislegra og faglegra. Þrátt fyrir aukinn kostnað við fjölgunina er líklegt að fjölmennari sveitarstjórn vandi betur ákvarðanir sínar og það spari margfalt hærri fjármuni en nemur auknum kostnaði við fjölgun bæjarfulltrúa.

Með almennri tölvunotkun hafa opnast margir möguleikar til annarra og betri vinnubragða við stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Nú reynir á að nýta sér þessa nýju tækni til góðs fyrir alla.

*Höfundur er bæjarfulltrúi á Álftanesi og félagi í Samfylkingunni.*





SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF


# Blýant í stað byssu

UMRÆÐAN
UTANRÍKISMÁL

JÓN ÁRMANN HÉÐINSSON



*Enn vitlausara og vita gagnslaust er að eyða eða henda mörg hundruðum milljóna í tilraun til að fá sæti í tvö ár í „öryggisráðinu". Þar kastar tölfunum í hreinum fánýtum hégóma Halldórs Ásgrímssonar, fyrrverandi utanríkisráðherra.*

Sá merki atburður varð í Líberíu fyrir skemmstu að staðfesting kom um að kona var kjörin forseti landsins. Þetta er í fyrsta sinn, sem þjóð í Afríku velur sér konu til forsetaembættis.

Víða var fjallað um málefni landsins vegna þessa. Farið yfir söguna og óeirðir undanfarin ár. Efnahagur landsins væri meira og minna í rúst. Viðtöl voru við Ellen Johnson-Sirleaf. Eitt atriði kom glögglega fram hjá henni. Við verðum að fá menntun nú þegar í fullan gang. Aðeins er fimmti hver einstaklingur læs í Líberíu. „Við komumst ekki áfram til efnahagslegrar stöðu, NEMA MEÐ MENNTUN", heyrði ég í viðtali.

Sumar hafa hælt fáráðlegri útþenslu utanríkisþjónustu Íslendinga. Ég hefi margsinnis gagnrýnt hana og óhóflegt bruðl. Enn vitlausara og vita gagnslaust er að eyða eða henda mörg hundruðum milljóna í tilraun til að fá sæti í tvö ár í „öryggisráðinu". Þar kastar tölfunum í hreinum fánýtum hégóma Halldórs Ásgrímssonar, fyrrverandi utanríkisráðherra.

Hins vegar vilji menn leggja þessa peninga fram til þess „að rödd Íslands heyrist" sýnist mér einsætt, að hjálpa Líberíumönnum með myndarlegu framlagi til menntunar t.d. næstu fimm árin. Á sviði menntunar höfum við afburða fólk og gæti það skipt með sér verkum í Líberíu. Þetta á að bjóða strax. Einnig eru æpandi verkefni á mörgum sviðum í Gvatemala eftir ofsaflóð og gífurlegar hamfarir nýlega. (Það er eins og enginn vilji vita um það).

Hættum við ruglið um setuna í tvö ár sem kostar ef til vill allt að eitt þúsund milljónir króna og gefur ekkert af sér nema veislur fyrir toppana, innlenda sem erlenda. Sýnum umheiminum, að blýanturinn er besta vopnið. Gröfum byssurnar.

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.*

# Ótrúlegt verð

## sem þú finnur ekki annarsstaðar

**weather report**™

fyrir alla fjölskylduna




Utanyfir nærfatnaður sem hentar vel við öll tækifæri. Mjög hlýtt og gott í kulda og einnig frábært á skíði. Hönnun sem hentar íslenskum aðstæðum.

1. Heldur húðinni þurri þegar þú svitnar
2. Mikil teygja og fellur því vel að líkamanum
3. Andar mjög vel
4. Þægilegt viðkomu
5. Endingargott og vindþolið
6. Þolir þvott í þvottavél



**weather report**™
Hlý undirpeysa
svört, st. S-XXL
Gott verð
1.299 kr

**weather report**™
Hlýjar undirbuxur
svartar, st. S-XXL
Gott verð
999 kr

**weather report**™
Hlý undirpeysa
dömu og herra
Gott verð
1.699 kr

**weather report**™
Hlýjar undirbuxur
dömu og herra
Gott verð
1.499 kr

**weather report**™
Hlý undirpeysa
og undirbuxur
svart, st. 130-170
Gott verð
1.999 kr

Hlýtt, þunnt og þægilegt míkróflís.

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.088 **-0,33%** **Fjöldi viðskipta:** 211 **Velta:** 3.908 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Icelandic Group** | +3,33% | **Straumur** | -1,28% |
| **Actavis** | +1,87% | **KB banki** | -0,91% |
| **Atorka Group** | +0,86% | **FL Group** | -0,64% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 49,10 +1,90% ... Bakkavör 48,10 -0,40% ... FL Group 15,50 -0,60% ... Flaga 4,90 +0,00% ... HB Grandi 9,50 +0,00% ... Íslandsbanki 16,50 +0,60% ... Jarðboranir 24,50 -0,40% ... KB banki 654,00 -0,90% ... Kögun 59,20 +0,00% ... Landsbankinn 23,80 -0,40% ... Marel 63,90 +0,00% ... SÍF 4,13 -0,50% ... Straumur-Burðarás 15,40 -1,30% ... Össur 112,50 +0,50%

Tölur miðast við kl. 15:06

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Seðlabankinn í Evrópu hækkar stýrivexti



Evrópski seðlabankinn hækkaði í gær stýrivexti sína um 0,25 stig. Stýrivextirnir standa nú í 2,25 prósent og hafa ekki verið svo háir síðan í október árið 2000. Er þetta í samræmi við það sem margir höfðu spáð enda var seðlabankastjórinn, Jean-Claude Trichet, búinn að gefa í skyn að vextir yrðu hækkaðir. Samkvæmt Bloomberg fréttaveitunni reiknar hann samt ekki með röð vaxtahækkana. Þetta sé gert til þess að ná tökum á verðbólgunni.

Íslensk fyrirtæki og einstaklingar hafa í auknum mæli tekið erlend lán. Þegar vextir í Evrópu hækka eykst greiðslubyrði þeirra lána sem eru í evrum. Greiningardeild KB banka hefur áætlað að hækkun stýrivaxta í Evrópu um eitt prósent auki gjaldeyrisútflæði frá Íslandi um tíu milljarða. Samkvæmt þessu aukast greiðslur frá Íslandi vegna vaxtahækkunar Evrópska seðlabankans í gær um 2,5 milljarða króna.

Eftir klukkan fjögur í dag mun Davíð Oddsson seðlabankastjóri tilkynna hvort og þá hve mikið Seðlabanki Íslands muni hækka stýrivexti hér á landi. Standa þeir nú í 10,25 prósentum. Verðbólga mælist enn langt fyrir ofan verðbólgumarkmið bankans. Telja greiningadeildir að stýrivextirnir verði hækkaðir um 0,5 prósent.

## MARKAÐSPUNKTAR

HSBC, þriðji verðmætasti banki heims, segir að hagnaður fyrir skatta á þriðja ársfjórðungi verði meiri en á sama tíma í fyrra.

Samkvæmt nýrri könnun Neytendasamtakanna og SFR á þjónustugjöldum banka og sparisjóða eru dæmi um allt að 300 prósenta verðmun á sambærilegri þjónustu milli stofnana.

Samkvæmt skýrslu OECD um alþjóðlega þróun efnahagsmála eru horfur almennt taldar góðar. Þrátt fyrir umtalsverða hækkun olíuverðs á þessu ári hefur hagvöxtur í heiminum haldist stöðugur og gert er ráð fyrir að svo verði áfram á næsta ári.

# Kaupir stærsta söluaðilann í Bretlandi

Tilkynnt var í gær að Össur hf. hafi keypt breska stuðningstækjafyrirtækið Innovative Medical Products (IMP) fyrir um 1,2 milljarða íslenskra króna. Tók Össur við rekstri fyrirtækisins í gær.

IMP sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á hnjá-, mjaðma- og bakspelkum. Það er sagt stærsti sölu- og dreifingaraðilinn á stuðningstækjum í Bretlandi.



JÓN SIGURÐSSON VAR NÝLEGA Í NEW YORK AÐ KYNNA NÝTT GERVIHNÉ ÖSSURAR.

Í fréttatilkynningu er haft eftir Jóni Sigurðssyni forstjóra að það hafi verið yfirlýst markmið Össurar að færa sig enn frekar inn á markað fyrir stuðningstæki. Kaupin á IMP séu mikilvægur áfangi í þeirri sókn.

Áætlaðar tekjur IMP fyrir árið í ár eru rúmar fjórtán milljónir Bandaríkjadala eða rúmar 880 milljónir króna. Fara á í skipulagsbreytingar sem eiga að skila meiri hagnaði frá og með árinu 2007.

Þegar Össur keypti Royce Medical síðastliðið sumar var meira fengið að láni en til þurfti. Var afgangurinn meðal annars notaður til að greiða fyrir IMP.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON HEFUR FARIÐ VÍTT OG BREITT Í FJÁRFESTINGUM SÍNUM Í FJARSKIPTAFYRIRTÆKJUM. Í FÉLAGI VIÐ AÐRA NÁÐI HANN ÞÓ EKKI AÐ KAUPA ÍSLENSKA SÍMANN.


AUGLÝSTU
EFTIR STARFSFÓLKI
Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.




Lestur sunnudaga*

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna



*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.


# Kaup Björgólfs Thors nema um 160 milljörðum

**Novator kjölfestufjárfestir í fimm evrópskum símafélögum. BTC fimmfaldast í virði frá einkavæðingu.**

Novator, eignarhaldsfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur fjárfest í símafélögum í Búlgaríu, Finnlandi, Grikklandi, Póllandi og Tékklandi fyrir um 160 milljarða króna.

Félagið hefur eignast allan hlut Viva Ventures í búlgarska fjarskiptafélaginu BTC fyrir eitt hundrað milljarða króna að viðbættri endurfjármögnun. Þetta eru ein stærstu kaup Íslendinga erlendis.

Fyrir átti Björgólfur um fjórðungshlut í BTC með beinum og óbeinum hætti. Búlgarska ríkið seldi 65 prósenta hlut í BTC til Viva Ventures snemma árið 2004 og fékk um 280 milljónir evra fyrir hlutinn sem nú samsvarar um tuttugu milljörðum króna en afgangurinn var seldur til fjárfesta í gegnum búlgörsku kauphöllina í Sofíu. Björgólfur var, ásamt alþjóðlega fjárfestingarfélaginu Advent International, stærsti fjárfestirinn í þessum kaupum í gegnum Viva. Verðmæti BTC hefur fimmfaldast frá einkavæðingu félagsins.

Novator teygir anga sína víðar á evrópskum fjarskiptamarkaði. Félagið tryggði sér fyrir skemmstu rúman fjórðung hlutabréfa í gríska fjarskiptafyrirtækinu FORTHnet sem er skrásett í grísku kauphöllinni og er stærsti hluthafinn. Á félagið nú 26,3 prósent í Forthnet. Ætla má að Novator hafi greitt hátt í þrjá milljarða króna fyrir bréfin.

Félagið hefur einnig verið umsvifamikið á finnskum fjarskiptamarkaði í gegnum eignarhald á símafélaginu Saunalahti sem er að renna inn í annað símafélag, Elisa. Elisa verður næststærsta símafélag Finnlands á eftir Telia Sonera. Novator verður langstærsti hluthafinn í Elisa með um tíu prósenta eignarhlut en markaðsvirði þessa hlutar er um tuttugu milljarðar króna.

Novator hefur einnig fjárfest í Netia Mobile í Póllandi og CRa í Tékklandi. Novator á um 70 prósent í pólska fyrirtækinu, sem er næststærsta símafélag Póllands og ætlar að fjárfesta fyrir fimmtíu milljarða króna í þriðju kynslóðar neti í Póllandi.

Félagið eignaðist CRa í fyrrasumar þegar Björgólfur Thor og fleiri fjárfestar keyptu um 72 prósenta hlut. Fjárfestarnir eignuðust síðar félagið að fullu og tóku það af markaði. Hlutur Novators er um 67 prósent í CRa en þar sem félagið er ekki lengur skráð er erfitt að meta markaðsvirði þess. Þó má ætla að eignarhlutur Novators sé um 25 milljarða virði.

eggert@frettabladid.is

# Skatttekjur jukust um 20,8 prósent

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tíu mánuði ársins var birt í gær. Í september var bókfærður 56,8 milljarða króna söluhagnaður og 5,6 milljarða fjármagnstekjuskattur, bæði sem gjöld og tekjur, vegna sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf., en ekki var gert ráð fyrir þessum liðum í fjárlögum.

Heildartekjur ríkissjóðs námu ríflega 336,6 milljörðum króna og hækkuðu um 107,9 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða 47,2%. Þar af skýrir fyrrnefnd sala Landssímans um 62,4 milljarða. Skatttekjur ríkissjóðs námu um 256,9 milljörðum króna og jukust um 20,8% frá fyrra ári.

Greidd gjöld námu 256,6 milljörðum króna og hækka um 23,3 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,6 milljarðar af gjaldfærslu fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði Símans og 5 milljarðar af hækkun vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að þessum tveimur liðum frátöldum hækka gjöldin um 12,7 milljarða eða 5,4% milli ára.

# Spáir minnkandi hagvexti

Í nýútkominni spá OECD er áætlað að hagvöxtur hér á landi verði 6,6 prósent á þessu ári sem er 0,4 prósentum hærra en í spá stofnunarinnar frá maí. Frá þessu greinir í Morgunkorni Íslandsbanka. Hins vegar spáir OECD nú 4,6 prósent hagvexti á næsta ári en hafði áður spáð 5,3 prósent hagvexti. Árið 2007 spáir stofnunin svo 2,6 prósenta vexti.

Stofnunin bendir á að frekari vaxtahækkana sé þörf til þess að slá á verðbólgu og einnig verði aðhald að ríkja í fjármálum hins opinbera næsta kastið. OECD spáir verðbólgu nærri efri þolmörkum verðbólgumarkmiðs Seðlabankans næstu árin og að viðskiptahalli verði tæp 13% næsta ár, og 10,5% árið 2007. - hhs

# Frá Neskaupsstað til Icelandic Group

Björgólfur Jóhannsson hefur erið ráðinn framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Icelandig Group frá næstu áramótum. Undanfarin sex ár hefur hann gegnt forstjórastöðu í Síldarvinnslunni í Neskaupsstað.

Í tilkynningu til Kauphallar Íslands segir að eitt af verkefnum Björgólfs verði að stýra samskiptum við framleiðendur á Íslandi.

Miklar breytingar hafa verið á eignarhaldi í Icelandic Group frá því í október á þessu ári. Aðilar tengdir Eimskipi, Magnús Þorsteinsson og fleiri, keyptu þá stóran hlut í félaginu. Þegar Icelandic Group keypti þýska framleiðslufyrirtækið Pickenpack kom Samherji inn í hluthafahópinn. Björgólfur hefur starfað í fyrirtækjum Samherja frá árinu 1992.

Björgólfur mun sitja í fjögurra manna framkvæmdastjórn Icelandic Group sem heyrir undir stjórn félagsins. Nýlega var Finnbogi A. Baldvinsson ráðinn Framkvæmdastjóri Icelandic í Evrópu, en hann stýrði áður Pickenpack. Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, stjórnarformaður, gegnir störfum forstjóra eftir að Þórólfur Árnason var rekinn úr því starfi.

# Bættur rekstur IG

Hagnaður Icelandic Group eftir skatta á þriðja ársfjórðungi var 289 milljónir króna. Sé horft til fyrstu níu mánaða ársins hefur félagið tapað 22 milljónum en á sama tíma í fyrra var 622 milljón króna hagnaður. Þessi niðurstaða er samt ívið betri en spár greiningaraðila gerðu ráð fyrir. Greiningardeild KB banka spáði fyrir um 91 milljón króna hagnaði.

Rekstur fyrirtækja Icelandic Group í Bandaríkjunum og Bretlandi hefur gengið brösulega en stjórnendur tilkynntu í vor að unnið væri að því að bæta reksturinn. Gert er ráð fyrir að Icelandic USA verði í jafnvægi á fjórða ársfjórðungi og afkoma Coldwater í Bretlandi batni. Ýmsar skipulagsbreytingar hafa verið gerðar innan fyrirtækisins með þetta að markmiði.



Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson stjórnarformaður Icelandic Group segir unnið að því gera reksturinn stöðugri.

Vörusala fyrstu níu mánuði ársin jókst um 41 prósent frá því í fyrra og nam 71 milljarði króna. Veltuaukningin nemur 57 prósent sé tekið tillit til veltuaukningar. Hefur aukin skuldsetning, þar sem félagið hefur verið að stækka, valdið því að fjármagnskostnaður hefur aukist. Var hann tæpur milljarður frá janúar til september í ár en 484 milljónir í fyrra.

Heildareignir voru um 59 milljarðar króna nú í lok september samanborið við 35 milljarða í ársbyrjun.

# OM sættir sig við helming

Suður-afríska tryggingafélagið Old Mutual, sem undanfarna mánuði hefur unnið hörðum höndum að því að yfirtaka Skandia, sættir sig við að komast yfir helming hlutafjár í Skandia í stað 90 prósenta eins og áður var stefnt að.

Straumur-Burðarás er meðal stærstu eigenda í Skandia og hafa stjórnendur félagsins lýst því yfir að félagið ætli að selja Old Mutual sinn hlut.

Talið er næsta víst að áætlun Old Mutual gangi eftir fyrir 16. desember en þá rennur tilboðið út. Sérfræðingar á sænska markaðnum spá því að fyrirtækið nái um 55-60 prósent hlutafjár fyrir tilskilinn tíma.

Hluthafar í Skandia fá bæði peninga og hlutabréf í Old Mutual í skiptum. - eþa


**Blóðþrýstingsvandamál?**



LH er náttúruleg hjálp við stjórn á blóðþrýstingi. Hæfilegur dagskammtur er 100 ml (ein flaska) sem er það magn sem hefur verið sýnt fram á með rannsóknum að þarf til að hafa hámarksáhrif til hjálpar við stjórnun blóðþrýstings. Sjá nánar á **www.ms.is**




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Náttúruleg hjálp við stjórn á blóðþrýstingi





**Ógleymanlegar stundir með Canon**

Canon

**Gefðu ómótstæðilegar myndavélar og hagkvæma prentara í jólagjöf**



Þú sparar 15.000 kr.

**Ixus i zoom stafræn myndavél**
Glæsilega hönnuð með fimm milljón pixlum
- 2.4x aðdráttur á linsu.
- DIGIC II örgjörvi og iSAPS tækni sem eykur hraða og gæði.
- 16 tökustillingar.
- VGA kvikmyndir í allt að 60 mín.
- USB 2.0.
- Fæst í fjórum litum.

**Tilboðsverð 29.900 kr.**
Verð 44.900 kr.



Þú sparar 6.000 kr.

**Canon MP500 fjölnotatæki**
Þín eigin framköllunarstofa
- Upplausn prentunar: 9600x2400 dpi í ljósmyndagæðum.
- Svarthvít prentun: 29 bls. á mín. í svörtu.
- Litaprentun: 19 bls. á mín. með texta og grafík.
- Ljósmyndaprentun: 10x15 myndir á 51 sek.
- ChromaLife100 kerfi sem eykur endingu ljósmynda.
- DVD og CD prentun. Sjálfvirk prentun á báðar hliðar (duplex).

**Tilboðsverð 23.900 kr.**
Verð 29.900 kr.



Þú sparar 20.000 kr.

**Canon jólapakki**
Einstök Ixus myndavél og þráðlaus prentari á ótrúlegu jólaverði

**Ixus 55**
- 5 milljón pixla myndflaga.
- 3x aðdráttur á linsu.
- DIGIC II örgjörvi og iSAPS tækni sem eykur hraða og gæði.
- 15 tökustillingar.
- USB 2.0.

**iP5200R**
- Upplausn: Allt að 9600x1200 dpi.
- Svarthvít prentun: Allt að 30 bls. á mín.
- Litaprentun: Allt að 24 bls. á mín.
- Ljósmyndaprentun: 10x15 myndir á 36 sek.
- Styður Wi-Fi og Ethernet fyrir þráðlausa og netprentun.
- Single Ink blekhylkjakerfi sem stuðlar að lægri rekstrarkostnaði.

**Tilboðsverð 59.800 kr.**
Verð 79.800 kr.

**Canon A520 stafræn myndavél**
Einföld í notkun fyrir fjölskylduna
- 4.0 milljón pixla myndflaga.
- 4x aðdráttur á linsu.
- DIGIC II örgjörvi og iSAPS tækni sem eykur hraða og gæði.
- 20 tökustillingar.
- VGA kvikmyndir í allt að þrjár mín.

**Tilboðsverð 21.900 kr.**
Verð 29.900 kr.



Þú sparar 8.000 kr.



Þú sparar 5.000 kr.

**Canon A410 stafræn myndavél**
Auðveld í notkun á frábæru verði
- 3.2 milljón pixla myndflaga.
- 3.2x aðdráttur á linsu.
- Þyngd aðeins 150 gr. án rafhlöðu.
- DIGIC II örgjörvi og iSAPS tækni sem eykur hraða og gæði.
- 14 tökustillingar.
- VGA kvikmyndir í allt að þrjár mín.
- USB 1.0.

**Tilboðsverð 14.900 kr.**
Verð 19.900 kr.

NÝHERJI
Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík
Sími 569 7700 · www.nyherji.is

DE SADE MARKGREIFI (1740-1814) LÉST ÞENNAN DAG.



*Hvað er siðlausara en stríð?*

DE SADE VAR FRANSKUR RITHÖFUNDUR SEM SKRIFAÐI KLÁMFENGNAR BÆKUR. SADISMI ER DREGINN AF NAFNI HANS.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 2. DESEMBER 1985

## *Gotti verður höfuð Gambino*

Á þessum degi árið 1985 voru glæpaforingjarnir Paul Castellano og Thomas Bilotti skotnir til bana fyrir utan steikhús í New York. Þar með varð John Gotti, sem fyrirskipað hafði árásina, höfuð hinnar alræmdu Gambino-glæpafjölskyldu sem var valdamesta mafían í borginni.

Gotti ólst upp á strætum Bronx og Harlem í New York og sendist fyrir mafíuna á staðnum frá unga aldri. Árið 1968 var hann dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir þjófnað en frami hans innan mafíunnar komst fyrst á skrið þegar hann drap óvin Gambino-fjölskyldunnar árið 1973.



JOHN GOTTI

Það bar töluvert á Gotti á meðan hann var og hét. Hann klæddist ávallt áberandi flottum fötum og varð nokkurs konar hetja í augum margra nábúa sinna. Vegna einstakrar heppni sinnar við að sleppa undan lögum og reglum fékk hann viðurnefnið Teflon-doninn, enda virtist ekkert festast við hann.

Heppnin þraut þó að lokum og árið 1992 var hann dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir morð.

## MERKISATBURÐIR

**1804** Napoleon Bonaparte er krýndur keisari Frakklands.

**1929** Minnsti loftþrýstingur hér á landi, 919,7 millibör, mælist í Vestmannaeyjum.

**1961** Fidel Castro lýsir yfir að Kúba verði kommúnistaríki.

**1993** Kólumbíski eiturlyfjabaróninn Pablo Escobar er skotinn til bana.

**1989** V.P. Singh er settur í embætti forsætisráðherra Indlands.

**2000** Björk Guðmundsdóttir hlýtur evrópsku kvikmyndaverðlaunin í París sem besta leikkonan fyrir leik sinn í myndinni Dancer in the Dark.



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Svava Sigríður Vilbergsdóttir**
Bólstaðarhlíð 68,

lést á Landakotsspítala þann 29. nóvember.
Útförin verður auglýst síðar.

**Njáll Símonarson**
**Edna S. Njálsdóttir**
**Berglind M. Njálsdóttir, Ómar Guðmundsson**
**Ásta V. Njálsdóttir, Jón B. Hlíðberg**
**Margrét Vilbergsdóttir, Grétar Þorleifsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jan Eyþór Benediktsson**
Naustabryggju 12,

lést þriðjudaginn 29. nóvember.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Jóhanna Þ. Bjarnadóttir**
**Benedikt Garðar Eyþórsson**
**Þórður Jóhann Eyþórsson**
**Arnar Eyþórsson Lára G. Vilhjálmsdóttir**
**Agnes Eyþórsdóttir Ólafur Þór Zoega**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Óli J. Blöndal**
*frá Siglufirði, Unnarbraut 1, Seltjarnarnesi,*

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju, mánudaginn 5. desember kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Margrét B. Blöndal**
**Ólöf Birna Blöndal Sveinn Þórarinsson**
**Jósep Ó. Blöndal Erla Harðardóttir**
**Ásbjörn Ó. Blöndal Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Sigurður Ó. Blöndal Linda Björk Guðmundsdóttir**
**Bryndís J. Blöndal**
**afa- og langafabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Oddur Sigurðsson**
Ástúni 10, Kópavogi,

andaðist á St. Jósefsspítala þriðjudaginn 29. nóvember. Útför fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 5. desember kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort systrasjóðs St. Jósefsspítala á www.stjo.is.

**Margrét Þórunn Þórðardóttir**

**Þórdís Gunnarsdóttir Scott M. Evans**
**Sigurdís Gunnarsdóttir Sigfinnur Þ. Lúðvíksson**
**Sigþór Gunnarsson Íris Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

## EINAR K. GUÐFINNSSON: ER FIMMTUGUR

# Dansleikur fyrir vestan

„Ég er farinn að hlakka til eins og krakki og upplifi mig eins og þegar ég var að halda upp á afmælin sem lítill strákur. Ég hlakka sérstaklega til að sjá sem mest af mínum góðu vinum, félögum og samstarfsmönnum í gegnum tíðina,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra, sem verður í kvöld með opið hús í Félagsheimili Bolungarvíkur, heimabæjar síns, í tilefni af fimmtugsafmæli sínu.

„Þetta verður hefðbundið afmæli með dagskrá sem ég hef undirbúið með hjálp góðra listamanna á svæðinu,“ segir Einar glaðlega en hann ætlar að ljúka afmælinu með dansleik þar sem ísfirsk hljómsveit mun halda uppi stuði og fjöri.

Einari hefur þótt skemmtilegt að halda upp á afmæli sín allt frá því hann var lítill drengur fyrir vestan, enda á hann stóra fjölskyldu og því voru veislur ávallt mannmargar. Hann man þó einkar vel eftir fertugsafmæli sínu sem hann hélt einnig í Bolungarvík. „Það var mjög skemmtilegt og ég fékk marga vini mína í heimsókn. Daginn eftir, þegar þeir sem voru komnir lengra að þurftu að komast suður og ég sjálfur að komast til vinnu minnar á Alþingi, hafði versnað veðrið og ekki var flogið. Við ókum af stað í rútu og ætluðum að fara stystu leið milli Ísafjarðar og Mjóafjarðar en festum okkur þar rækilega og vorum þar lengi nætur. Heimferðin úr því afmæli var því, þegar upp var staðið, ekki síður eftirminnileg en afmælið sjálft,“ segir Einar glettinn en allt fór vel að lokum og hópurinn komst suður einhvern tíma undir morgun.



**HLAKKAR TIL EINS OG KRAKKI** Einar hefur gaman af afmælisveislum og ætlar að hafa opið hús í Félagsheimili Bolungarvíkur í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Einar tók nýlega við embætti sjávarútvegsráðherra og líkar starfið vel. „Ég hef gaman af starfinu því jafnframt því að vera starfið mitt er sjávarútvegur áhugamál mitt,“ segir ráðherrann ánægður, en kveðst ekki hafa haft tíma til að undirbúa jólin og játar að vera ekki búinn að hengja upp eina seríu. Einar og fjölskylda hans eiga tvö heimili, annað í Reykjavík og hitt í Bolungarvík, og ætla þau að halda jólin í ár hátíðleg fyrir sunnan. ■

## ANDLÁT

**Gríma Sveinbjörnsdóttir**, Hlíðarvegi 8, Kópavogi, lést á heimili sínu mánudaginn 28. nóvember.

**Jón Valgarð Guðjónsson**, Hvítingavegi 12, Vestmannaeyjum, lést mánudaginn 28. nóvember.

**Adolf H. Magnússon** skipstjóri, Vestmannabraut 76, lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja þriðjudaginn 29. nóvember.

**Gunnar Oddur Sigurðsson**, Ástúni 10, Kópavogi, andaðist á St. Jósefsspítala þriðjudaginn 29. nóvember.

**Jan Eyþór Benediktsson**, Naustabryggju 12, Reykjavík, lést þriðjudaginn 29. nóvember.

**Leó Ingvarsson** frá Neðra-Dal, V-Eyjafjöllum, lést á Hrafnistu Hafnarfirði þriðjudaginn 29. nóvember.

**Magnús Már Sigurjónsson**, Skólagerði 69, Kópavogi, lést á Landspítala Fossvogi þriðjudaginn 29. nóvember.

**Svava Sigríður Vilbergsdóttir**, Bólstaðarhlíð 68, lést á Landspítala Landakoti fimmtudaginn 29. nóvember.

## JARÐARFARIR

11.00 **Ásrún Magnúsdóttir**, Dælengi 1, Selfossi, verður jarðsungin frá Selfosskirkju.

11.00 **Steinunn Fanney Vilhjálmsdóttir**, verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

13.00 **Hálfdán V. Einarsson** fyrrverandi tollvörður, Árskógum 6, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Seljakirkju.

13.00 **Sóley Þórarinsdóttir** frá Suðureyri við Tálknafjörð, verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju.

13.00 **Svanur Ingi Kristjánsson** húsasmíðameistari verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

13.30 **Óskar Geirsson** frá Hallanda, Miðengi 12, Selfossi, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju.

15.00 **Kristvin Jósúa Hansson** húsasmíðameistari, Efstasundi 94, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristinn Jón Leví Jónsson**
húsasmíðameistari,

til heimilis að Sundstræti 31 A, Ísafirði, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 3. desember kl. 14.00.

**Anna Sigríður Kristjánsdóttir**
**Ragnhildur Guðný Flyger, Henning Beck Flyger**
**Matthías Kristinsson, Björk Gunnarsdóttir**
**Sigríður Júlíana Kristinsdóttir, Jens Andrés Guðmundsson**
**Bjarney Kristinsdóttir Vatne, Øystein Vatne**
**Guðmundur Kr. Kristinsson, Elsa Jóna Sveinsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**


LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.

S.HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1859** Georges Seurat, franskur listmálari.



**1923** Maria Callas óperusöngkona.



**1946** Gianni Versace tískuhönnuður.




Rúnar Geirmundsson — Sigurður Rúnarsson — Elís Rúnarsson

Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110,
893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


## AFMÆLI



**Ármann Reynisson** rithöfundur er 54 ára.



**Hafliði Pétur Gíslason** prófessor er 53 ára.



**Júlíus Kemp** leikstjóri er 38 ára.



**Hrafnhildur Arnardóttir** listakona er 36 ára.



**Britney Spears** söngkona er 24 ára.



JÓLABÆKURNAR
31-97% AFSLÁTTUR
Allar jólabækur á tilboði!
56% afsláttur
SAGN FRÆÐINGURINN
ELIZABETH KOSTOVA
Bókatíðindaverð: 4.990,-
Okkar verð:
2.195,-
36% afsláttur
Þráinn Bertelsson
VALKYRJUR
Bókatíðindaverð: 4.680,-
Okkar verð:
2.995,-
Stóra ORÐABÓKIN um íslenska málnotkun
31% afsláttur
Bókatíðindaverð: 14.480,-
Okkar verð:
9.995,-
40% afsláttur
RAGNARÖK
Örlagaríkustu stórorustur sögunnar
Bókatíðindaverð: 4.280,-
Okkar verð:
2.568,-
34% afsláttur
Carlos Ruiz Zafón
SKUGGI VINDSINS
Bókatíðindaverð: 4.690,-
Okkar verð:
3.095,-
40% afsláttur
John Lennon
Bókatíðindaverð: 4.280,-
Okkar verð:
2.568,-
35% afsláttur
DAN BROWN
BLEKKINGALEIKUR
Bókatíðindaverð: 4.280,-
Okkar verð:
2.795,-
40% afsláttur
AFMÖRKUÐ STUND
INGÓLFUR MARGEIRSSON
Bókatíðindaverð: 4.280,-
Okkar verð:
2.568,-
AFTURELDING
32% afsláttur
Bókatíðindaverð: 4.690,-
Okkar verð:
3.195,-
32% afsláttur
Jostein Gaarder
Appelsínustelpan
Bókatíðindaverð: 2.490,-
Okkar verð:
1.695,-
GÆFUSPOR
35% afsláttur
Bókatíðindaverð: 3.980,-
Okkar verð:
2.595,-
Alltaf ódýrastur!
enski boltinn
97% afsláttur
takmarkað magn*
Bókatíðindaverð: 2.890,-
Okkar verð:
9kr.
Aðeins 1stk. á mann.
* aðeins í Office 1 Skeifunni og Smáralind
FYLGIR!
Allir sem kaupa bækur fyrir meira en 10.000 kr. fá Hringadróttins spilið í kaupbæti.*
*Á meðan birgðir endast
Verðmæti 1.990,-
Office 1 Superstore
Afgreiðslutímar verslana!
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
sunnudaga 13-17
Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
Tilboðin gilda til og með 5. desember 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur. Umbrot: Basecamp.





# STUÐ MILLI STRÍÐA Svartnætti í apótekinu

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR STRÍÐIR VIÐ APÓTEKSFÍKN.



Öll höfum við víst veikleika þó svo að fæst okkar vilji horfast í augu við það. Sumir eru veikir fyrir mat, aðrir fyrir veðmálum og enn aðrir fyrir skóm. Ég aftur á móti hef þann veikleika að geta ekki gengið inn í apótek án þess að eyða mörgum þúsundum króna. Ég er ekki að eyða þúsundum í lyf, bara svo það sé tekið fram, ég eyði í gloss, varasalva, krem, teygjur, vítamín, sokka, svefngrímur, nefsprei og þess háttar sem mig vantar ekki neitt.

Verst er þegar ég þarf að bíða eftir að fá afgreiddan lyfseðil. Sú bið reynir virkilega á mig. Stundum sannfæri ég mig um að ég ætli bara rétt að skoða. Bara aðeins. Eina ferð á milli rekkanna. Áður en ég veit af er ég farin að þefa af kremum og sjampóum og þreifa á efni í treflum og sokkum. Allir þeir sem glíma við slíkan veikleika lenda í því að einn daginn uppgötva þeir að nú sé botninum náð. Einhverjar aðstæður skapast sem skelfa þig svo rosalega og sýna þér hversu langt þú ert leiddur í veikleika þínum.

Ég náði mínum botni fyrir ekki svo löngu. Þá þurfti ég að bíða lengi eftir lyfseðli. Ég fór að ráfa um apótekið. Ég hóf að stafla vörum í fangið. Svo hvarf meðvitundin. Ég rankaði við mér þegar afgreiðslukonan bauð mér körfu undir varninginn og ég heyrði apótekarann kalla „Jóhanna Sveinsdóttir nr. 456, er engin Jóhanna að bíða?“ Mér varð litið í troðfullt fang mitt og sá þá að hendur mínar voru blóðrauðar og bleikar af gloss- og varalitaprufum og ég hélt á þremur tegundum af hreinsikremum.

Eftir þetta reyni ég að fara ekki í apótek. Neyðist ég til að gera það þá fer ég á kvöldin þegar ég er viss um að ég þurfi ekki að bíða. Á hverjum degi segi ég við sjálfa mig: „Ég þarf ekkert úr apótekinu í dag,“ og tek svo bara einn apótekslausan dag í einu og sætti mig við að eiga bara eina tegund af hreinsikremi í skápnum. ■





AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 1 | 6 | 3 |
| 1 | 9 | 6 | 8 | 3 | 4 | 7 | 5 | 2 |
| 2 | 7 | 3 | 1 | 6 | 5 | 8 | 9 | 4 |
| 6 | 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 2 | 7 |
| 4 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 6 | 8 | 9 |
| 9 | 5 | 7 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 9 | 5 | 1 | 6 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 9 | 4 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | 2 | | | | 5 | 7 | |
| | | 1 | | | | 2 | | |
| | | | 5 | | 4 | | | |
| 3 | | | 6 | | 5 | | | 7 |
| | | 4 | | | | 3 | | |
| 1 | | | 3 | | 8 | | | 2 |
| | | | 1 | | 6 | | | |
| | | 7 | | | | 6 | | |
| | 8 | 9 | | | | 4 | 3 | |

# ÚTGÁFUHÁTÍÐ GEIMSTEINS

## í Borgarleikhúsinu

## laugardaginn 3. desember

# kl.20.30

## FRAM KOMA



STÓRSVEIT
Rúnars Júlíussonar



Deep Jimi
and the Zep Creams



Hjálmar



Kántrísveit
Baggalúts

# 800KR INN

Geisladiskar á fáránlegu verði og 100. hver gestur fær óvæntan glaðning

! **Kl. 12.10**
*Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús býður upp á skyndikynni við **Guðrúnu Einarsdóttur** listamann, en hún er ein margra sem eiga verk á sýningunni Aðföng Listasafns Reykjavíkur 2002 - 2005. Hún segir frá ferli sínum og skoðar eigin verk með gestum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Opið glerblástursverkstæði*

Undanfarna tvo áratugi hefur Sigrún Einarsdóttir, glerlistamaður á Kjalarnesi, haldið þeim sið að opna verkstæði sitt eina helgi í byrjun aðventunnar. Nú er svo komið að mörgum finnst ómögulegt annað en að byrja jólin á að heimsækja Sigrúnu, skoða það sem er á boðstólum og fá sér kannski kaffi og piparkökur í leiðinni.

„Ég ætla að hafa þetta núna um helgina. Þetta verður eina helgin sem fólk getur komið,“ segir Sigrún, sem eins og jafnan verður með útsölu á útlitsgölluðum munum. Einnig ætlar hún ásamt systur sinni, Ólöfu, og tveimur gestablásurum frá Danmörku, þeim Leif Møller og Anne Katrine Kalsgaard, að sýna hvernig þau bera sig að við glerblásturinn. Danirnir tveir hafa verið hjá henni á verkstæðinu frá því í sumar.

„Hér verður líka fullorðinn maður, Þorgrímur Kristmundsson, sem ætlar að spila á heimasmíðaða munnhörpu. Þeir koma hingað tveir sem spila fyrir okkur jólalög.“

Glerverkstæði Sigrúnar á Kjalarnesi er hið eina sinnar tegundar á landinu þar sem gler er brætt í ofni við



1300 gráður, munnblásið og handunnið. „Þetta hefur verið deyjandi stétt, listhandverksfólkið, þeir sem bæði hanna hlutina og skapa sjálfir,“ segir Sigrún sem er menntuð frá skóla í Danmörku.

Verkstæðið er staðsett milli Klébergsskóla og Grundarhverfis og verður opið milli klukkan 10 og 15 bæði á laugardag og sunnudag.

### > Ekki missa af ...



... seinni jólatónleikum **Mótettukórs Hallgrímskirkju** í ár, sem verða á laugardaginn klukkan 17. Einsöngvari verður **Ísak Ríkharðsson** drengjasópran.

... hinni geysivinsælu sýningu **Tími Romanov-ættarinnar í Rússlandi**, sem lýkur í Gerðarsafni í Kópavogi um helgina.

... sýningunum **Halldór í Hollywood** og **Edith Piaf**, sem báðum er að ljúka í Þjóðleikhúsinu.

## NÝJAR BÆKUR

**Sagnfræðingurinn**, fyrsta skáldsaga Elizabethar Kostova, er komin út í þýðingu Magneu Matthíasdóttur. Í bókinni segir frá ungri konu sem af illri nauðsyn heldur upp í leit að sannleikanum um Vlad stjaksetjara, sem varð fyrirmyndin að þjóðsögunni um Drakúla. Bókaforlagið Jentas gefur út.




**Jólahelgin í Bergvík**



**Hin árlega jólasöluhelgi verður í glerblástursverkstæðinu GLER Í BERGVÍK 3. og 4. desember.**

Opið verður laugardag og sunnudag kl. 10 - 15. Útsala á lítið útlitsgölluðum glermunum - afsláttur af öðru gleri.
**Gott úrval.**

Glerblástur. Kaffi og piparkökur
Verkstæðið er staðsett á Kjalarnesi milli Klébergsskóla og Grundarhverfis

gler í BERGVÍK

Víkurgrund 10,Kjalarnesi
s.5667067, netfang:glerberg@simnet.is
www.simnet.is/glerberg


# Diddú rifjar upp gamla takta

**Spilverk þjóðanna vaknar til lífsins á ný eftir aldarfjórðungs hlé. Sigrún Hjálmtýsdóttir smalaði saman gömlu félögunum í tilefni af þrjátíu ára söngafmæli sínu. Þau ætla að rifja upp gömlu lögin og húmorinn.**



**SPILVERKIÐ 2005** Diddú ásamt Agli Ólafssyni og Valgeiri Guðjónssyni í Salnum í Kópavogi. Sigurður Bjóla er reyndar fjarri góðu gamni, en í hans stað koma þeir Kjartan Valdimarsson píanóleikari og Kjartan Guðnason slagverksleikari. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

„Við erum þarna þrjú af fjórum,“ segir Sigrún Hjálmtýsdóttir. Hún kemur fram í Salnum í Kópavogi í kvöld ásamt félögum sínum úr Spilverki þjóðanna, þeim Agli Ólafssyni og Valgeiri Guðjónssyni. Fjórði maðurinn, Sigurður Bjóla, verður þó fjarri góðu gamni.

„En við erum með tvo aðra okkur til fulltingis í staðinn, tvo Kjartana, Valdimarsson og Guðnason. Þeir koma þarna inn með slagverk og slaghörpu.“

Tilefni þess að þau koma saman nú er tvöfalt afmæli söngkonunnar, sem varð fimmtug á árinu og heldur jafnframt upp á þrjátíu ára söngafmæli sitt. Upphaf söngferilsins miðar hún við fyrstu opinberu tónleika Spilverksins sem voru haldnir í sal Menntaskólans við Hamrahlíð haustið 1975.

Spilverk þjóðanna lagði upp laupana fyrir rúmum aldarfjórðungi en hafði þá verið ein vinsælasta hljómsveit landsins í rétt um það bil hálfan áratug, sent frá sér hverja plötuna á fætur annarri og glatt landsmenn með söng og sprelli.

„Það er alveg ótrúlegt hvað maður man af öllum þessum smáatriðum sem fylgdu hverju lagi, allt það sem einkenndi okkur sem hljómsveit. Það þarf bara að ýta á rétta hnappinn,“ segir Diddú sem hefur skemmt sér konunglega á æfingum undanfarið. „Það var ekki síst húmorinn sem einkenndi okkur, húmor og raddanir. Þetta blundar allt saman í manni eftir öll þessi ár.“

Vegna mikillar aðsóknar verða tónleikarnir fluttir tvisvar. Þeir fyrri verða í kvöld og er fyrir löngu uppselt á þá, en aðrir tónleikar verða haldnir á morgun klukkan 17.

„Það er aldrei að vita,“ segir Diddú þegar hún er spurð hvort búast megi við að Spilverkið haldi áfram að starfa saman úr því farið var af stað í annað borð. „Það fer eftir því hvernig fólk tekur þessu.“

Tónleikarnir eru haldnir undir yfirskriftinni Hin hliðin, en Diddú á sér margar hliðar eins og landsmenn vita. Söngferill hennar spannar hinar ólíkustu tónlistarstefnur og strauma, því Diddú er jafnt á heimavelli í hinum stóru aríum óperubókmenntanna, í kraumandi djasssveiflu, á lágstemmdum vísnasöngnótum og í flutningi dægurlaga af ýmsum toga.

Spilverkið kemst því ekki að fyrr en kvöldið er hálfnað. Á fyrri hluta tónleikanna fær Diddú vinkonu sína, Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara til liðs við sig, en þær ætla í sameiningu að rifja upp lög sem höfðu mest áhrif á hana áður en Spilverkið varð til.

„Þetta eru lög sem hafa mótað mig og gert mig að því sem ég er í dag og þar fer ég yfir mjög fjölskrúðugt landslag.“

Þar nefnir hún til lög eins og Sveitin milli sanda, Siboney, ýmis gospellög, að ógleymdum Bernstein og Bítlunum. Allt saman tónlist sem hún heyrði hljóma í æsku og söng þá gjarnan með.

„Hvert einasta af þessum lögum hefur haft mjög mikla þýðingu fyrir mig, og ég rek þetta alveg fram til menntaskólaáranna, fram að Spilverkstímanum,“ segir Diddú, sem nýtur þess greinilega í botn að rekja sig í gegnum persónulega tónlistarsögu sína í félagsskap góðra vina.

„Því sem tók við eftir Spilverkið gerði ég skil með Sinfóníunni um daginn á tónleikum þar sem ég söng uppáhalds óperuaríurnar mínar. Núna er ég því búin að loka hringnum, ef svo má segja.“

Engu er líkara en hún ætli sér að byrja upp á nýtt, núna þegar þessum þrjátíu ára hring er lokið. Í það minnsta mun hún ekki sitja auðum höndum á næstunni, því framundan eru fjölmargir tónleikar, fyrst í stað hefðbundnir aðventu- og jólatónleikar víða um land og síðan taka við nýárstónleikar strax eftir áramótin.

„Ég sé fram á að eiga smá hlé eftir miðjan ágúst, þá ætla ég að reyna að búa mér til tveggja vikna frí.“


LÍKAMI/HUGUR/ANDI

**SVÖR**
**VIÐ SPURNINGUM UM LÍF OG DAUÐA**

- Hvernig veistu hvort þú ert dáinn?
- Hvernig er ferðin yfir í næsta heim?
- Get ég haft samband við ástvini á jörðinni?
- Eru verndarenglar til?
- Hvað gerist þegar einhver verður bráðkvaddur?
- Get ég beitt viljastyrk mínum til að snúa aftur?



**Íslandsvinurinn Craig Hamilton-Parker er frægur miðill sem hefur gert efahyggjumenn orðlausa með nákvæmum lýsingum sínum. Hann hefur skrifað margar bækur, þar á meðal metsölubókina „Draumar, að muna þá og skilja“.**




ÚTKALL
Sími 562 2600




Næst


# Huldukonur birtast

Á sunnudaginn verða þrjár sýningar opnaðar í Þjóðminjasafni Íslands. Viðamest er þar sýningin Huldukonur í íslenskri myndlist, sem, eins og samnefnd bók, er afrakstur 25 ára rannsóknarvinnu Hrafnhildar Schram listfræðings.

Sýningin er í Bogasal safnsins og fjallar um ævi og verk tíu kvenna sem voru nær allar fæddar á síðari hluta 19. aldar. Aðeins tvær þeirra sýndu myndverk sín opinberlega í lifanda lífi, en þær ruddu brautina fyrir aðrar sem á eftir komu og eiga því skilið sinn sess í sögu íslenskrar myndlistar.

Einnig verða opnaðar tvær ljósmyndasýningar. Önnur þeirra heitir Norður. Á henni getur að líta ljósmyndir eftir Marco Paoluzzo, sem hefur gefið út tvær ljósmyndabækur um Ísland auk þriggja annarra ljósmyndabóka, sem allar eru með svart/hvítum myndum.

Hin sýningin ber heitið Aðflutt landslag og er með myndum eftir Pétur Thomsen, ungan íslenskan ljósmyndara sem hefur nýlokið námi í ljósmyndun í Frakklandi.



**VERK HULDUKONU** Mynd eftir Kristínu Þorvaldsdóttur úr bókinni Huldukonur í íslenskri myndlist.


ORMSSON Í SMÁRALIND 1 ÁRS!
AF ÞVÍ TILEFNI BJÓÐUM VIÐ UPP Á FRÁBÆR
AFMÆLISTILBOÐ
Í DAG OG Á MORGUN
Pioneer
PIONEER heimabíókerfi DCS-232
~~Kr. 33.900~~
KR. 29.900
SHARP
SHARP XLMP10H
hljómtækjastæða
~~Kr. 12.900~~
KR. 9.900
QONIX
QONIX PRA2000
Útvarp
Kr. 6 .990
SAMSUNG
SAMSUNG · RS21KCSM
Stál, kælir/frystir með klakavél
SAMSUNG er eini tvöfaldi kæli- og frysti-skápurinn með tvö aðskilin kerfi.
Blástur er bæði í kæli og frysti sem gerir það að verkum að frystirinn hrímir ekki.
SAMSUNG skápar eyða að lágmarki 25% minna rafmagni en sambærilegir skápar
Orkunotkun A
Einnig til í áli og hvítu.
Tilboðsverð kr. 229.900,-
Solis OF SWITZERLAND
SOLIS expresso-kaffivél
Verðlaunakaffivél
~~Kr. 59.900~~
KR. 54.900
AEG
ELDHÚSPAKKINN
AIRFORCE F3
veggháfur úr stáli
AEG 66030
stál helluborð
m/ snertitökkum
AEG B3051-4M
veggofn úr stáli
ALLUR PAKKINN
KR. 99.000
Solis OF SWITZERLAND
SOLIS ávaxta- og grænmetispressa
~~Kr. 13.900~~
KR. 11.900
AEG
AEG örbylgjuofn
Kr. 9.900
TEFAL
TEFAL Raclette grill
~~Kr. 5.900~~
KR. 4.900
TEFAL
Brauðrist
Kr. 1.990
TEFAL
Hraðsuðuketill
Kr. 1.990
TEFAL
25% AFSLÁTTUR
AEG
SMÁTÆKI
25% AFSLÁTTUR
Emile Henry
Poterie culinaire
25% AFSLÁTTUR
15% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÖÐRUM
AEG VÖRUM
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530 2900

# 550 Sauðárkrókur

## BÓKMENNTIR

[UMFJÖLLUN]

„Það er í mannlífinu af nógu að taka. Það lifa því allir, fáir þekkja þó, en þar sem á er gripið markvert nóg“, segir í forleiknum að Fást eftir Goethe (þýð. Yngvi Jóhannesson). Áskorun þýska skáldsins er reyndar djarfari á frummálinu, hvatning í senn til að sökkva sér í ríkulegt mannlífið og taka til hendinni - af nógu er að taka. Orð Goethes eru stundum dregin fram sem áskorun til skálda um að ráðast til atlögu við mannlíf samtíma síns, glíma við nútímann en leita hvorki á vit fortíðar né fagurfræði.

Hallgrímur Helgason tekur þessari áskorun, hann ræðst bæði í og á nútímann, og hann gerir það af dirfsku, krafti og húmor. Í leikriti Goethes eru hin frægu orð reyndar lögð í munn „gamansömum náunga“ sem svo heitir í þýðingunni og það á líka vel við: Hallgrímur dregur klisjur nútímans sundur og saman í háði, án þess þó að þykjast vita betur, hann ærslast í orðunum svo stundum verður lesanda nóg um. Sumir geta jafnvel ekki lesið hann nema í smáum skömmtum, en Hallgrímur er enginn andlegur smáskammtalæknir, hann breiðir úr sér, hann skýtur yfir markið, og í það og allt í kringum það í leiðinni.

Þetta hefur jafnan verið aðferð hans sem höfundar, frekar af mikið en of lítið, frásögnin er aldrei sem lygnt fljót, heldur sem straumhörð á í klettabelti og lesandinn verður að hafa sig allan við á sínum kajak, þetta er flúðasigling á fjögurhundruð síðum. Þessi frásagnarháttur hefur tvo meginkosti: Hann er sérlega nýtilegur til að draga upp sterka samtímamynd, einsog Hallgrímur gerði í 101 Reykjavík þegar hann tjáði nývakta sjálfsvitund einnar minnstu höfuðborgar heims. Og hann dugir líka vel til að kafa í hugmyndir, sjálfsmyndir og goðsagnir okkar einsog hann gerði í Höfundi Íslands; kannski brokkgeng bók en hafði meðal annars þann kost að bjarga Halldóri Laxness undan mærðarfullum klisjum sem voru að kæfa hann sem höfund, og gera hann aftur að þeim sjálfsagða hluta krítískrar bókmenntaumræðu sem er verðugt hlutskipti alvöru höfunda.

Því eru þessar mikilvægustu bækur Hallgríms nefndar að Rokland á heima með þeim og meira en það, hún er að minni hyggju sterkasta bók hans. Hann leikur á fleiri strengi tilfinningaskalans, hann gengur nær bæði lesanda og sjálfum sér. Þegar hér var vitnað til Goethes var það gert aðalpersónunni, Böðvari H. Steingrímssyni, til heiðurs; hann er unnandi klassískrar þýskrar menningar - sem hefur jafnan verið hlutskipti sérvitringa á Íslandi - og hann er hatursmaður flestra menningarfyrirbæra nútímans, utan hvað hann bloggar til að fá útrás fyrir skoðanir sínar. Við kynnumst honum þar sem hann er aftur fluttur heim til móður sinnar á Sauðárkrók eftir nokkurn þvæling og skynjum strax að klúðrið fylgir honum einsog ógæfan og andlitsgrettan - þó eru til svona menn sem eru alltaf á svip einsog þeir finni vonda lykt af umhverfi sínu. Aðstaðan getur reyndar minnt á eina af skemmtilegri skáldsögum bandarískum, Confederacy of Dunces, Aulabandalagið einsog hún var þýdd á íslensku, eftir John Kennedy Toole: þar bjó líka sérvitur unnandi heimsmenningar og hatursmaður nútímans heima hjá móður sinni.

En lengra nær samlíkingin ekki. Sögusvið Hallgríms er ekki New Orleans einsog hjá Kennedy Toole, heldur Sauðárkrókur, nánast götu fyrir götu, hús fyrir hús. Myndin af íslenskum kaupstað verður einstaklega sterk af því við skynjum hana með augum utangarðsmannsins sem finnst frekar að hann eigi að vera í Bayreuth en undir bláhimni, og er samt að reyna að púsla sér saman einhvers konar lífi. Allt í kringum hann eru stórbrotnar aukapersónur og þó hvergi minnisstæðari en á hótelinu: Keli hótelstjóri, Manni Volgu, svörtu systurnar - það er enginn miskunn einsog Keli hefði orðað það. Og ströggl Bödda verður alltaf erfiðara og erfiðara af því hann hefur ofnæmi fyrir öllu í kringum sig, ekki af því allir fari svo illa með hann, heldur af því hann fæddist í vitlausu þjóðfélagi einsog segir á einum stað. Þótt hann sé oft óþolandi og ömurlegur fáum við samt samúð með honum, samúð sem eykst eftir því sem harðnar á hans andlega dal - líka af því höfundurinn hefur vit á að gefa honum sín móment einsog stundirnar með barninu: „Sál hans yfirfylltist skyndilega og út yfir barma hennar lak volgur straumur út í efnið, líktog sálin hefði migið á sig af gleði.“

Aðeins maður sem er lentur á vitlausum stað getur verið svona næmur fyrir umhverfi sínu, látið okkur sjá það nýjum augum. Þarna er fólk sem við höfum hitt og setið með í fermingarveislum og talað við og aldrei kynnst í alvöru. Við lifum þessu lífi, svo lagt sé útaf Goethe, en kannski þekkjum við það ekki fyrr en við lesum bækur einsog Rokland, og við sjáum að það sem á er gripið er markvert nóg.

Áðeilan á fjölmiðlun nútímans er beitt og skemmtileg en fyrirsjáanlegri, og endir á svona bók getur sjaldnast risið undir upphafi hennar. Mannlífsmyndin og persóna Bödda eru sterkustu þættir verksins. Hallgrímur ölvast stundum af eigin andríki en hann heldur alltaf dampi, bókin er skrifuð af smitandi krafti og mælsku, hún er full af óborganlegum senum og þó sorglegum, hún tekur á mannlífinu og tekst á við það og höfundinum tekst vel upp og útkoman er ótrúlegur texti.

**Halldór Guðmundsson**




ROKLAND

**Höf:** Hallgrímur Helgason
**Útg:** Mál og menning, 2005
**Niðurstaða:** „Höfundinum tekst vel upp og útkoman er ótrúlegur texti.“


Tónleikurinn BÍTL
Frábær skemmtun! VS Fréttablaðið
SÍÐASTA SÝNING!
Laugardag 3/12 LAUS SÆTI
Landsbankinn
Loftkastalinn ☎ 552 3000

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

Salka Valka
Su 4/12 kl. 20 Su 11/12 kl. 20
Mi 28/12 kl. 20

Woyzeck
Í kvöld kl. 20 Mi 7/12 kl. 20 UPPS
Fö 9/12 kl. 20 Fi 29/12 kl. 21
Fö 30/12 kl. 21

Kalli á þakinu
Su 4/12 kl. 14 Su 11/12 kl. 14
Má 26/12 kl. 14 Su 8/1 kl. 14

Brot af því besta!
Í forsal Borgarleikhússins
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum
fimmtudagskvöldið 8/12 kl. 20
Guðrún Eva Mínervudóttir, Hallgrímur Helgason, Hreinn Vilhjálmsson, Ingibjörg Hjartardóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórarinn Eldjárn
Léttur jóladjass og kaffihúsastemning.
Allir velkomnir
Aðgangur ókeypis

Nýja svið/Litla svið

Lífsins tré
Lau 3/12 kl. 20 Su 11/12 kl. 20
Síðustu sýningar!

Þrjár systur e. Tsjekhov
Nemendaleikhúsið
Frumsýning su 4/12 kl. 20 UPPSELT
Þr 6/12 kl. 20 UPPS Lau 10/12 kl. 20
Su 11/12 kl. 20 Þr 13/12 kl. 20

Manntafl
Fö 9/12 kl. 20 Mi 28/12 kl. 20

Alveg brilljant skilnaður
Su 4/12 kl. 20 UPPSELT
Fi 29/12 kl. 20 AUKASÝNING
Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar!

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Lau. 3/12 örfá sæti laus. Síðasta sýning.
EDITH PIAF
Sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Vegna fjölda áskorana: Aukasýning sun. 11/12 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00 og kl. 17:00.
EDITH PIAF - söngdagskrá í tilefni 90 ára afmæli söngkonunnar
Mán. 19/12 kl. 21:00.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
BRIM
Aukasýningar lau. 3/12 örfá sæti laus, sun. 4/12 örfá sæti laus.
Allra síðustu sýningar.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Í kvöld fös. 2/12 örfá sæti laus, lau. 3/12 örfá sæti laus.
Allra síðustu sýningar. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Lau. 3/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:15 uppselt og kl. 15:30 örfá sæti laus, sun. 4/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 17:00 uppselt, þri. 6/12 kl. 10:00 uppselt, mið. 7/12 kl. 10:00 uppselt, fim. 8/12 kl. 10:00 örfá sæti laus, lau. 10/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:15 uppselt og kl. 15:30 örfá sæti laus, sun. 11/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, þri. 13/12 kl. 10:00 uppselt og kl. 11:15 uppselt, mið. 14/12 kl. 10:00 örfá sæti laus, fim. 15/12 uppselt, lau. 17/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:15 uppselt og kl. 15:30 örfá sæti laus, sun. 18/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, fim. 22/12 kl. 13:00, mið. 28/12 kl. 13:00, fim. 29/12 kl. 13:00.

LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld fös. 2/12 og 3/12 Jólahlaðborð Leikhúskjallarans. Örn Árnason, Bjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum. Örfá sæti laus.
Sun. 4/12 kl. 22:30 Sunnudagsjass Múlans - Tríó Kjartans Valdimarssonar.
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295.
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

KRINGLUKRÁIN
Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
Borðapantanir í síma 568 0878
Stuðbandalagið frá Borganesi í kvöld
www.kringlukrain.is

Sýnt í Iðnó
Gestur
lau. 3. des. kl. 17:00
Síðasta sýning fyrir jól
Frábær skemmtun fyrir alla aldurshópa

Nína og Geiri
söngbók Hallgríms Halldórssonar
2. des. Örfá sæti laus
3. des. Uppselt
4. des. Aukasýning kl: 21 jólahlaðborð hefst kl: 18
BROADWAY
☎ 5331100

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
22. sýn. 3. des. - Örfá sæti laus
23. sýn. 10. des.
24. sýn. 28. des.
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

ÉG ER MÍN EIGIN KONA
föstudagur. 2.12 ósóttir miðar í sölu
laugardagur. 3.12 uppselt
sunnudagur. 4.12 ósóttir miðar í sölu
miðvikudagur. 7.12 laus sæti
fimmtudagur. 8.12 örfá sæti
Ath. ósóttar pantanir seldar viku f. sýn.
MIÐASALA: www.midi.is og í Iðnó s. 562 9700
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar. Landsbankinn



**HARALDUR VIGNIR SVEINSSON** Nýtt verk eftir hann verður frumflutt.

# Kennt og numið

Á morgun halda kennarar Tónlistarskóla Kópavogs tónleika í Salnum og koma þar fram ásamt nemendum sínum. Meðal annars verður frumflutt nýtt verk eftir Harald Vigni Sveinbjörnsson sem heitir Dútl og er samið fyrir flautur, gítar og rafhljóð.

Það eru tónlistarkennararnir Guðrún Birgisdóttir flautuleikari og Kristinn Árnason gítarleikari sem hafa umsjón með þessum tónleikum sem hefjast klukkan 13 á morgun.

Flutt verða verk fyrir flautu og gítar eftir J.S. Bach og Nicolai Paganini, gítarkvartett eftir Praetorius, flautuhljómsveit skólans leikur Canon eftir Pachebel og síðast en ekki síst verður frumflutt nýtt rafverk eftir Harald Vigni Sveinbjörnsson sem kennir raftónlist við skólann. Þá munu yngri nemendur leika nokkur aðventulög með þeim Kristni og Guðrúnu og leynigestur kemur í heimsókn.


Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100



ÖSKUBUSKA
**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20
**TENÓRARNIR ÞRÍR - Tónleikar sun. 4. des. kl. 17**
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN


# Gæsasúpa og gullkorn rithöfunda



**ROKLAND** Hallgrímur Helgason les upp úr bók sinni þann 10. desember á Apótekinu.

„Þetta er söguleg stund í þessum geira," segir Guðvarður Gíslason á veitingastaðnum Apótekinu. Geirinn sem um ræðir er meira og minna í mótun, því þetta er í fyrsta sinn sem boðið er upp á upplestur yfir hádegisverði hérlendis. „Þetta er eiginlega byggt á breskri hefð sem kennd er við Speaker's Corner, og þekkist líka á Kaffi Viktor í Kaupmannahöfn." Á borðum verður gæsasúpa, fennelgrafinn lax, hreindýrapaté, túnfisktartar og parmaskinka, en með bækur næsta laugardag mæta Einar Kárason og Steinunn Sigurðardóttir. Þann 10. desember les Hallgrímur Helgason upp úr Roklandi og Viktor Arnar Ingólfsson upp úr glæpasögunni Aftureldingu. Þann 17. les Þórarinn Eldjárn úr ljóðabókinni Hættir og mörk og Marta María Jónasdóttir og Þóra Sigurðardóttir úr skáldsögunni Djöflatertan. „Höfundar verða viðstaddir í hádeginu, og upplesturinn hefst kl. 13.00 og stendur í klukkutíma. Fólki er frjálst að spjalla við þá að vild." Verður boðið upp á Djöflatertu þegar Marta María og Þóra lesa upp?

„Ja, í raun ættum við að hafa skífuþeyti þegar lesið er upp úr Jónsbók. Og ef til vill minnist Hallgrímur Helgason á einhvern drykk í Roklandi sem hægt væri að hafa. En það er erfiðara að finna eitthvað fyrir Sólskinshestinn hennar Steinunnar."

Nema það væri bara hrossakjöt?

„Við myndum nú ekki gera það, en kannski við höfum gæs fyrir Aftureldingu, sem fjallar um gæsaveiðimenn. Þegar við sýndum fótbolta hérna var ég til dæmis með „turkey sandwich" þegar það var landsleikur við Tyrki." Er ætlunin að halda eitthvað áfram með þetta fram á næsta ár?

„Ef vel gengur þá er ég reiðubúinn til samstarfs við hvaða útgefanda eða höfund sem er, enda eru laugardagar tilvaldir í svona nokkuð."


Live music! Leitaðu ekki langt yfir skammt... Pottþétt skemmtun í þínu hverfi!
Föstudagskvöld
Hljómsveitin 66
Spila frá kl. 23:30-3:00
Miðaverð 500,-
Laugardagskvöld
Hljómsveitin SIGNÍA
frá kl. 23:30-3:00
Carlsberg Léttöl
Frítt inn!
SPORTBAR HOLTAKRÁIN
Kirkjustétt 2-6, Grafarholti S. 567 8197
Idol á risaskjá kl. 20:30 föstudag
Boltinn á risaskjá alla helgina
Laugardagur
12:35 Liverpool - Wigan
15:00 Chelsea - Middlesbro
17:15 Man. Utd - Portsmouth
20:00 Real Madrid - Getafe
Sunnudagur
13:50 Fiorentina - Juventus
17:50 Villareal - Barcelona
Boltatilboð! Öl á 400,- á meðan leik stendur
Öl og skot á 750,- Idol
á meðan Idol stendur!
Samlokur • Pizzur • Hamborgarar • Franskar • Hlaðborð á föstudögum • Heimilismatur í miðri viku



Jólagjafir í Apótekaranum
1.899 LEÐURHANSKAR
1.135 SCHOLL GJAFASETT
1.994 PURITY HERBS GJAFASETT
1.890 NIVEA FERÐASETT FYRIR HERRA
Apótekarinn
-lyf á lægra verði!
Nóatúni 17 • Akureyri • Mjódd • Smiðjuvegi






## > Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

*Mugison: A Little Trip, Jónsi: Jónsi, KK og Ellen: Jólin eru að koma, Eminem: Curtain Call - The Hits og Johnny Cash: Ring of Fire - The Legend of Johnny Cash.*

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Deus vill koma til Íslands

Belgíska hljómsveitin Deus hefur áhuga á að halda tónleika hér á landi í mars á næsta ári. Umboðsmaður sveitarinnar er um þessar mundir að vinna í málinu, sem er á frumstigi.

Deus gaf nýverið út sína fjórðu plötu, sem ber heitið Pocket Revolution. Sveitin er um þessar mundir í tónleikaferð um Evrópu til að fylgja plötunni eftir en í mars verður glufa í dagskránni og þá vilja liðsmenn hennar nýta tækifærið og halda tónleika hér á landi.

Deus sló í gegn með sinni fyrstu plötu, Worst Case Scenario, sem kom út árið 1994. Þar var m.a. að finna lögin Suds & Soda og Hotellounge (Be the Death of Me), sem bæði nutu mikilla vinsælda. Næsta plata, In a Bar Under the Sea, kom út tveimur árum síðar og þótti heldur myrkari en frumburðurinn. Á plötunni The Ideal Crash kvað síðan við léttari og poppaðari tón en áður. Kom hún út fyrir sex árum og allar götur síðan hafa aðdáendur Deus beðið spenntir eftir nýju efni frá þessari virtu rokksveit.



## > popptextinn

*The taste of love is sweet*
*when hearts like our's meet*
*I fell for you like a child*
*oh, but the fire went wild*

*I fell in to a burning ring of fire*
*I went down,down,down*
*and the flames went higher.*
*And it burns,burns,burns*
*the ring of fire*
*the ring of fire.*

June Carter samdi lagið Ring of fire um ást sína á söngvaranum Johnny Cash.


Classic ROCK SPORTBAR Ármúli 5

Það eru **Geiri Sæm og Tryggvi Hupner** sem spila á Classic
Föstudaginn 2. og laugardaginn 3. des.





ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV





HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is


# Brjóst, viskí og flugmannahjálmur

## Goðsögnin Bob Log kemur til landsins.

Tom Waits var spurður í viðtali við Time Out í sumar hvað hann væri að hlusta á. „Wu-Tang Clan," svaraði hann. „En svo er það líka þessi gaur sem heitir Bob Log. Hefurðu heyrt um hann? Hann er lítill strákur, enginn veit hvað hann er gamall og hann er með hjálm á hausnum og er með míkrófón inni í honum og það sést ekki framan í hann. Hann spilar á gítar. Þetta er háværasta, skrítnasta tónlist sem ég hef nokkurn tímann heyrt. Maður skilur ekki eitt orð sem hann segir. Svona fólk veitir mér innblástur."

Bob Log á sér fjölda aðdáenda um allan heim og hefur slegið í gegn bæði vestanhafs og austan og er til dæmis alger goðsögn í Japan. Bob Log er mikill gítarsnillingur. Hann missti reyndar aðra höndina er hann var stráklingur. Með hjálp læknavísindanna tókst að græða á hann apahönd, og þar af leiðandi er stíll hans mjög sérstakur og persónulegur. Á meðan fætur hans djöflast við trommuleik einbeita hendurnar sér að tólf dollara gíturum og vískýflöskum, og svo kyrjar Bob kynörvandi mansöngva í gegnum símtól sem er haganlega komið fyrir inni í hjálminum.

Það eru sögur í gangi úti um allan heim um hver hann sé í raun og veru og sú nýjasta er að hann sé meðlimur úr hljómsveitinni The Strokes. Nú er þessi dularfulli náungi kominn til Íslands og heiðrar okkur með nærveru sinni á laugardagskvöld á Grand Rokki. „Við sáum hann fyrst þegar við vorum að túra í Kanada," segir Sigurður Finnsson, öðru nafni Siggi Shaker, hristuleikari hljómsveitarinnar Singapore Sling. „Hann var þá á sviði á undan okkur í Ottawa og við urðum alveg agndofa. Vorum í hláturskasti allan tímann. Svo spilaði hann ein þrjú gigg með Sling á síðustu hljómleikaferð um Bandaríkin og var þá með tvær gógó-píur með sér sem heita The Town Bikes. Þetta var svona fiftís stripparastemning." Bob er reyndar dálítið mikið fyrir nakin brjóst á sviði og hefur gert tvö myndbönd - annað heitir Boobscotch en þar dýfir íturvaxin dama brjóstinu í viskíglasið hans, og hitt heitir Clap your boobs sem útskýrir sig væntanlega sjálft. En Siggi segir að nekt sé ekkert endilega partur af tónleikunum. „Síðast sá ég hann í Japan og þá var hann búinn að tengja sig við jólaseríu. Það var mjög fallegt."





Útgáfufyrirtæki Singapore Sling, Sheptone, og tískumerkið Dead standa fyrir innflutningi á Bob Log og hafa þeir félagar hugsað sér að koma fleiri tónlistargoðum til landsins. „Við fengum til dæmis heimildarmyndina Dig sýnda á kvikmyndahátíðinni hér í haust, en hún fjallar um hljómsveitirnar Brian Jonestown Massacre og Dandy Warhols. Næst á dagskrá er að fá Brian Jonestown Massacre til að spila í Reykjavík. Vonandi gengur það upp sem fyrst." Áður en Bob Log stígur á svið á Grand Rokki mun pönksveitin Rass rugla í áhorfendum, þannig að það er um að gera að skella sér í 12 Tóna til að redda sér miða. Siggi var spurður hvort hann hefði fengið að kíkja undir hjálminn, „Já, en við gefum ekkert uppi um það," svaraði hann og glotti.

**- amb**

*Frekari upplýsingar um Bob Log er að finna á www.boblog111.com.*



# Hyggur á landvinninga í austri

Stórsveitin Benni Hemm Hemm mun gefa út samnefnda hljómplötu í byrjun næsta árs í Japan. Þar með fetar hún í fótspor Sigur Rósar, Bjarkar og Quarashi sem öll hafa gert góða hluti í austrinu þó sú síðastnefnda hafi notið hvað mestra vinsælda þar. Reyndar var Benedikt H. Hermannsson, forsprakki sveitarinnar, með báða fæturna á jörðinni þegar Fréttablaðið náði tali af honum í rokinu við Langholtskirkju. Þar var hann á leiðinni út í bakarí enda kominn hádegismatur í Sólheimabókasafni þar sem Benedikt starfar sem bókavörður í hálfu starfi.

„Þetta er ótrúlega magnað,“ sagði hann en það er P-Vine Records sem gefur plötuna út. Hann sagði að útgáfufyrirtækið ætlaði þó að fara rólega í sakirnar.

Hljómsveitin Benni Hemm Hemm er engin venjuleg hljómsveit því meðlimafjöldi fer aldrei undir níu manns en hefur mestur verið fimmtán. „Ég hef aðeins verið að reikna út ferðakostnað fyrir okkur ef við myndum fara til Japans.

Með farmiðum og gistingu á farfuglaheimilum yrði kostnaðurinn í kringum tvær milljónir,“ segir Benedikt, sem virðist þó ekki ætla láta það stöðva ferðina. „Ég ætla að þrjóskast við og rannsaka þetta eitthvað frekar,“ segir hann og því ekki loku skotið fyrir að Japanir fái heimsókn frá einhverri fjölmennustu sveit landsins.

Platan hefur gengið vel hér heima og er fyrsta upplag að klárast. Þrátt fyrir að Benedikt sé auðvitað mjög ánægður með góðar viðtökur fylgir þessari velgengni ákveðið stress því nú þarf að útvega næsta upplag. „Ég hafði alls ekki gert ráð fyrir þessu.“ ■



**BENEDIKT H. HERMANNSSON** Bókavörðurinn reynir að finna út hvernig ódýrast sé að komast til Japans en plata Benna Hemm Hemm kemur þar út í byrjun næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**DOMINGO, CARRERAS OG PAVAROTTI**

# Sameinast á ný

Ítalski hetjutenórinn Luciano Pavarotti hefur staðfest þann orðróm að hann ætli sér að endurnýja kynni sín við Jose Carreras og Placido Domingo. Verður þetta í allra síðasta skipti sem þeir koma fram saman undir heitinu „Tenórarnir þrír“.

Pavarotti, sem er sjötugur að aldri, vill láta tónleikana vera lokakaflann á löngum og farsælum ferli en hann hyggst brátt hætta að syngja opinberlega. „Ég held að við verðum að halda eina til tvo tónleika áður en yfir lýkur,“ sagði Pavarotti við fréttamenn á dögunum.










fjörið ... **Fólk** folk@frettabladid.is

HINN FULLKOMNA HELGI: BIRGITTA HAUKDAL SÖNGKONA

# *Helginni seinkað um tvo daga*

Það verður í nógu að snúast hjá söngkonunni Birgittu Haukdal. „Það sem stendur uppúr eru útgáfutónleikarnir hjá okkur í Írafári í Austurbæ á laugardaginn,“ segir hún, en þar mun sveitin afhenda ágóðann af útgáfutónleikunum sem sveitin hefur staðið fyrir í samvinnu við Íslandsbanka til styrktar Einstökum börnum.

Að sögn Birgittu nálgast þau nú óðfluga takmarkið sem þau settu sér í upphafi og segist hún vonast til að geta afhent tvær og hálfa milljón. „Það verður virkilega góð tilfinning.“ Þar með er dagskrá Birgittu ekki tæmd því daginn áður verður hún á fullu við að árita plötur og syngur auk þess á nokkrum jólatónleikum. Sunnudagur fer meira eða minna í það sama en auk alls tónleikahalds er Birgitta líka að lesa inn á teiknimynd.

„Það er náttúrlega draumur sérhvers tónlistarmanns að hafa nóg að gera,“ svarar Birgitta þegar hún er spurð hvort það sé ekkert þreytandi að eyða helgunum í stöðugt spilerí og kynningarstarf. „Mánudagar og þriðjudagar eru helgarnar hjá mér þannig að henni er eiginlega bara seinkað um tvo daga,“ segir hún og hlær.

Desember er annasamur mánuður hjá jafn vinsælum söngfuglum og Birgittu. Það gefst því lítill tími til afslöppunar og Birgitta ætlar því að nýta janúarmánuð vel og fara meðal annars í skíðaferð til Austurríkis með kærastanum sínum. „Janúar verður fjölskyldumánuður hjá mér.“ -fgg



# Þriðji hópurinn reynir fyrir sér í kvöld

Í kvöld munu sjö keppendur reyna að komast í tólf manna hópinn sem keppir í Smáralindinni. Það verður spennuþrungið andrúmsloftið á Nasa þegar keppendur stíga á svið og reyna að heilla þjóðina og dómnefndina upp úr skónum. Simmi og Jói eru sem fyrr kynnar kvöldsins en dómnefndina skipa Bubbi Morthens, Sigríður Beinteinsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson og Einar Bárðarson.



**Brynjar Örn 900 9001**
**SMS í 1918 Idol 1** Brynjar Örn mun flytja lagið Álfheiður Björk sem Eyjólfur Kristjánsson og Björn Jörundur Friðbjörnsson gerðu frægt í Landslagskeppni Stöðvar 2.



**Inga Þyrí 900 9002**
**SMS í 1918 Idol 2** Inga Þyrí kemur til með að syngja lagið Against All Odds úr samnefndri kvikmynd en höfundur lagsins er Phil Collins.



**Daníel Óliver 900 9004**
**SMS í 1918 Idol 4** Ætlar að taka Ticket to Ride eftir fjórmenningana frá Liverpool, The Beatles.



**Harpa Soffía 900 9006**
**SMS í 1918 Idol 6** Syngur lag kántrístjörnunnar Shaniu Twain, You are still the one.

**IDOL 1** **Brynjar Örn Gunnarsson** fær það erfiða hlutskipti að koma fyrstur fram. Þessi 23 ára gamli Suðurnesjamaður segir áhrifamestu bókina sem hann hafi lesið vera Hringadrottinssögu en hann vill allra helst hitta Steven Spielberg. Það kemur heim og saman við hvar Brynjar Örn sér sjálfan sig eftir fimm ár; Að vinna í Hollywood við einhverja stórmynd.

**IDOL 2** **Inga Þyrí Þórðardóttir** er önnur á sviðið en þessi 23 ára gamla Kópavogsmær er skírð í höfuðið á ömmu sinni. Hún hlustar mest á Ragnheiði Gröndal um þessar mundir en langar til að hitta Arethu Franklin. Hún hræðist tannlækna en munnurinn á henni breytti eitt sinn lífi hennar því Inga smakkaði á logandi stjörnuljósi þegar hún var lítil.

**IDOL 3** **Erla Stefánsdóttir** er þriðji keppandi kvöldsins en fyrirmyndin í lífi þessarar 22 ára gömlu Reykjavíkurmeyjar er mamma hennar enda segir Erla að mamma sín sé kjarnakvendi. Erlu dreymdi alltaf um að verða frægasta söngkona í heimi sem tæki Hollywood með trompi. Hún segir að ekkert komi í staðinn fyrir þá upplifun þegar hún fékk prinsinn sinn í fangið á fæðingardeildinni.

**IDOL 4** Hafnfirðingurinn **Daníel Óliver Sveinsson** er fjórði í röðinni. Þessi tvítugi gaflari væri alveg til í að eyða eins og einni næturstund með þokkagyðjunni Angelinu Jolie og slægi hendinni ekkert á móti því að hitta leikarana úr Friends. Farsíminn leikur stórt hlutverk í lífi Daníels sem hann segir að bjargi félagslífi sínu daglega.

**IDOL 5** **Tinna Björk Guðjónsdóttir** er yngst allra í kvöld, en þessi sextán ára gamla yngismær er frá Egilsstöðum. Hana dreymdi um að taka þátt í Eurovision þegar hún var lítil en eftir fimm ár segist hún sjá sjálfa sig upplifa annan æskudraum sem sé að klára hárgreiðslunámið. Tinna Björk heldur mikið upp á armband sem nafn hennar og vinar er grafið á.

**IDOL 6** **Harpa Soffía Einarsdóttir** er 22 ára gömul Reykjavíkurmær. Ef hún fengi að vera ein í einn dag myndi hún fara í fjallgöngu með nesti og nýja skó, leggjast svo í heitt bað með kertaljós og góða bók. Væntanlega yrðu geitungar víðs fjarri þennan ágæta dag því Harpa Soffía hræðist ekkert meira en þá.

**IDOL 7** **Angela Ingibjörg Coppola** er nítján ára gömul og er úr Reykjavík. Fyrirmyndir hennar í lífinu eru foreldrarnir en hana langar allra mest til að hitta hálfnafna sinn, bandaríska kvikmyndaleikstjórann Francis Ford Coppola. Þegar hún var lítil langaði hana til að ferðast um heiminn en mest breyttist líf hennar við að flytjast til Íslands.



**Erla Stefánsdóttir 900 9003**
**SMS í 1918 Idol 2**
Tekur lagið True Colours sem Phil Collins gerði ódauðlegt á sínum tíma.



**Tinna Björk 900 9005 SMS í 1918 Idol 5**
Tekur lag íslenska söngfuglsins Emiliönu Torrini, Sister.



**Angela Coppola 900 9007**
**SMS í 1918 Idol 7**
Flytur Because of you sem önnur Idolstjarna, Kelly Clarkson, söng.









# *Tvennir útgáfutónleikar Garðars*

Söngvarinn Garðar Thór Cortes heldur tvenna útgáfutónleika ásamt hljómsveit og strengjasveit í Grafarvogskirkju á laugardag í tilefni af sinni fyrstu plötu, Cortes.

Friðrik Karlsson mun fljúga frá London til að taka þátt í tónleikunum og Óskar Einarsson mun leika á píanó, en þeir félagar stjórnuðu upptökum á plötunni. Garðar Cortes, faðir Garðars Thórs, mun stjórna tuttugu manna strengjahljómsveit og einnig er von á góðum gestum til að taka lagið með Garðari.

Garðar segist ekki kvíða því að syngja á tvennum tónleikum í röð. „Fyrst maður getur sungið heilu óperusýningarnar sem eru þrír klukkutímar þá hlýtur þetta að vera í lagi,“ segir hann í léttum dúr.

Garðar er nýkominn frá Noregi þar sem hann söng í Rigoletto. Eftir útgáfutónleikana byrjar hann síðan að æfa fyrir Öskubusku sem verður frumsýnd í Íslensku óperunni 5. febrúar. Þar fer hann með hlutverk prinsins Don Ramiro.

Aðspurður segist Garðar vera hæstánægður með viðtökurnar við sinni fyrstu sólóplötu. „Ég er voðalega feginn að fólk skuli taka vel í þetta. Maður veit aldrei hvernig eittvað svona fer í fólk,“ segir hann.

Uppselt er á fyrri tónleikana sem hefjast klukkan 18.00 en ennþá eru laus sæti á seinni tónleikana sem byrja klukkan 21.00. Miðasala fer fram í Skífunni, í BT utan höfuðborgarsvæðisins og hjá Concert.



**Á FERÐ OG FLUGI** Söngvarinn Garðar Cortes hefur verið á ferð og flugi að undanförnu. Hann heldur tvenna útgáfutónleika í Grafarvogskirkju á laugardag.


GÍTAR TILBOÐ
Frábær gítarpakki
Fallegur Fender gítar fánalegur í 3 litum Natural, Sunburst og svörtum. Pakkinn inniheldur: Gítarstilli, strengir, neglur og axlaról
Fender
PHOSPHOR BRONZE
ACOUSTIC
Lærðu á kassagitarinn!
kassagitarinn
ACOUSTIC GUITAR
WITH KEITH WYATT
DVD
FYLGIR
2.999
14.999
Ég fer strax að æfa jólalögin!
BT
Á betra verði í BT!
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

ÍRAFÁR
ÁRITA
Í KRINGLUNNI
Í DAG KL. 17




BaseCamp

Úrvalið er í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N

Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is




# PASSAÐU ÞIG!

Sjö slagarar sem þú getur fengið á heilann

Það getur verið hægara sagt en gert að losna við lög sem þú færð á heilann. Poppslagararnir eru margir sem hljóma á öldum ljósvakans en þegar eitt lag nær að síast inn þá er það komið til að vera, hvort sem þér líkar betur eða verr. Fréttablaðið gerði lista yfir sjö grípandi lög sem miklar líkur eru á að þú sért annað hvort með á heilanum núna eða eigir eftir að fá á heilann á næstunni. Oftast er það þannig að þú þolir ekki lögin sem þú færð á heilann en við látum lesendum eftir að ákveða hvort sú sé raunin með eftirtöld lög. Textabrot og nöfn „sökudólganna“ eru látin fylgja með.

## Jólahjól - Sniglabandið

Íslenska jólalagið númer eitt. Sumir elska það, aðrir hata það. Einhverjir elska líka að hata það: „Undir jólahjólatré er pakki. Undir jólahjólatré er voðalega stóóór pakkiiiii.“
Lag og texti: Skúli Gautason.



## Nine Million Bycicles - Katie Melua

Margir eiga eftir að raula þetta á tónleikum hennar í Höllinni á næsta ári: „There are nine million bycicles in Bejing.“
Lag og texti: Katie Melua.

## Hung Up - Madonna



Í þessu lagi af nýjustu plötu Madonnu notar hún hljóðbút úr ABBA-laginu vinsæla Gimme Gimme Gimme. Grípandi, ekki satt?: „Every little thing that you say I do, I´m hung up, I´m hung up on you.“
Lag og texti: Madonna, Stuart Price, B. Andersson og B. Ulvaeus.



## I Like to Teach the World to Sing - The Hillside Singers

Hver kannast ekki við þetta lag úr kókauglýsingunni vinsælu? Hipparnir náðu vel saman í brekkunni með friðarljósin og sungu á ódauðlegan hátt...: „Grow appletrees and honeybees and snowwhite turtledoves.“
Lag og texti: Roger Cook og Roger Greenaway.

## Undir þínum áhrifum - Sálin hans Jóns míns



Hörkuslagari af nýjustu plötu Sálarinnar sem límist gjörsamlega við heilabörkinn: „Ég er undir þínum áhrifum í dag og verð áfram, enginn vafi er um það.“
Lag: Guðmundur Jónsson. Texti: Stefán Hilmarsson.

## Last Christmas - Wham!

Vafalítið hafa einhverjir fengið leið á þessum gullmola frá Wham! Við hin syngjum bara með: „Last Christmas I gave you my heart, but the very next day you gave it away.“
Lag og texti: George Michael og Andrew Ridgeley.





## Hún - Skítamórall

Erfitt að losna við þetta úr hausnum. Skítamórall eins og hann gerist bestur: „Hún, hún tendraði ljósið, hún tendraði ljósið þegar dimmast var.“
Lag: Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson. Texti: Andrea Gylfadóttir.

SONY

# Allt þetta

## í einum pakka




KLVS32A10
**SONY 32"LCD SJÓNVARP**

- 32" LCD sjónvarp
- 1366x768 pixel Upplausn
- Contrast 1000:1
- Birta 500 cd/m2
- Borðstandur (hægt að snúa)
- High Definition Ready

**Verð áður**
**219.950 krónur**

**Skýrari mynd en þú átt að venjast ...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.**



HTSS600
**SONY HEIMABÍÓ**

**Kaupauki**

- Útvarpsmagnari 600W RMS
- S-Master Digital magnari
- Dolby Digital,DTS,Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Bassahátalari

**Verð áður**
**49.950 krónur**



DVP-NS360
**SONY DVD SPILARI**

**Kaupauki**

- Spilar R-1,R-2 (sjónvarp þarf að styðja NTSC)
- Spilar CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JEPG DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS

**Verð áður**
**12.950 krónur**

**Heildarpakkinn!**
**18.329 kr.**
**á mánuði* í 12 mánuði**
**eða 219.950 krónur staðgreitt.**

Listaverð 282.850 krónur

like.no.other™

BaseCamp

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

**Sony Center**

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

SIGN BLOGGAR FRÁ TÓNLEIKAFERÐ SINNI UM LANDIÐ

# *Herjólfur snýr maganum á hvolf*



Rosalega var fínt að komast aðeins í höfuðborgina í fyrradag. Sofa í alvöru rúmi, kyssa stelpur og endurnýja græjurnar. Það þurfti að kaupa fleiri kjuða, simbala, strengi og laga fetilinn sem brotnaði svo eftirminnilega í miðju lagi á Akureyri. Bakið er líka í fínu skapi enda kunna bök því illa þegar þau eru þvinguð í sirkus-fimleikastellingar bara til þess eins að geta „sofið“ eins og við höfum gert svo mikið af í „rútunni“.

Ég er hins vegar ekki jafn hress með að vera að fara til Vestmannaeyja með Herjólfi. Síðast þegar ég fór með „dallinum“ varð ég svo hrikalega sjóveikur að hamborgarinn sem ég skóflaði í mig rétt áður kom öfugur upp. Sjóveiki er það allra versta sem hefur komið fyrir mig. Hún er verri heldur en þynnkan sem ég upplifði á mínu fyrsta fylleríi í klefanum á lögreglustöðinni í Hafnarfirði. Þá drapst ég niðri í bæ og ældi allt út sem hægt var að æla út, líka löggubílinn sem keyrði mig upp á stöð. Ég kastaði jafnmikið upp í „dallinum“ en það var samt öðruvísi. Ég spurði sjálfan mig með grátstafinn í kverkunum hvort ég gæti ekki bara hoppað út í sjó. Ég svaraði sjálfum mér játandi en vildi gefa þessu tíu mínútur. Viti menn, ég var kominn í land átta mínútum eftir að ég vildi stökkva fyrir borð. Þegar ég var kominn á þurrt lofaði ég sjálfum mér að fara **ALDREI** aftur um borð í þennan „dall“ og hefur tekist að standa við það hingað til. Bakkaflug tekur ekki nema tvær mínútur á meðan þrír tímarnir sem ég var síðast í „dallinum“ tóku tvö ár. Ég fæ víst ekki að standa við loforðið mitt því að Herjólfur er það eina í stöðunni fyrir okkur núna. Það verður að viðurkennast að aldrei hef ég lagt jafnmikið á mig fyrir rokkið og núna. **Egill.**




## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tom Cruise getur varla beðið eftir að Katie Holmes eignist frumburð þeirra skötuhjúa. Ástæðan ku vera að stórstjarnan hlakkar til að skipta á bleyuðu barninu. Cruise og Holmes ætla að ganga í það heilaga þegar barnið er komið í heiminn og Tom hyggst hella sér af fullum krafti út í föðurhlutverkið. „Þetta er ótrúlega spennandi, ég get varla beðið eftir að skipta á barninu og fá upplifunina beint í æð,“ sagði Cruise við blaðamenn á dögunum.



Pete Doherty, söngvari hljómsveitarinnar Babyshambles og fyrrverandi kærasti Kate Moss, segir ástæðu þess að Kate hafi hætt með honum vera einfaldlega þá að hann sé ekki nógu vel vaxinn niður. „Ástæðan fyrir sambandsslitunum er sú að ég hef ekki efni á að kaupa handa henni demanta auk þess sem ég er með lítinn félaga.“



Leikarinn góðkunni Will Smith mun bráðlega leika í kvikmynd sem fjallar um ofurhetju sem upplifir þá sálarkreppu sem fylgir því að komast á miðjan aldur. Myndinni verður leikstýrt af Jonathan Mostow. Smith lauk nýverið við mynd þar sem hann lék á móti syni sínum Jaden og leikkonunni góðkunnu Thandie Newton. Sú mynd, sem fengið hefur heitið The Pursuit of Happiness, kemur út á næsta ári.



Hótelerfinginn Paris Hilton hefur ákveðið að giftast gríska útgerðarmanninum Stavros Niarchos á Hawaii um jólin. Paris hætti með Grikkjanum Paris Latsis, sem einnig er útgerðarmaður, fyrr á þessu ári. Hefur hún boðið allri fjölskyldunni til Hawaii af þessu tilefni. „Við munum öll gista á Maui um jólin. Um áramótin verðum við Nicky með stóra veislu í Los Angeles. Síðan förum við á skíði eftir áramót,“ sagði Paris hæstánægð.



Hljómsveitirnar Black Sabbath og Sex Pistols fá inngöngu í frægðarhöll rokksins í mars á næsta ári. Einnig munu Blondie, Lynyrd Skynyrd og djassistinn Miles Davis fá inngöngu. Til þess að koma til greina í frægðarhöllina þurfa að vera liðin 25 ár frá útgáfu fyrstu plötu listamanns.

Um 700 einstaklingar í tónlistargeiranum velja þá sem fá inngöngu í höllina.



# TILBOÐ UM VAXTALAUSA GREIÐSLUDREIFINGU FRAMLENGT TIL ÁRAMÓTA!

VIÐ BJÓÐUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR VAXTALAUSA GREIÐSLUDREIFINGU
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI - OG FYRSTA GREIÐSLA Í FEBRÚAR 2006

FABRIKAN

TEKK COMPANY

OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA KL.10-18, LAUGARDAGA KL.10-18 OG SUNNUDAGA KL. 13-18

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS









## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan Keira Knightley gerir sér grein fyrir því að hennnar unglega útlit muni ekki endast að eilífu. Hin kynþokkafulla Knightley hefur látið hafa eftir sér að líklega verði hún búin að fara í ótal fegrunaraðgerðir eftir nokkur ár. „Eftir fimm ár mun ég líklega vera búin að fara í botox-sprautur og andlitslyftingar. Ég veit að útlitið endist ekki að eilífu," segir hún.

Að sögn götublaðsins The Sun gerði lögregla húsleit hjá söngvaranum Michael Jackson í gær og fann meðal annars leifar af kókaíni í náttfötum poppstjörnunnar. Ástæða rannsóknarinnar er sú, að sögn blaðsins, að Jackson er sakaður um að misnota verkjalyf og smygla þeim á milli landa í farangri sínum. Lögregluyfirvöld hafi ástæðu til að ætla að Jackson hafi verið háður verkjalyfjum í langan tíma og því hafi þau gripið til þess ráðs að leita á heimili kappans.



Ofurfyrirsætan Cindy Crawford hefur sagt að hún hafi næstum hætt við að gerast fyrirsæta eftir að hafa orðið vitni að óhófi fyrirsæta og ljósmyndara í sinni fyrstu ferð til Evrópu. „Ég og fleiri fyrirsætur vorum að snæða kvöldverð ásamt ljósmyndurum og sum þeirra voru að sniffa kókaín fyrir framan alla. Ein fyrirsætan klöngraðist upp á borð og fór úr nærbuxunum fyrir framan gesti staðarins. Ég varð mjög hneyksluð og hringdi í mömmu og sagði henni að ég vildi ekki halda áfram í módelbransanum."









# Ekkert nýtt frá James Bond

**[ TÖLVULEIKIR ]**

**[UMFJÖLLUN]**

James Bond From Russia with Love er fyrsti Bond-leikurinn sem gerður er eftir klassískri Bond-mynd. Þetta fer leiknum vel en allt útlit hans, föt, bílar og byggingar eru í stíl sjöunda áratugarins. Sjálfur Sean Connery ljáir leiknum rödd sína og andlit sem spillir ekki fyrir stemmingunni en söngkonan Natasha Bedingfield fer í hlutverk Bond-stúlkunnar.

Leikurinn byggir á söguþræði myndarinnar en bætir við fjölda atriða sem falla vel að þræðinum og eru góð viðbót. From Russia with Love er blanda af hasar-, skot- og bílaleik, þar sem leikmenn ferðast víða og þurfa að skjóta á óvinina með einhverjum af vopnum leiksins. Þar á meðal eru skammbyssa, haglari, vélbyssur og svo auðvitað hin ómissandi sprengjuvarpa. Auk vopna getur Bond nýtt hinar ýmsu græjur og er hann til dæmis með úr sem skýtur geisla, skjalatösku sem er hægt að breyta í öfluga vélbyssu og ermahnappa sem senda frá sér hátíðnihljóð til að trufla óvinina. Á hverju borði leiksins safna leikmenn stigum sem hægt er að nota síðar til að uppfæra vopn og græjur til þess að þau verði öflugri. Ein græja sem menn þekkja úr myndinni er einnig notuð mikið í leiknum, en það er eldflaugabakpoki sem Bond notar til að svífa um á en þau atriði leiksins eru vel heppnuð. Bílaatriði leiksins eru vönduð, enda notuð sama grafíkvél og er í Need for Speed-leikjunum. Bond þarf að bruna um ýmis svæði en bílinn er með vélbyssur og sprengjur.

Leikurinn er spilaður í þriðju persónu og gengur vel upp en leikurinn minnir mikið á Bond-leikinn Everything or Nothing í spilun. Auk þess að spila einn í gegnum söguþráðinn geta leikmenn spilað allt að fjórir saman í fjölspilunarmöguleika, og getur það orðið sæmilega fjörugt en langt frá þvi að vera fullkomið. Leikurinn hefði mátt vera lengri og einnig hefði mátt fara nýjar leiðir en Bond-leikirnir hafa staðnað töluvert. Þeir sem hafa gaman af James Bond eiga eftir að skemmta sér konunglega í From Russia with Love, aðrir ættu að leita á önnur mið. Bond hefur engu gleymt en hefur heldur ekki lært neitt nýtt.

**Ólafur Þór Jóelsson**
**Sverrir Bergmann**




**JAMES BOND: FROM RUSSIA WITH LOVE**

X - BOX, PS2 OG GAMECUBE

**Aldurstakmark:** 16 ára
**Niðurstaða:** Ágætis hasarleikur fyrir aðdáendur James Bond. Aðrir ættu að leita á önnur mið.



# Tekur trompetið fram

Bjarni Arason heldur útgáfutónleika á Nasa á mánudag. Með honum á sviðinu verður níu manna stórsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar. Sérstakir gestir verða Raggi Bjarna og Björn Jörundur Friðbjörnsson.

Bjarni Ara gaf nýverið út plötuna Svíng þar sem hann syngur þekkt íslensk og erlend dægurlög, sem sett hafa verið í nýjan búning. „Ég leitaðist við að taka lög sem voru þekkt fyrir að vera í öðrum búningi og snúa þeim í stórsveitarstíl,“ sagði Bjarni Ara. Bjarni segist lengi hafa heillast af svokallaðri bigband-tónlist. „Áður en ég byrjaði að syngja spilaði ég sjálfur í bigbandi á trompet. Þannig að þetta er svona „back to the basics“ núna. Ég hef alltaf heillast af þessari músík og það er ekkert nýtt.“

Tónleikarnir á mánudag hefjast klukkan 21.00. Miðaverð er 1500 krónur og fer miðasala fram í Skífunni og á midi.is Þess má geta að tónleikarnir verða teknir upp fyrir Stöð 2 og sýndir á nýársdag. ■



**BJARNI ARASON** Bjarni Ara spilaði á trompet og var í bigbandi á sínum æskuárum.




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonan Madonna hefur jafnað met Elvis Presley varðandi flestar smáskífur sem náð hafa á topp tíu lista Billboard-listans. Þau hafa nú bæði gefið út 36 smáskífur sem náð hafa inn á topp tíu listann. Það tók Madonnu 21 ár að ná þesum árangri en Elvis Presley náði sama árangri á um 16 árum.







## Garðar í biðstöðu

Ekkert hefur gerst í málum Garðars Gunnlaugssonar síðustu daga þar sem milligöngumaðurinn í samskiptum Vals og Dunfermline, Kenny Moyes, fékk slæma sýkingu á dögunum og liggur því á spítala þessa dagana. Hann er bróðir David Moyes, stjóra Everton, og sá á sínum tíma um mál bræðra Garðars, Arnars og Bjarka.

**sport**

sport@frettabladid.is

HERMANN HREIÐARSSON OG FÉLAGAR HJÁ CHARLTON: ÚR LEIK Í ENSKA DEILDABIKARNUM

# *Það rauk úr hausnum á mér eftir leikinn*

Hermann Hreiðarsson segir það vera með ólíkindum hvernig hann og félagar hans hjá Charlton fóru að því að tapa leiknum gegn Blackburn í sextán liða úrslitum enska deildarbikarsins í fyrradag. Charlton komst í 2-0 fljótlega í síðari hálfleik en á síðustu tuttugu mínútunum náði Blackburn að skora þrívegis og tryggja sig áfram í átta liða úrslitin. „Ég spurði mig oft að því eftir að ég kom heim hvernig í ósköpunum við fórum að því að tapa þessum leik," sagði Hermann hundsvekktur við Fréttablaðið í gær.

Alan Curbishley, stjóri Charlton, var harðorður í garð leikmanna sinna eftir leikinn. „Ég hef beðið þá um að halda hreinu en með svona varnarleik mun það ekki gerast. Einstaklingarnir inni á vellinum halda áfram að bregðast mér. Ég mun ekki líða þetta mikið lengur," sagði Curbishley við fjölmiðla eftir leikinn. Hermann segir að Curbishley hafi vissulega verið öskuvondur inni í klefa eftir leikinn. „En ég tók lítið sem ekkert eftir því þar sem það sauð svo í hausnum á mér sjálfum," segir Hermann en Charlton hefur nú tapað fimm leikjum í röð.



„Fyrsta markið hjá þeim var pot og annað markið kom eftir að einn leikmanna okkar hafði misst boltann nálægt miðlínu. Þar kom David Thompson aðvífandi, tók hann í fyrsta af fjörutíu metra færi og boltinn endaði í samskeytunum. Þá hugsaði ég: „Jæja, svona ætlar þetta að vera í dag - það má ekki einu sinni gera mistök fjörutíu metra frá markinu. Í þriðja markinu náðu þeir að stela boltanum af einum varnarmanna okkar og skoruðu upp úr því. Þeir skoruðu öll sín mörk eftir mistök okkar en þess fyrir utan þurfti Dean Kiely markvörður varla að verja skot," segir Hermann. „Annars spiluðum við okkar besta leik í langan tíma og lékum eins og við gerðum í fyrstu leikjum tímabilsins. Við áttum ekki skilið að tapa," bætti Hermann við.

## > Mál skýrast í dag

Stjórn knattspyrnudeildar Þróttar mun funda í dag með fyrirliða meistaraflokks karla, Páli Einarssyni, en deilur á mili Atla Eðvaldssonar, þjálfara liðsins, og Páls hafa leitt til þess að staða annars hvors þeirra er í hættu. „Ég mun funda með stjórn knattspyrnudeildar um þessi mál í dag. Vonandi leysist þetta mál farsællega. Það er von mín að þetta mál leysist sem allra fyrst. Ég vil að sjálfsögðu vera áfram hjá Þrótti," sagði Páll í gær.





**ASHLEY COLE** Er sárt saknað í herbúðum Arsenal.

Ashley Cole enn meiddur:

# Ekki klár á næstunni

**FÓTBOLTI** Ashley Cole, varnarmaður Arsenal, kveðst ekki hafa hugmynd um hvenær hann verði orðinn góður af þeim meiðslum sem hafa haldið honum frá keppni frá því í október. Cole braut bein í ristinni og var skipað að hvíla sig í mánuð, en batinn hefur verið mun hægari en búist var við.

„Við metum stöðuna á tveggja vikna fresti og eins og er vantar mig ennþá töluvert upp á. Ég veit ekki hvað veldur en það tekur beinið einfaldlega sinn tíma að gróa," segir Cole, sem getur ekki einu sinni skokkað vegna sársauka. „Ég er í lyftingasalnum daglega og lyfti og hjóla til að halda mér í formi."

**- vig**

# Við vildum ekki fara heim svo við fórum í spilavítin

## Jimmy Floyd Hasselbaink talar opinskátt um spilafíkn sína og Eiðs Smára í nýrri ævisögu. Hasselbaink segir að þeir hafi báðir stjórn á spilafíkninni í dag.

**FÓTBOLTI** Hollenski framherjinn Jimmy Floyd Hasselbaink segir að hann og Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirliði íslenska landsliðsins og fyrrum samherji sinn hjá Chelsea, hafi báðir stjórn á spilafíkn sinni í dag eftir að hafa eytt háum upphæðum í spilavítunum fyrir nokkrum árum.

„Við gætum ekki verið frábrugðnari hvor öðrum í útliti, annars vegar svertingi frá Súrinam og hins vegar ljóshærður Íslendingur. En við erum ekki svo ólíkir. Við höfum gaman af því að skemmta okkur og fórum að stunda fjárhættuspil vegna vandamála með kærustur okkar. Við vildum ekki fara heim svo að við fórum í spilavítin í staðinn," segir Hasselbaink í löngu viðtali við hið virta breska blað The Guardian sem tekið var í tilefni af útgáfu ævisögu hans.

„Ég fer ennþá í spilavítin í dag en spila þá aðeins fyrir nokkur hundruð pund, hámark þúsund pund. Oftast fer ég aðeins í spilavítin til að borða góðan mat með gömlum vinum. Ég held að Eiður Smári, eins og ég, hafi stjórn á fíkninni. Hann á von á sínu þriðja barni með konu sinni og það eru spennandi tímar fram undan hjá Chelsea," segir Hasselbaink meðal annars.



**FÉLAGAR** Jimmy Floyd Hasselbaink og Eiður Smári Guðjohnsen náðu mjög vel saman, jafnt innan vallar sem utan, á þeim tíma sem þeir voru samherjar hjá Chelsea.

Fyrir nokkrum árum komust Hasselbaink, Eiður Smári og nokkrir aðrir félagar þeirra í Chelsea á forsíður gulu pressunnar í Bretlandi vegna meintrar spilafíknar sinnar og var fullyrt að Hasselbaink hefði tapað rúmum hundrað milljónum alls á meðan Eiður átti að hafa tapað tæpum fjörutíu milljónum. „Það var ekki svo mikið," segir Hasselbaink. „En ég tapaði háum upphæðum. Málið er hins vegar að mér var alveg sama. Eitt kvöldið vann ég átta milljónir í einni rúllettu og það var æðislegt. Síðan eyddi ég meira og beið eftir því að vinna meira. Þannig verður þetta að vítahring. Eitt kvöldið tapaði ég fjórum milljónum og það var þá sem ég áttaði mig á því að ég þyrfti að koma skikk á mín persónulegu mál til að vinna úr spilafíkninni. Auk þess hefur bankareikningurinn haft eitthvað að segja því hann rýrnaði stöðugt," segir Hasselbaink.

**vignir@frettabladid.is**



**CESC FABREGAS** Fabregas vill ekki sjá Arsene Wenger fara til Real Madrid.

Fabregas um stöðu Wengers:

# Arsenal betri kostur

**FÓTBOLTI** Cesc Fabregas, spænski ungmennalandsliðsmaðurinn hjá Arsenal, vonast til þess að Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, fari ekki til Real Madrid eins og orðrómur hefur verið um að undanförnu.

„Það er mikill munur á knattspyrnuumhverfinu á Spáni og á Englandi. Aðalmunurinn er þolinmæðin sem leikmönnum og þjálfurum er sýnd á Englandi, því á Spáni er strax byrjað að gagnrýna þig harðlega ef ekki gengur vel í tveimur eða þremur leikjum. Vonandi veltir Wenger þessum málum fyrir sér því hann er frábær knattspyrnustjóri sem hefur náð stórkostlegum árangri með Arsenal og verður að vera þar áfram við störf."

**- mh**






**JÓNATAN ÞÓR MAGNÚSSON** Það mun mikið mæða á Jónatani á morgun en hann er fyrirliði liðs KA.

Evrópuævintýri KA-manna heldur áfram:

# KA mætir Steaua frá Búkarest á morgun

**HANDBOLTI** KA mætir rúmenska liðinu Steaua Búkarest á morgun í Evrópukeppninni í handbolta, en liðsmenn KA hafa að undanförnu safnað peningum fyrir þátttökukostnaði í þessari keppni.

Jónatan Þór Magnússon, fyrirliði KA, segir góðan anda ríkja innan hópsins en býst við erfiðum leikjum gegn Rúmenunum. „Þetta leggst vel í okkur leikmenn. Við höfum þurft að hafa mikið fyrir því að vera með í þessari keppni. Það er ljóst að Steaua Búkarest er atvinnumannalið sem er sterkt og við þurfum að eiga góðan leik til þess að leggja það að velli. Við erum að reyna að fá fyrirtæki með okkur í að skapa góða umgjörð í kringum leikinn á morgun og það hefur gengið vel. Svo er bara að vona að fólk fjölmenni og styðji vel við bakið á okkur."

Leikurinn hefst klukkan 15.30 í KA-heimilinu á Akureyri.

**- mh**



**DJIBRIL CISSE** Hefur verið til eilífra vandræða á þessari leiktíð.

Rafael Benitez:

# Allt í góðu hjá mér og Cisse

**FÓTBOLTI** Rafael Benitez, stjóri Liverpool, segir að allt sé í fínasta lagi á milli hans og Djibril Cisse, franska framherjans hjá liðinu, sem var ekki í leikmannahópnum gegn Sunderland í ensku úrvalsdeildinni í fyrradag. Cisse var ekki ánægður með að hafa verið skipt út af í leik gegn Manchester City um síðustu helgi og var talið að hann hefði verið í agabanni gegn Sunderland. Benitez segir að svo sé þó ekki.

„Cisse var einfaldlega hvíldur. Við eigum eftir að spila marga leiki á næstunni og ég er með stóran hóp sem ég ætla að nota sem best," segir Benitez. - vig

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESMBER

29 30 1 **2** 3 4 5

**Föstudagur**

### LEIKIR

19.15 **Fylkir** og **ÍR** mætast í DHL-deild karla í Árbænum.

19.15 **Valur** og **Þór Ak.** mætast í DHL-deild karla í Laugardalshöll.

19.15 **FH** og **Vík/Fjö** mætast í DHL-deild karla í Kaplakrika.

### SJÓNVARP

18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn. Fjallað um heitustu mál dagsins.

18.12 **Sportið** á Sýn. Farið yfir íþróttafréttir dagsins.

18.30 **NFL-tilþrif** á Sýn.

19.00 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.

19.30 **Timeless** á Sýn.

20.00 **Motorworld** á Sýn.

20.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeildinni.

22.05 **Timeless** á Sýn.

02.00 **NBA** á Sýn. Bein útsending frá leik **Pheonix** og **Denver.**


GSM HEIMASÍMI INTERNET **SJÓNVARP**

Ég fæ **Sýn** á 1.990 kr. mánuði og sé öll mörkin sem liðið mitt skorar í gemsanum!

**1.990 kr.**
**Sýn á mánuði**
Allir sem skráðir eru í **Og1** fá áskrift að **Sýn** fyrir 1.990 kr. á mánuði.

**0 kr.**
**Enski boltinn í símann**
Allir sem skráðir eru í **Og1** geta valið sitt lið í Enska boltanum og séð öll mörkin sem liðið skorar í GSM-símanum fyrir **0 kr.**

**0 kr.**
**Meistaradeildin í símann**
Allir sem skráðir eru í **Og1** geta valið sitt lið í Meistaradeildinni og séð öll mörkin úr þeim riðli og úrslitakeppninni í GSM-símanum fyrir **0 kr.**

**Og1** lækkar verulega kostnað heimila sem eru með GSM áskrift, Heimasíma og Internet hjá **Og Vodafone.**

**Kynntu þér einnig ávinninginn fyrir GSM, Internet og Heimasíma.**

Og1

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE




ÍSLENSKT JÓLADAGATAL
Galdrabókin – alla daga til jóla á Stöð 2

GOTT FÓLK McCANN



**BALDUR ÓLAFSSON** Ferli hans er endanlega lokið. Hann sést hér verjast ásókn Njarðvíkingsins Friðriks Stefánssonar.

Sorgarsaga Baldurs Ólafssonar heldur áfram:

# Hefur lagt skóna á hilluna öðru sinni

**KÖRFUBOLTI** Hinn stóri og stæðilegi körfuknattleiksmaður Baldur Ólafsson hefur neyðst til þess að leggja skóna á hilluna öðru sinni, aðeins 26 ára að aldri,

Baldur lagði skóna fyrst á hilluna eftir tímabilið 2003-04 vegna verkja og tognunar í hásinum. Baldur hélt sér við líkamlega með því að stunda ólympískar lyftingar og hélt að hann væri orðinn nógu góður til þess að spila á ný. Eftir aðeins fimm leiki er hann orðinn verri en áður í fótunum og því taldi hann réttast að hætta aftur.

„Lappirnar á mér þola þetta ekki lengur,“ sagði Baldur á heimasíðu KR en hann gæti átt erfitt með að ganga ef hann passar ekki á sér fæturna.

Eins og áður segir lék Baldur fimm leiki fyrir KR í vetur og hann var með 6,4 stig að meðaltali í þessum leikjum. Hann tók þar að auki 2,8 fráköst að meðaltali og varði 1,4 skot.

- hbg








**ANTONIO CASSANO** Cassano er einn efnilegasti leikmaður Ítalíu.

Juventus vill Cassano:

## Cassano á förum frá Roma

**FÓTBOLTI** Antonio Cassano, leikmaður Roma á Ítalíu, er nú sagður á leið til Juventus en Fabio Capello, knattspyrnustjóri Juventus, vill ólmur fá hann til félagsins.

Cassano er einn besti ungi leikmaður sem komið hefur upp á Ítalíu undanfarin ár en Capello þjálfaði hann þegar han var við stjórnvölinn hjá Roma.

- mh



**HIDETOSHI NAKATA** Hefur ekki verið upp á sitt besta að undanförnu, að sögn stjóra síns.

Sam Allardyce:

## Nakata keyptur í janúar?

**FÓTBOLTI** Sam Allardyce, knattspyrnustjóri Bolton, segist ætla að bíða fram á sumar með að reyna að kaupa japanska miðjumanninn Hidetoshi Nakata til félagsins, en hann er í láni hjá liðinu um þessar mundur og verður út tímabilið. Nakata er þó samningsbundinn Fiorentina og gæti því kostað skildinginn.

„Við viljum fá hann en lykillinn í þessu er peningarnir sem Fiorentina vill fá og þeir sem við getum eytt. Við þurfum að styrkja okkur í janúar og því þurfa peningarnir fyrir honum að koma úr fjárhagsáætlunum næsta tímabils,“ segir Allardyce.



**CARLO ANCELOTTI** Ancelotti er strax farinn að huga að liðsstyrk fyrir næsta keppnistímabil.

AC Milan að styrkja hópinn:

## Lugano á leið til AC Milan

**FÓTBOLTI** Diego Lugano, leikmaður Sao Paulo í Brasilíu, er á leiðinni til ítalska stórliðsins AC Milan, en hann hefur verið undir smásjá evrópskra stórliða um nokkurt skeið.

Lugano leikur sem miðvörður en Vanderlei Luxemburgo, knattspyrnustjóri Real Madrid, hefur lengi reynt að kaupa hann. Nú hefur AC Milan tryggt sér þjónustu Lugano, en hann mun þó ekki koma til félagsins fyrr en næsta sumar.

- mh

# JÓLADAGATAL GALDRABÓKARINNAR
## - er komið í verslanir!




Dagatalið er líka borðspil!

### Galdrabókin
er æsispennandi ævintýri, þar sem birtast nornir, kengúra, rappkanína og eldspúandi dreki, í skemmtilegri atburðarás. Slástu í för með Alexander og vinum hans sem finna galdrabók og komast þannig óvænt inn í ævintýraheim. Vinirnir þurfa síðan að beita öllum ráðum til að rata heim aftur fyrir jólin. Þú getur fylgst með framvindu mála í Galdrabókinni með Galdrabókardagatalinu sem fæst í verslunum. Dagatalið er líka borðspil.

**Galdrabókin er sýnd á Stöð 2 alla daga til jóla!**

### Galdrabókin
Öll lögin úr Galdrabókinni er nú komin út á geisladiski. Diskurinn er fullur af skemmtilegum lögum sem börn og fullorðnir á öllum aldri hafa gaman af. Aukadiskur án söngs fylgir, svo að allir geta sungið með. Meðal flytjanda er Birgitta Haukdal.




2CD

**Horfðu á þættina á Stöð 2 - hlustaðu á diskinn og opnaðu dagatalið á hverjum degi til jóla!!**

BaseCamp

BaseCamp

Komið í næstu verslun ►

sena

# Bosman-dómurinn afnam þrælahald

**Bosman-dómurinn árið 1995 gjörbreytti landslaginu í Evrópuboltanum. Leikmenn höfðu verið þrælar og eign félaganna en voru nú lausir allra mála þegar samningar runnu út. Íslensk knattspyrnuhreyfing fór eigin leiðir og tók upp bótakerfi sem á enga hliðstæðu í Evrópu.**



**MAÐURINN SEM LEIKMENN EIGA MIKIÐ AÐ ÞAKKA** Jean Marc Bosman réðst gegn kerfinu og hafði sigur. Um leið breyttist landslagið í knattspyrnuheiminum algjörlega og leikmenn í dag geta gert hagstæðari samninga en ella þökk sé þessum manni sem aldrei var sérstakur knattspyrnumaður sjálfur. Það að ráðast gegn kerfinu gerði hann gjaldþrota en knattspyrnumenn komu honum til bjargar með styrkjum og góðgerðarleik.
FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Í desember 1995 féll svokallaður Bosman-dómur sem reyndist mikill örlagavaldur fyrir knattspyrnuna í Evrópu. Frjálst flæði leikmanna innan Evrópusambandsins gerði það að verkum að félög töpuðu „eignarréttinum“ á leikmönnunum og þegar samningar runnu út gátu þeir farið án allra skuldbindinga. Þeir voru ekki lengur þrælar félaganna og gátu um frjálst höfuð strokið.

Forsaga málsins er sú að belgíski leikmaðurinn Jean Marc Bosman vildi komast frá belgíska liðinu Standard Liege til fransks liðs árið 1990. Samningur Bosmans við Standard Liege var útrunninn og vildi félagið fá upphæð fyrir leikmanninn sem franska félagið var ekki tilbúið að greiða. Bosman fór í mál við belgíska liðið og fimm árum síðar úrskurðaði dómstóll Evrópusambandsins að honum hefði verið frjálst að fara því það samrýmdist reglum um frjálst flæði vinnuafls. Með öðrum orðum voru íþróttir skilgreindar eins og hver önnur atvinnustarfsemi innan Evrópusambandsins.

Forráðamenn félaga fóru á límingunum og þeir svartsýnustu héldu því fram að þetta hefði í för með sér endalok fótboltans. Hins vegar fögnuðu leikmenn um alla Evrópu. Þeir voru ekki lengur þrælar félaganna.



**UPPELDISFÉLÖGIN GRÆDDU Á GRÉTARI** Þegar Grétar Rafn Steinsson var seldur til AZ Alkmaar í Hollandi fengu bæði KS og ÍA uppeldisbætur fyrir strákinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

En knattspyrnuheimurinn var ótrúlega fljótur að aðlagast þessu nýja umhverfi sem varð til á einni nóttu. Félögin áttuðu sig strax á því að það borgaði sig að gera lengri samninga við leikmenn og greiða þeim hærri laun. Í kjölfarið kom launaskrið sem enn sér ekki fyrir endann á.

### Ísland fer eigin leiðir

Áhrif Bosman-dómsins á Íslandi voru mikil. Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, segir helstu afleiðinguna hafa verið atgervisflótta íslenskra knattspyrnumanna.

„Við lok síns samningstíma gátu íslenskir leikmenn farið til útlendra félaga án greiðslu og þeir eru margir sem hafa nýtt sér það. Svo langt gekk þetta að íslenskir leikmenn fengu leiðbeiningar frá erlendum umboðsmönnum þess efnis að láta samningana renna út því þá ættu þeir meiri möguleika á að komast í atvinnumennsku. Þarna voru íslensk félög hlunnfarin um eðlilegar bætur. Þetta var mikil breyting og kom sér illa hér sem annars staðar, félögin stóðu algjörlega berskjölduð enda kom Bosman-dómurinn öllum á óvart. Eftir þetta ákvað UEFA að fylgjast betur með dómsmálum Evrópusambandsins,“ segir Geir.

Þar sem íslenski knattspyrnumarkaðurinn er agnarsmár á alþjóðlegan mælikvarða ákvað knattspyrnuhreyfingin að fara eigin leiðir. Í þeim tilfellum þar sem samningar knattspyrnumanna renna út og þeir fara í kjölfarið á milli liða var ákveðið að taka upp „bótakerfi“ þar sem félög fá greiðslur fyrir leikmenn sem þau missa. Leikmenn falla undir stuðla sem lúta ákveðnum reglum. Hæsta greiðsla fyrir leikmann, sem er með stuðulinn 10, er 700.000 kr. Þá þarf leikmaður að vera 29 ára eða yngri, hafa leikið helming af A-landsleikjum Íslands undanfarin fjögur ár eða að minnsta kosti tuttugu A-landsleiki. Lægsti stuðull gefur 70.000 kr.

„Þótt stuðlakerfið sé ekki í takt við Bosman-dóminn er sátt um það í knattspyrnuhreyfingunni. Þetta kerfi er séríslenskt fyrirbrigði og þekkist hvergi annars staðar,“ segir Geir.

### Neikvæð umræða um Bosman-leikmenn

Eftir að Bosman-dómurinn féll var ótrúlega neikvæð umræða um þá leikmenn sem notfærðu sér rétt sinn þegar samningar runnu út og fóru til annarra liða. Þeir voru svartmálaðir í fjölmiðlum. Á sumum vígstöðvum voru viðbrögðin afar hörð.

„Allir leikmenn sem stinga af til útlanda og misnota þannig kerfið á að setja á svartan lista,“ var haft eftir einum stjórnarformanni í sænsku úrvalsdeildarfélagi á sínum tíma.

Svíinn Christer Fursth var sá fyrsti í Svþjóð sem notfærði sér Bosman-dóminn þegar hann yfirgaf Helsingborg í janúar 1997 og fór til Köln í Þýskalandi. Sænskt dagblað setti mynd af Fursth á forsíðuna undir fyrisögninni „Á svörtum lista“. Fursth fékk að heyra að hann hefði selt sig eins og hóra. Bosman varð eins konar skammaryrði og leikmenn sem „léku á kerfið“ voru litnir hornauga.

En með árunum hefur þetta viðhorf breyst og samningslausir leikmenn eru hluti af tilverunni. Nýjasta dæmið er Valsmaðurinn Baldur Aðalsteinsson. Hann nýtti sér uppsagnarákvæði í samningi við Val í þeim tilgangi einum að reyna fyrir sér í atvinnumennsku. Samningslausir íslenskir leikmenn virðast eiga auðveldara með það.

Bosman-dómurinn hefur vissulega gert smærri liðum erfiðara fyrir því þeim gengur mun verr að halda leikmönnum. Hins vegar hafa minni félögin notið góðs af því að fá „ókeypis“ samningslausa leikmenn. Góðir samningslausir leikmenn kosta hins vegar sitt því þeir fá oftar en ekki væna fúlgu við undirritun samnings.

Eitt þekktasta dæmið um „Bosman-tilfelli“ er Sol Campbell, varnarmaður Arsenal. Samningur hans við Tottenham rann út vorið 2001 en um sumarið samdi hann við Arsenal án þess að félagið þyrfti að borga krónu fyrir hann. Stuðningsmenn Tottenham kölluðu hann Júdas og Campbell varð fyrir aðkasti. Annað dæmi: Steve McManaman frá Liverpool til Real Madrid 1. júlí 1999. Stuðningsmönnum Liverpool varð ansi heitt í hamsi þegar gulldrengurinn yfirgaf Anfield.

Leikmenn sem eru á síðasta ári samnings standa vel að vígi því séu þeir virkilega góðir teygja félögin sig ansi langt í nýrri samningsgerð.

### Útistandandi kröfur vegna þjálfunarbóta

Knattspyrnusamband Evrópu hefur komið til móts við svokölluð uppeldisfélög leikmanna. Frá 1. september 2001 fá félög þjálfunar- og samstöðubætur fyrir leikmenn sem eru samningslausir en halda að þeim tíma loknum í atvinnumennsku. Í stuttu máli eiga uppeldisbætur að virka þannig að leikmaður sem alist hefur upp hjá sama félaginu til 23 ára aldurs og fer að þeim tíma í atvinnumennsku mun skila „uppeldisliði“ sínu allt að 300 þúsund evrum eða rétt tæpum 25 milljónum króna. En hefur þetta verið raunin?

„Það hefur að minnsta kosti þurft þrautsegju og þolinmæði til að innheimta þessar bætur og gengið á ýmsu. Bæturnar hafa virkað fyrir íslensk félagslið en þeim hefur gengið illa að sækja þær og kostað töluverða vinna. Nokkuð hefur verið um útistandandi kröfur. Í dag eru eitt eða tvö félög sem bíða eftir bótum,“ segir Geir.

Þegar Grétar Rafn Steinsson fór fyrst til Sviss og var svo seldur til Hollands í haust fengu ÍA og móðurfélagið KS samstöðubætur. Geir segir að í þessu tilfelli hafi þjálfunar- og samstöðubótakerfið virkað vel og bæturnar skilað sér óvenju fljótt til félaganna.

Ein afleiðing Bosman-dómsins er uppgangur umboðsmanna sem eru sakaðir um að maka krókinn og græða á tá og fingri því leikmenn ganga kaupum og sölum sem aldrei fyrr og upphæðirnar eru nánast orðnar stjarnfræðilegar. Áður fyrr sömdu félögin sín í milli um söluverð, nú hafa allir leikmenn eigin umboðsmenn.

Sænski landsliðsmaðurinn Zlatan Ibrahimovic setti umboðsmenn í ákveðið samhengi þegar hann lét hafa eftir sér þegar hann fór til Juventus á síðasta ári að „umboðsmenn eru til að selja lélega knattspyrnumenn. Stóru félögin hafa beint samband við mig.“



ÍÞRÓTTIR
**ÞORSTEINN GUNNARSSON**
Knattspyrna í nýju ljósi – 4. hluti

**NÆST:**
MEISTARADEILDIN
UMDEILD GULLNÁMA

**Heimildir:**
Guardian, Göteborgs-Posten, Independent, Dagens Nyheter, BBC, Reuters, DN, Sky News o.fl.



**GRÆDDI VEGNA BOSMAN-DÓMSINS** Sol Campbell ákvað að klára samning sinn við Tottenham og fara til annars félags án greiðslu. Fyrir vikið fékk hann mun betri laun en ef hann hefði verið seldur frá Spurs.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES





Veldu Ford 4x4 Nýtt tákn um gæði
Ford
Nýtt tákn um gæði
Komdu og skoðaðu Ford Escape 4x4 í dag
Lægsta verð á öldinni. Núna.
Kauptu í dag. Ford 4x4 á lægra verði en áður.
Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford 4x4.
GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL - gci50056
Ford Escape XLS
2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 32.400 kr.
Rekstrarleiga 49.900 kr.
Ford Escape XLT
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.120.000 kr.
Bílasamningur 37.500 kr.
Rekstrarleiga 57.700 kr.
Ford Escape XLT Sport
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.250.000 kr.
Bílasamningur 39.100 kr.
Rekstrarleiga 59.900 kr.
Ford Escape Limited
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.460.000 kr.
Bílasamningur 41.600 kr.
Rekstrarleiga 63.600 kr.
Jólatilboð Brimborgar
Jólin nálgast
Kynntu þér greiðslukjörin
Komdu í Brimborg
Þú færð að auki gæða vetrardekk frá Nokian að verðmæti 85.000 kr. með nýjum Ford Escape. Við setjum sumardekkin í farangursrýmið.
Ford Escape er í fjórum útfærslum. Tvær aflmiklar vélar eru í boði: 2,3 lítra, 153 hestafla og 3,0 lítra, V6 200 hestafla. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford Escape.
Vertu á stæðilegri bíl. Escape.
Nýr og fallegri Ford Escape. Skoðaðu vinsæla sportjeppann frá Ford. Afl, rými og ríkulegur búnaður ásamt frábærum akstursGeiginleikum og hagstæðu verði gera það að verkum að ánægðir eigendur Toyota RAV4 og Honda CR-V skipta um bíl. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford Escape. Kjörin eru góð. Þú leigir Ford Escape eða kaupir og þú færð vestrænan sportjeppa í fullri stærð. Berðu saman bíla: Ford Escape og Toyota RAV. Komdu í Brimborg, vertu á nýjum Escape á jólahátíðinni.
Jólatilboð Brimborgar
Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér lægsta verð á Ford 4x4 á þessari öld. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.
Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is
* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Baráttan skóp góðan KR-sigur

ÍR tókst ekki að leggja KR að velli á heimavelli sínum í gær, þrátt fyrir að byrja leikinn ágætlega. Lokatölur urðu 84-77, KR í hag.



OMARI WESTLEY Omari Westley lék ágætlega með KR í gær og greinilegt að hann hefur fært liðinu nauðsynlegt jafnvægi, bæði í vörn og sókn.

**KÖRFUBOLTI** „Það er algjör óþarfi fyrir okkur að vera að bíða og sjá hvernig mótherjinn ætlar sér að spila leikinn, en mér fannst við vera að gera það full mikið í fyrri hálfleik. En það er góð barátta hjá okkur og við uppskárum gríðarlega mikilvægan sigur þegar upp var staðið,“ sagði Herbert Arnarsson, þjálfari KR, í leikslok.

ÍR-ingar byrjuðu vel á heimavelli sínum í Seljaskóla í gærkvöld og náðu fljótlega 5-0 forystu strax í upphafi leiksins.

Eftir það var jafnræði með liðunum það sem eftir lifði fyrri hálfleiksins. Theo Dixon, leikmaður ÍR, lét mikið að sér kveða í fyrri hálfleik en skoraði í honum 15 stig og var að auki fastur fyrir í varnarleiknum.

Pálmi Sigurgeirsson var hins vegar án nokkurs vafa besti leikmaður KR í fyrri hálfleik og skoraði í honum 18 stig, þar af þrjár mikilvægar þriggja stiga körfur með stuttu millibili.

Staðan í hálfleik var 44-39, ÍR í vil, en í seinni hálfleik breyttist leikurinn nokkuð. Dixon og Pálmi létu lítið fyrir sér fara á meðan barátta beggja liða var í algleymingi, svolítið á kostnað gæðanna.

Bæði lið börðust vel en leikmenn KR virkuðu í betra formi og tókst að ná frumkvæðinu í leiknum og komast yfir í fyrsta skipti í leiknum, 58-57.

ÍR-ingar reyndu hvað þeir gátu að komast inn í leikinn aftur en tilviljunarkenndur sóknarleikur liðsins dugði skammt gegn grimmum varnarleik KR þar sem Fannar Ólafsson lét manna mest finna fyrir sér.

Hinn ungi og bráðefnilegi Brynjar Björnsson, sem er sautján ára gamall, skoraði tvær þriggja stiga körfur með stuttu millibili þegar skammt var eftir og tókst ÍR-ingum aldrei ógna liði KR það sem eftir lifði leiks.

Sigurviljinn var meiri hjá vesturbæjarliðinu og svo virðist sem liðið sé búið að ná nauðsynlegu jafnvægi í leik sinn, eftir ekki nóga góð byrjun.

magnush@frettabladid.is



DAVID BECKHAM Það borgar sig greinilega að vera þekktasti knattspyrnumaður heims.

David Beckham græðir á tá og fingri:

# Þénaði tæpa tvo milljarða árið 2004

**FÓTBOLTI** David Beckham er langtekjuhæsti íþróttamaður Bretlands enn eitt árið, með tekjur upp á 1.900 milljónir íslenskra króna fyrir árið 2004. Þetta kom fram í ársuppgjöri Footwork Productions, fyrirtækisins sem Beckham á og sér um öll hans fjármál. Upphæðin er tæplega helmingi hærri en hún var árið 2003 og sýnir glögglega hversu stórt vörumerki Beckham í rauninni er og hvernig það stækkar með hverju ári.

Athygli vekur að „ekki nema“ 450 milljónir má rekja til launagreiðslna frá liði hans Real Madrid, sem þýðir að langstærstur hluti upphæðarinnar er tilkomin vegna auglýsingasamninga við risafyrirtæki á borð við Adidas, Vodafone, Castrol, Gillette, Pepsi, Police-sólgleraugu og Diesel. Í ár hefur Beckham misst samninga sína við nokkur af fyrirtækjunum, meðal annars Vodafone og Pepsi, en hefur um leið skrifað undir nýjan og mun betri samning við Adidas. Þó telja fjármálasérfræðingar að Beckham muni hafa töluvert minni tekjur á árinu sem nú er senn á enda.

Samkvæmt blaðinu Sunday Times í Bretlandi voru Beckham og kona hans Victoria í 621. sæti yfir ríkustu hjón landsins árið 2004 með eignir upp á samtals 7,2 milljarða. Á ferlinum er Beckham talinn hafa samtals þénað um fimm milljarða króna. Og þau hjón lifa hátt með allar sínar tekjur því fyrir skemmstu var greint frá því að parið borgaði 47 milljónir fyrir þriggja mánaða hótelgistingu í Madríd. Það var tíminn sem tók þau að finna hentuga íbúð í borginni til að setjast að í. - vig

Iceland Express-deildin:

# Fyrsti sigur Hauka

**KÖRFUBOLTI** Haukar unnu sinn fyrsta sigur í Iceland-Express deild karla í gærkvöld þegar liðið lagði Hamar-Selfoss að velli, 92-87. Þetta var fyrsti sigur Hauka í deildinni en Höttur er nú eina liðið í deildinni sem ekki enn hefur unnið leik, en Höttur tapaði 102-66 fyrir Njarðvík í gær. - mh

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### Iceland Express-deild karla:

| | |
|---|---|
| ÍR-KR | 77-84 |

**Stig ÍR:** Theo Dixon 22, Fannar Helgason 17, Sveinbjörn Clausen 15, Ómar Örn Sævarsson 8, Eiríkur Önundarson 8, Halldór Kristmannsson 5, Ólafur J. Sigurðsson 2.

**Stig KR:** Omari Westley 21, Pálmi Sigurgeirsson 18, Níels Dungal 11, Fannar Ólafsson 11, Brynjar Björnsson 10, Skarphéðinn Ingason 4, Steinar Kaldal 1.

| | |
|---|---|
| HAMAR/SELFOSS-HAUKAR | 87-92 |
| SNÆFELL-SKALLAGRÍMUR | 75-74 |
| GRINDAVÍK-FJÖLNIR | 98-83 |
| KEFLAVÍK-ÞÓR AK. | 83-61 |
| HÖTTUR-NJARÐVÍK | 66-102 |

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| UMFN | 8 | 8 | 0 | 672:483 | 16 |
| KEFLAVÍK | 7 | 6 | 1 | 636:589 | 12 |
| GRINDAVÍK | 8 | 6 | 2 | 797:683 | 12 |
| KR | 8 | 5 | 3 | 645:584 | 10 |
| FJÖLNIR | 8 | 5 | 3 | 740:712 | 10 |
| SKALLAGRÍMUR | 8 | 4 | 4 | 624:587 | 8 |
| SNÆFELL | 8 | 4 | 4 | 740:733 | 8 |
| ÍR | 8 | 3 | 5 | 651:705 | 6 |
| ÞÓR A. | 8 | 3 | 5 | 602:677 | 6 |
| HAMAR/SELFOSS | 8 | 2 | 6 | 666:784 | 4 |
| HAUKAR | 8 | 1 | 7 | 634:699 | 2 |
| HÖTTUR | 7 | 0 | 7 | 519:690 | 0 |

### Iceland Express-deild kvk:

| | |
|---|---|
| HAUKAR-KR | 110-66 |

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| GRINDAVÍK | 7 | 6 | 1 | 598:432 | 12 |
| KEFLAVÍK | 8 | 6 | 2 | 744:482 | 12 |
| HAUKAR | 6 | 5 | 1 | 498:324 | 10 |
| ÍS | 7 | 3 | 4 | 462:477 | 6 |
| KR | 8 | 1 | 7 | 389:744 | 2 |
| BREIÐABLIK | 8 | 1 | 7 | 467:699 | 2 |





Nammibarinn

20% afsláttur á nammibarnum í Dýraríkinu Skútuvogi alla laugardaga




Opið alla daga vikunnar frá kl. 9 til 21 í Dýraríkinu Blómavalshúsinu Skútuvogi



DÝRARÍKIÐ

Grensásvegi s:5686668

Skútuvogi 16 s:5680020 - Akureyri s:4612540 - www.dyrarikid.is

Síminn

# The Shneedles

# MIÐASALA ER HAFIN!

**Númeruð sæti, en sama miðaverð alls staðar. Aðeins 500 miðar í boði!**
**Vegleg gjafaumslög fáanleg á öllum sölustöðum.**




event

**HVAÐ:** The Shneedles **HVAR:** Austurbæjarbíói **HVENÆR:** Föstudaginn 27. janúar kl. 20:00 **SÖLUSTAÐIR: Reykjavík:** Í verslunum Skífunnar, Laugavegi, Kringlunni og Smáralind. **Akureyri**: Verslun BT. **Selfossi**: Verslun BT **MIÐAVERÐ:** Aðeins 2.800 + miðagjald fyrir fullorðna og aðeins 1.900 + miðagjald fyrir yngri en 16 ára. Ódýrara miðaverð aðeins fáanlegt á sölustöðum, ekki á interneti. **SÍMAAFSLÁTTUR:** Til að fá 20% afsláttinn þarftu að fara í eina af verslunum Skífunnar eða BT á Akureyri eða á Selfossi og sýna skjá GSM símans þíns. Út á hvern síma er að hámarki hægt að kaupa tvo miða með afslætti.

***ATH:*** *Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:
**midi.is**
NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.**event**.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Forgive me, Majesty. I am a vulgar man! But I assure you, my music is not.“**

**Svar:** Mozart úr kvikmyndinni Amadeus frá árinu 1984

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ Bergsteinn Sigurðsson verður límdur við skjáinn annað kvöld.

# *Popp og kók og píslarsaga Krists*

Íbúðin er orðin spikk og span eftir að ég skúraði allt tilfinningaklámið sem vall af sjónvarpsskjánum á stofugólfið í Piparsveininum í gær. Þegar ég skipti yfir á Sirkus var Ástarfleyið nýsokkið en með minni heppni mun Valdimar Örn Flygenring skríða sjóblautur á Kallakaffi í tæka tíð fyrir sunnudagskvöld.

Það er hins vegar frábært laugardagskvöld framundan og ég legg til, lesandi góður, að þú farir að mínu ráði og birgir þig upp af poppi. Að lokinni Spaugstofu ætla ég vitaskuld að horfa á Það var lagið með Hemma Gunn og í beinu framhaldi á rómantísku gamanmyndina Með vor í hjarta með honum Colin Firth úr Bridget Jones-myndunum. Þá geri ég ráð fyrir að vera kominn í gírinn



fyrir Píslarsögu Krists sem er sögð vera stórmynd eftir Mel Gibson. Ég hef ekki séð hana en mér finnst bæði Lethal Weapon-myndirnar og Braveheart frábærar svo ég á von flottri ræmu. Sjáum til hvort ég hafi orku í myndina Úr bæ í borg sem í Séð og heyrt er lýst sem „pottþéttri gamanmynd“. Ekki skrökvar Kristján Þorvaldsson.

Ég fór að sjá Harry Potter og eldbikarinn í bíó og hjó eftir því hvað hún var illa þýdd. Það er leti að fletta ekki upp í bókunum til að athuga heiti á hinum og þessum forynjum en láta enskuna standa. Þetta minnti mig á hversu mikilvægt starf þýðendur sjónvarpsefnis vinna, því þorri lesefnis margra er texti á sjónvarpsskjá. Ólafur B. Guðnason fer oft á kostum í þýðingum á Simpsons-þáttunum og gerir brandarana jafnvel betri eftir að hafa snarað þeim yfir á ástkæra ylhýra. Mér er líka minnisstæð nýyrðasmíð, sem mig minnir að Guðni Kolbeinsson hafi átt heiðurinn af, að kalla diet-coke horkóla. Einhverra hluta vegna hefur þetta orð þó ekki fest sig í sessi.



▶ 23.45 *Bíó*

BEND IT LIKE BECKHAM



▶ 21.30 *Gaman*

PUNK'D



▶ 21.15 *Heimildamynd*

SPELLBOUND



▶ 20.00 *Keppni*

SPURNINGAÞÁTTURINN SPARK



▶ 22.05 *Bílar*

FIFTH GEAR

### SJÓNVARPIÐ

**17.00** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (1:24) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **17.55** Tobbi tvisvar (14:26) **18.20** Fjársjóðsleitin (2:6)

**18.50 Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (2:24)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Latibær**
**20.40 Tíska og tónar** (Fashion Rocks) Upptaka frá fjáröflunarsamkomu í Monte Carlo fyrir góðgerðarsjóð Karls Bretaprins.
**22.05 Sér grefur gröf...** (Happy Now) Bresk bíómynd frá 2001. Morðingja velskrar fegurðardísar bregður í brún 14 árum eftir morðið þegar hann sér unglingsstúlku nauðalíka hinni látnu. Leikstjóri er Philippa Collie-Cousins og meðal leikenda eru Ioan Gruffudd, Susan Lynch, Om Puri og Emmy Rossum.

▶ **23.45** Með Beckham-snúningi **1.35** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (12:145) **10.20** Ísland í bítið **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005

**13.05** Joey **13.35** George Lopez **14.00** Night Court **14.25** Fresh Prince of Bel Air **14.50** Entourage **15.15** Apprentice 3, The **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Galdrabókin (2:24)**
**20.10 Arrested Development (17:22)** (Tómir asnar)
**20.40 Idol – Stjörnuleit 3** (Stúdíó / NASA – 3. hópur) Nú taka leikar að æsast í Idol-Stjörnuleitinni. Þrjátíu og fimm manna úrslit standa nú yfir á NASA.
▶ **21.30 Punk'd (3:16)** Grallaraspóinn og kyntáknið Ashton Kutcher heldur uppteknum hætti við að hrella fínu og frægu vini sína í Hollywood.
**22.00 Idol – Stjörnuleit 3** (Stúdíó / NASA – Atkvæðagreiðsla um 3. hóp)
**22.25 Listen Up (7:22)** (Takið eftir) Nýir gamanþættir.
**22.50 Blue Collar TV (16:32)** (Grínsmiðjan) Bráðskemmtilegir grínþættir.

**23.15** Frank McKlusky, C.I. **0.40** Some Girl (B. börnum) **2.05** King of the Hill (B. börnum) **3.45** Series 7: The Contenders (Str. b. börnum) **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Laguna Beach (9:11)**
**19.30 Idol extra 2005/2006**
**20.00 Sirkus RVK (5:30)**
**20.30 Joan Of Arcadia (22:23)** (Gift) Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann.
▶ **21.15 Spellbound** Heimildarmynd sem fjallar um 8 ungmenni og undirbúning þeirra fyrir stafsetningarkeppni sem er sjónvarpað um öll Bandaríkin. Fylgst er með hvernig krakkarnir búa sig undir keppnina eins og hver annar íþróttamaður á leið á stórmót. Leikstjóri: Jeffrey Blitz. 2002.
**22.55 Weeds (9:10)** (Punishment Lighter)

**23.30** Ford-fyrsætukeppnin 2005 **0.00** HEX (9:19) **0.45** David Letterman **1.30** David Letterman

### SKJÁREINN

**17.25** Cheers **17.50** Upphitun **18.20** Íslenski bachelorinn (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 The King of Queens (e)**
▶ **20.00 Spurningaþátturinn Spark** Spark er splunkunýr spurningaþáttur um fótbolta og fótboltatengt efni. Höfundur spurninga og spyrill er Stefán Pálsson og með honum sem spyrill og sérlegur stuðbolti er Þórhallur Dan, knattspyrnukappi með meiru.
**20.35 Charmed** Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir.
**21.20 Complete Savages**
**21.45 Ripley's Believe it or not!**
**22.30 The Grubbs** Í Grubb-fjölskyldunni eru eintómir minnipokamenn, margar kynslóðir aftur í tímann.

**23.00** Battlestar Galactica **23.45** Íslenski bachelorinn (e) **0.40** Silvía Nótt (e) **1.05** New Tricks (e) **2.00** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 NFL-tilþrif**
**19.00 Gillette-sportpakkinn** Íþróttir í lofti, láði og legi.
**19.30 Timeless** (Íþróttahetjur) Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum.
**20.00 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
**20.25 UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur)
**20.50 And They Walked Away** (Sloppið naumlega) Þeir sem fylgjast með bifreiðaíþróttum vita að þær eru ekki hættulausar.
▶ **22.05 Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð.
**22.30 World Poker Tour 2** (HM í póker)(World Poker Tour 2 – Hollywood Ho)

**0.00** NBA TV Daily 2005/2006 **2.00** NBA TV Daily 2005/2006

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Black Knight **8.00** Clockstoppers **10.00** Men in Black II **12.00** The Associate **14.00** Black Knight **16.00** Clockstoppers **18.00** Men in Black II **20.00 The Associate** (Meðeigandinn) Laurel Ayres vinnur hjá verðbréfafyrirtæki þar sem allir karlmennirnir í kringum hana fá launahækkanir en ekki hún. **22.00 25th Hour** (Á leið í grjótið) Monty Brogan var gripinn fyrir að sýsla með heróín. Bönnuð börnum. **0.10** Green Dragon (B. börnum) **2.00** Ash Wednesday (Str. b. börnum) **4.00** 25th Hour (B. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Hottest Celebrity Bodies **15.00** 101 Hottest Celebrity Bodies **16.00** 101 Hottest Celebrity Bodies **17.00** 101 Hottest Celebrity Bodies **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** The Soup UK **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** The Soup UK **1.00** Rich Kids: Cattle Drive **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Middlesbrough – WBA frá 28.11 **16.00** West Ham – Man. Utd frá 27.11 **18.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)

**19.00 Upphitun**
**19.30 Spurningaþátturinn Spark (e)**
**20.00 Spurningaþátturinn Spark**
**20.30 Upphitun (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)**

**23.00** Upphitun (e) **23.30** Sunderland – Liverpool frá 30.11 **1.30** Dagskrárlok




LEIKIR HELGARINNAR

LAUGARDAGUR 3. DESEMBER
15.00 Liverpool – Wigan (b)
15.00 Bolton – Arsenal EB2 (b)
15.00 Newcastle – Aston Villa EB3 (b)
15.00 Tottenham – Sunderland EB4 (b)
15.00 Blackburn – Everton EB5 (b)
17.15 Man.Utd – Portsmouth (b)

SUNNUDAGUR 4. DESEMBER
16.00 Charlton – Man.City (b)

MÁNUDAGUR 5. DESEMBER
20.00 Birmingham – West Ham (b)

ÍSLANDSMET Í DESEMBER

Á TÍMABILINU 3. DESEMBER TIL 4. JANÚAR SÝNUM VIÐ YFIR 60 LEIKI Í BEINNI ÚTSENDINGU Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI

actavis hugur í heilsu
ICELANDAIR
FRJÁLSI

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 800 7000, Á WWW.ENSKI.IS EÐA Í NÆSTU VERSLUN SÍMANS.

ENSKI BOLTINN

ENNEMM / SÍA / NM19484

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Fashion Rocks** **Sjónvarpið kl. 20.40**

### *Karl efnir til tískusýningar og tónleika*



*Jeremy Irons og Jerry Hall voru kynnar fjáröflunarsamkomunnar.*

Tíska og tónar er yfirskrift upptöku frá fjáröflunarsamkomu fyrir góðgerðarsjóð Karls Bretaprins sem fram fór í Grimaldi Forum í Monte Carlo í október. Á samkomunni voru sýnd föt frá mörgum af frægustu tískuhúsum heims, meðal annars Versace, Chanel, Dolce & Gabbana, Ralph Lauren og Burberry. Auk þess stigu þekktir tónlistarmenn á svið en þeirra á meðal voru Zucchero, Jon Bon Jovi og Mariah Carey. Fyrir tveimur árum stóð góðgerðarsjóður Karls prins fyrir sams konar uppákomu í Royal Albert Hall í London og þá safnaðist meira en ein milljón punda í sjóðinn.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Birta **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**20.00** Allt og sumt e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Úr alfaraleið Lewis **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Popp og ról

**22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**▶ 21.10**
*Fréttir*

48 HOURS

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþr

**19.35** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.20.10 Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.

▶ **21.10** **48 Hours** (48 stundir) (Strange Truth) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

**21.55** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.20.10 Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Football: UEFA Cup **14.00** Bowls: Scottish International Masters Scotland **16.30** Football: Top 24 Clubs **17.00** Football: UEFA Cup **18.00** Alpine Skiing: World Cup Beaver Creek United States **19.30** Alpine Skiing: World Cup Lake Louise Canada **21.00** TNA Wrestling: USA **21.30** TNA Wrestling: USA **22.00** Football: Top 24 Clubs **22.30** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **23.00** News: Eurosportnews report **23.15** Xtreme Sports: X-games 05 **0.15** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006

**BBC PRIME**

**12.00** To the Manor Born **12.30** Dad's Army **13.00** Ballykissangel **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Bill and Ben **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Binka **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** 50/50 **16.00** How to Be a Gardener **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** The Life of Mammals **20.00** The Office **20.30** The Office **21.00** Lenny Henry in Pieces **21.30** The Way We Live Now **22.45** Black Cab **22.55** Black Cab **23.05** Cutting It **0.00** Blood of the Vikings **1.00** Journey of Life

**NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Bug Attack **14.00** Seconds From Disaster **15.00** The Day James Dean Died **16.00** Amazing Moments **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Explorations **18.30** Demolition Squad **19.00** Dangerous Encounters **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Most Amazing Moments **22.00** Most Amazing Moments **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Most Amazing Moments **1.00** Explorations **1.30** Demolition Squad

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Killing for a Living **15.00** Animal Cops Houston **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Ultimate Killers **19.30** Big Cat Diary **20.00** Animal Precinct **21.00** Miami Animal Police **22.00** Ultimate Killers **22.30** Monkey Business **23.00** Venom ER **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Animal Precinct **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**

**12.05** Mars Rocks **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Fishing on the Edge **14.00** Extreme Engineering **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** The Scrappy Races **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Brainiac **21.00** Biker Build-Off **22.00** Reel Race **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00**

**MTV**

**12.00** Making the Video **12.30** Destiny's Child Weekend Music Mix **13.00** MTV Cribs **13.30** Spring Break **14.00** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva La Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 at Ten **22.00** I Want a Famous Face **22.30** Wonder Showzen **23.00** Party Zone **0.00** Just See MTV **5.00** Just See MTV





# Loksins ilmar Prada á Íslandi

Prada ilmurinn er aðeins fáanlegur í Lyf & heilsu




Prada fæst aðeins í:

Lyf & heilsu **Kringlunni**
Lyf & heilsu **Melhaga**
Lyf & heilsu **Keflavík**

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*



## HRÓSIÐ

*...fær Inga Lísa Middleton fyrir jóladagatalið Galdrabókina.*

REYKJAVÍKURNÆTUR HÖRPU PÉTURSDÓTTUR FINNST KONUR VERA MEÐ ALLT OF MARGA KOMPLEXA.

# *Óöryggi er lítið sexí*



Við stöllurnar vorum á leiðinni út að skemmta okkur fyrir stuttu. Ein var að klæða sig og hinar að endurbæta meiköppið áður en haldið væri út. Hver á fætur annarri kom með innskot um hvað hún væri með flatan rass, hvað hún þoldi ekki magann á sér, hvað varirnar væru litlar og hvað hárið væri úfið. Eftir að hafa skotið nokkrum inn í sjálf áttaði ég mig á því að þetta var eins og heil sinfónía kvartana og við vorum allar í bandinu. Ég tók mig til og ákvað að þegja eitt augnablik og hlusta. Þetta var hrikalegt, þessar líka svakalegu skutlur töluðu eins og þær væru litlir og feitir karlar að reyna að vera kvenlegir.

Við frekari pælingar áttaði ég mig á því að við gerum þetta allar. Ég er lítið fyrir alhæfingar sem þessar en ég get svarið það að ég hef aldrei hitt konu sem er fullkomlega sátt við sjálfa sig. Það er alltaf eitthvað of þetta og of hitt. Og þessir komplexar sem við höfum allar eru svo merkilegir í okkar augum að maður leggur virkilega krók á leið sína til að enginn annar taki eftir þeim.

Ég get sagt ykkur það að minn helsti komplex er prófíllinn minn, eða vangasvipurinn. Þetta vandamál á rætur sínar að rekja til dagsins sem ég skoðaði mig fyrst vandlega á hlið. Ég hef sennilega verið um tólf ára gömul þegar atvikið átti sér stað. Alla tíð síðan hef ég vandað mig við að láta karlmenn sem mér finnst spennandi aðeins sjá beint framan í mig. Ef ég sest við borð á kaffihúsi passa ég mig á því að frá hans sjónarhorni sjái hann mig ekki í prófíl. Þetta náttúrlega jaðrar við geðveiki.

Það fyndna við þetta allt saman er að fólk sér ekki svona hluti. Hver heldur þú eiginlega að sitji og pæli í því hvað einhver sé með fyndinn prófíl? Ef karlmanni finnst kona falleg setur hann sig sjaldnast í stellingar og veltir svona hlutum fyrir sér. Nú, og ef hann gerir það er hann álíka geðveikur og konan sjálf.

Það er hins vegar staðreynd að óöryggi skín í gegn hjá fólki. Það er einmitt sá hlutur sem fólk tekur eftir. Mér finnst fátt eins lítið sexí og maður sem er óöruggur með sjálfan sig og lætur það sjást.

Oftar en ekki eru það þessir litlu vankantar sem manni þykja sjarmerandi. Þess vegna ætti fólk ekki endalaust að vera að rembast við að fela hluti sem hvort eð er enginn tekur eftir. Það skilar sér nefnilega þannig að manni finnst manneskjan minna aðlaðandi fyrir vikið frekar en hitt. Málið er að vera ánægður með það sem maður hefur og láta það sjást. Vitiði til, það virkar!

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** félagi **6** tímaeining **8** óhróður **9** gogg **11** skóli **12** dingla **14** lúkar **16** í röð **17** forskeyti **18** fiskur **20** í röð **21** samlagningarmerki.

**LÓÐRÉTT**
**1** nálægð **3** utan **4** misseristal **5** svelgur **7** óstöðuglyndur **10** hamfletta **13** prjónavarningur **15** formóðir **16** fjör **19** þreyta.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** máti, **6** ár, **8** nið, **9** nef, **11** ma, **12** dilla, **14** káeta, **16** tu, **17** sams, **18** áll, **20** lm, **21** plús. **LÓÐRÉTT: 1** nánd, **3** án, **4** tímatal, **5** iða, **7** reikull, **10** flá, **13** les, **15** amma, **16** táp, **19** lú.



**BALTASAR OG FOREST WHITAKER** Baltasar er fyrsti íslenski leikstjórinn sem boðin er þátttaka í Premier-flokki Sundance-hátíðarinnar en þar verður hann með leikstjórum á borð við Michel Gondry sem síðast gerði Eternal Sunshine of the Spotless Mind.

**A LITTLE TRIP TO HEAVEN:** Í PREMIER FLOKKINN Á SUNDANCE HÁTÍÐINNI

# Breytingar á myndinni frá Toronto

Kvikmynd Baltasars Kormáks, A Little Trip to Heaven, hefur verið valin til sýningar á Sundance-kvikmyndahátíðinni sem fram fer í Park City í Utah dagana 19.-29. janúar. Það er Sigurjón Sighvatsson sem framleiðir myndina ásamt Baltasar en Forest Whitaker og Julia Stiles leika aðalhlutverkin. Þetta er mikill heiður þar sem Sundance-hátíðin er ein sú allra stærsta í kvikmyndageiranum. Hún var stofnuð af hinum heimsfræga kvikmyndaleikara Robert Redford til að styðja við sjálfstæða kvikmyndagerð en nafnið er einmitt fengið frá einni þekktustu kvikmynd leikarans, Butch Cassidy and the Sundance Kid.

A Little Trip to Heaven var frumsýnd á Toronto-hátíðinni fyrr á þessu ári. Síðan þá hefur Baltasar verið að breyta henni lítillega en myndin fékk misjafnar viðtökur gagnrýnenda í Kanada. Baltasar sér þó ekki eftir að hafa farið með myndina á hátíðina því honum fannst mjög mikilvægt að fá viðbrögð áhorfenda úr sal. „Það voru hlutir í myndinni sem ég vildi að kæmu skýrar í gegn. Við vildum prófa hana á fólki og finna það á salnum hvernig hann tæki henni," útskýrir Baltasar og bætir jafnframt við að svona vinnuferli tíðkist erlendis en ekki sé mikil hefð fyrir þessu hér á landi.

A Little Trip verður sýnd í „Premier"-flokknum en í honum eru sýndar myndir sem mikils er ætlast til af. Í ár verða leikstjórar á borð við Wim Wenders, Michel Gondry og Jonathan Demme með myndir í þessum flokki. „Hafið var á sínum tíma í World Premierflokknum á hátíðinni en aðstandendur hennar vildu fá okkur í þennan flokk og við vildum sjálfir vera í honum," segir Baltasar en hann er fyrsti íslenski leikstjórinn sem boðin er þátttaka í þessum flokki. „Sundance-hátíðin er stærsta kvikmyndahátíð Bandaríkjanna og feikilega öflug fyrir sölu og kynningu," bætir leikstjórinn við en það var Jeff Gilmore, yfirmaður hátíðarinnar, sem kom að máli við Sigurjón eftir frumsýningu myndarinnar í Toronto og lagði til að hún yrði einnig sýnd á Sundance-hátíðinni.

Kvikmyndin verður frumsýnd hér á landi 26. desember og segist leikstjórinn vera spenntur fyrir að sýna löndum sínum afraksturinn. Hann segir pressuna ekkert meiri en venjulega en miklar væntingar eru bundnar við myndina. „Það verður gaman að sjá hvernig Íslendingar bregðast við henni en myndin er allt öðruvísi en það sem ég hef áður verið að gera."

freyrgigja@frettabladid.is

## [ VEISTU SVARIÐ ]

1 Á flugi til frelsis.
2 Hálft tonn af matvælum.
3 Roger Moore.











# Thelmu líkt við Nóbelsverðlaunahafa

Sigurganga bókarinnar Myndin af pabba - saga Thelmu heldur áfram og nær nú einnig út í heim. Sænska forlagið Bra Böcker hefur ákveðið að gefa hana út í Svíþjóð. „Við seldum hana í gær," segir Valgerður Benediktsdóttir á réttindastofu Eddu, en bókin var kynnt alþjóðlega á bókamessunni í Frankfurt. „Við höfum einnig fengið góð viðbrögð frá Danmörku og Þýskalandi. Þetta er saga sem hefur alþjóðlega skírskotun og gæti í raun gerst hvar sem er," bætir Valgerður við.

Bra böcker gefur einnig út Kristínu Marju Baldursdóttur í Svíþjóð ásamt bæði sönnum sögum og skáldsögum. Útgefandi hennar tók Thelmu fagnandi, með orðunum: „Thelma er hugrökk og andlega hvetjandi. Mér líður eins og ég sé að skrifa undir samning við Nóbelsverðlaunahafa." Eitt af því sem vakti áhuga útgefanda var að sögn Valgerðar hversu miklu bókin hefur breytt í íslensku samfélagi. „Þær hjá Stígamótum segja að fleiri þori að leita til þeirra nú en áður."

Fleiri hafa hlaðið bókina lofi. „Forstjóri barnaverndarstofu sagði í viðtali við Tímarit Morgunblaðsins að þegar hann hefði lesið bókina hefði hann verið stoltur af að hafa valið sér þetta ævistarf. Einnig lagði Karl Sigurbjörnsson biskup út frá bókinni í messu á sunnudaginn þegar hann talaði um vonina." Telma var kjörin kona ársins hjá Nýju Lífi og virðist því sem sorgarsaga hennar eigi eftir að fá hamingjusaman endi. Valgerður segir að lokum: „Bókin var ekki seld vegna þess að hún er íslensk heldur vegna þess að hún er góð bók. Það er ánægjulegt að hún skuli einnig vera að fá vængi utan landsteinanna."



**THELMA** Bók hennar og Gerðar Kristnýjar verður nú gefin út í Svíþjóð.

# KOMINN ÚT Í ÍSLENSKRI ÞÝÐINGU

Við bjóðum starfsmenn Arctic Trucks hjartanlega velkomna til samstarfs. Eins og allir jeppaáhugamenn vita, standast þeim fáir snúninginn þegar kemur að því að breyta jeppum og laga að íslenskum aðstæðum. Með samstarfi við Arctic Trucks eykst nú hróður Nissan Patrol enn frekar – enda á uppáhaldsjeppi Íslendinga aðeins það besta skilið.




## NISSAN PATROL

**Patrol 35/17 - Luxury sjálfskiptur**

**Verð 4.980.000,-**

KAUPAUKI: **100.000 kr.** GJAFABRÉF FRÁ ORMSSON

NISSAN

SKIPT_um væntingar

**35" BREYTING:**
Dick Cepek 35x12.5R17 – **Prime 17x10 álfelgur** – Átaksmælir – **Brettakantar** – Málning á brettaköntum – **Aurhlífar** Hraðamælabreytir – **Slökkvitæki** – Sjúkrakassi – **30mm hækkun á fjöðrun að framan og 37mm aftan** – Aukin spindilhalli 6,5° með breyttum stífum að framan – **Fjöðrunarsvið aukið um 40mm** – Tvöfaldur liður í drifskaft – **Sérskoðun og vigtun** – Ryðfrí grillgrind – **130W Ljóskastarar**

ARCTIC TRUCKS®
Í SAMSTARFI VIÐ NISSAN

Firon/SIA

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




BAKÞANKAR
SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

## Roludeild

Það fer að verða dálítið erfitt að halda í þá barnatrú að fólk fari út í stjórnmál til þess að láta gott af sér leiða eða til þess að laga til í óréttlátum heimi.

**ENN** einu sinni megum við horfa upp á öryrkja standa í stappi við ríkisvaldið. Nú vegna þess að ekki hefur verið staðið við samninga sem voru gerðir síðast þegar þeir stóðu í stappi við þetta sama vald. Hvers vegna þurfa öryrkjar alltaf að fara dómstólaleiðina til þess fá að halda sjálfsvirðingu sinni þrátt fyrir heilsuleysi? Hver er tilgangur ríkisvaldsins?

**ÞAÐ** er pirrandi að búa í samfélagi þar sem sífellt er verið að brjóta á réttindum og gera aðför að mannlegri reisn. Það er orðið þreytandi að hlusta á sjálfsaðdáun ráðamanna í ræðum um aukinn hagvöxt og gott gengi krónunnar þegar maður sér að það er á kostnað hinna sjúku. Fólki er fleygt út af sjúkrahúsum, dauðveiku, daginn eftir aðgerðir vegna þess að það er bara „svo“ hresst. Læknar á krabbameinsdeild eru á vakt á þremur póstum í einu, heimaþjónusta aldraðra og sjúkra er skert vegna manneklu þar sem ríkið tímir ekki að borga, farið er að stafla öldruðum upp á öldrunarheimilum, hjúkrunarfræðingar á nýrnadeild ganga út um áramótin. Samningar við ýmsa sérfræðilækna eru í uppnámi og útlit fyrir að hópar þeirra gangi fljótlega út úr heilbrigðiskerfinu.

**HVERS** vegna er ekki hægt að hafa þessa hluti í lagi? Hvers vegna er svona mikilvægt að vera eina af ríkustu þjóðum heims ef ekki er hægt að nota peningana til þess að hlúa að þeim sem hafa eytt lífinu í að leggja sitt af mörkum til samfélagsins? Og þeim sem hafa veikst eða slasast við þá iðju? Hvað er eiginlega að þessum heilbrigðisráðherra? Við fáum nánast daglega nýjar fréttir af klúðrinu sem hans ráðuneyti stendur fyrir. Búinn að koma upp dýrasta spítalabákni Evrópu þar sem verið er að veita þjónustu sem er okkur til háborinnar skammar.

**SVEI** mér ef það fer ekki að verða tímabært að opna roludeild á einhverjum spítalanum þar sem þeir daufustu úr röðum stjórnmálamanna geta fengið bót meina sinna - svo þeir endi ekki bara sem öryrkjar. Það væri nú ljótan. ■


# Til hamingju Thelma



Thelma Ásdísardóttir




„Myndin af Thelmu eins og hún er í dag: Hamingjusöm móðir, hugrökk og stolt kona: **Kona ársins.**“
*Soffía Auður Birgisdóttir, Mbl.*

„Bók sem ætti að rata til allra og vera **skyldulesning** í hvers manns húsi.“
*Vigdís Grímsdóttir, DV*

„Skilur lesandann eftir **djúpt snortinn og fullan aðdáunar af Thelmu** og baráttu hennar.“
*Birta*

„Thelma Ásdísardóttir ætti að vera **„maður ársins“** vegna hugrekkis síns að segja sögu sína ... ótrúlega áhrifarík frásögn, sem lætur engan ósnortinn. Og hefur enda haft áhrif, allt inn á borð ríkisstjórnar Íslands.“
*Karl Sigurbjörnsson, biskup*

„Thelma er mjög **hugrökk manneskja** og andlega hvetjandi. Mér líður eins og ég sé að skrifa undir samning við Nóbelsverðlaunahafa!“
*Eva Åslund, útgáfustjóri Bra böcker*

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



GALBI - RESTAURANT - GALBI
Glæsileg opnunarveisla!
Nýjir eigendur Galbi bjóða ykkur uppá einstaka austurlenska upplifun!
Veldu milli 5 aðalrétta, eða prufaðu allt í grillveislunni!
Svo eldarðu eftir þínu höfði á hitaplötu sem er á hverju borði.
20% afsláttur út desember!!!
Opið 18:00 - 22:00 & Bar opin frá 17:00 alla daga. s: 544-4448 pöntun s:867-4448

Við hornið á skúlagötu og barónstíg
Gengið inn að Fosshóteli

